Guðmundur Steingrímsson alþingismaður hóf umræðu um mjólkina á Alþingi. Hann sagði þá meðal annars: „Kerfið sem við höfum komið á um landbúnaðarframleiðslu á Íslandi er að mörgu leyti úrelt og þunglamalegt. Maður þarf ekki að lesa lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum lengi til að sannfærast um að kerfið sé úrelt. Eg held að þessu hafi verið komið á í veröld þar sem óttinn við offramleiðslu var talsverður. Offramleiðslu gætti mjög mikið á 20. öldinni.“

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra sagði á sama stað: „Á ekki samkeppni í framleiðslu, verðlagningu og sölu erindi inn á þetta svið matvælaíðnaðar eins og önnur? Alþingi svaraði þessari spurningu neitandi árið 2004 er varðar framleiðslu og verðlagningu á hluta mjólkuriðnaðarins svo að það sé nú líka tekið fram að það eru ekki allar vörur á markaði. Við skulum sjá hver niðurstaðan verður. Ég vil þó nefna að ég styð ekki brot á samkeppnislögum, hvorki í mjólkuriðnaði né á nokkru öðru sviði, en ég vil ítreka að kerfið er í skoðun og komi í ljós að úr þurfi að bæta mun þingið og ráðuneytið og sá er hér stendur væntanlega taka á því.“

Af öllum þeim sem verja núverandi fyrirkomulag er Sigurður Ingi kannski málefnalegastur. Hann ræður miklu og í krafti valdsins ætlar hann að láta meta stöðuna, hvort ekki sé tími til kominn að aflétta undanþágu Mjólkursamsölu frá samkeppnislögum.

Kúabændur verjast umræðunni. Þeir hafa auglýst að MS sé eign 650 bænda í sveitum landsins og segjast þakklátir neytendum fyrir góð samskipti. Þeir skilja að traust verður að ríkja. Þeir vita að hver og einn þeirra fær að meðaltali um tíu milljónir króna frá neytendum, á ári að meðaltali, áður en þeir hefja mjólkurframleiðslu. Það eru miklir peningar og ekki síst þess vegna er öllum mikils virði að lifa saman í sátt. En hún má ekki vera lögbinguð eða varin með rangindum af frekum körlum.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnis blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**GIGTARFÉLAG ÍSLANDS**  
www.gifi.is

**GIGTARMIÐSTÖÐIN 30 ÁRA**  
Sunnudaginn 12. október á milli 13 og 15:30

Gigtarfélagið býður fólki að koma á OPIÐ HÚS á Gigtarmiðstöðinni í tilefni 30 ára afmælis stöðvarinnar sunnudaginn 12. október milli 13 og 15:30

**Dagskrá:**

13:00 **Ávarp** - Dóra Ingvaldóttir formaður Gigtarfélagsins

13:15 **Jákvæð sálfræði og styrkleikar** – Að lifa heilshugarlífi  
Anna Jóna Guðmundsdóttir hjá Auðnu ráðgjöf, fjallar um jákvæðni, styrkleika og leiðir til að lifa „heilshugarlífi“.

13:45 **Af hverju Stott-Pilates fyrir gigtarfólk?**  
Vilborg Hjaltalín sjúkrabjálfafrá og Stott-Pilates kennari kynnr.

14:00 **Starfsemin stöðvarinnar kynnt, vörukynningar og kaffi**  
**Kynning á starfsemi** : sjúkrabjálfafrun, iðjubjálfafrun, áhugahópum félagsins, hóppjálfafrun, ofl. Bodið upp á ráðgjöf, mælingar og próf.  
**Vörukynningar** : Hjalpartæki munu fyrir tækin ÖSSUR og FASTUS kynna. **JANUS** - ULLARVÖRUR kynnr hlýjan fatnað og ullarvörur. **ANDRÁ** kynnr Coddoc og aðrar penzímverur.  
**BAKARAMEISTARINN** styður Opna húsið.

15:30+ **Lokið**

**Allir eru velkomnir**

Gigtarfélag Íslands - Ármúla 5 - Reykjavík

### SPOTTIÐ



### MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

## Græðgin aftengd?

**R**íkið í Skeifunni. Klukkan 19.45. Ein af þremur smá-söluverslunum með áfengi á landinu sem enn er opin á þessum tíma dags. Maður í flíspeysu leggur jeppanum í stæði fyrir utan og labbar rösklega inn. Hann er ætlaður að kaupa bjór. Hann tekur stefnuna í átt að kælimum. Faglega útlitandi vínarólgjafi brosir til hans.

Vinur okkar, köllum hann Bergvin, stígur inn í kælimum. Þar er búið að stafla bjórkössum upp á trébreitti ofan á hráu steypugólfinu. Hann veit hvað hann ætlar



að kaupa. Hann grípur sex dósir í pakka. „Æi, ætli ég fái ekki tvo til viðbótar. Betra að vera viss,“ hugsar Bergvin og tekur til við að losa tvo bjóra til viðbótar úr nálægri kippu.

Bergvin er, líkt og flest okkar, ekki að velta hlutunum mikið fyrir sér. Hann tekur því sem gefnu að hann þurfi að fara lengst inn í búðina eftir bjórnum. „Það er

örugglega til að það sé hægt að hafa hann í kæli,“ myndi Bergvin eflaust svara ef við hefðum spurt hann um ástæður þessa fyrirkomulags. „Og kælar eru alltaf í jaðri verslana.“

Bergvin labbar út úr kælimum. Fállegar vínlöskur blasa við honum í smekklegum viðarhillunum. Útlínur af beljum og fuglum gefa til kynna með hvernig kjöti viðkomandi flaska passar. Hann tekur eina. Meðan hann bíður í röðinni horfir hann á sterka áfengið. Hann hugleiðir að bæta einhverju við...

## Hefðbundin búðartrikk

**A**f þeim 39 milljón flöskum sem seldar voru í Ríkinu á seinasta ári innihéldu tæplega 34 milljónir einhvers konar bjór. Neytendur hafa einhvern veginn valið sig í áttina að því veikasta af öllum þeim efnum sem ÁTVR býður upp á. En búðirnar endurspeglar það val ekki. Vínbúðirnar er eru eins og aðrar verslanir. Vínbúðirnar eru hannaðar með það að markmiði að þeir sem í þær komi kaupi meira.

Hefur fólk til dæmis velt því fyrir sér hvernig bjórinn, sú vara sem mest selst, er oftast staðsett þannig að labba þurfi í gegnum alla búðina eftir henni? Á meðan sterka áfengið er gjarnan nálægt kassanum þar sem menn geta gripið það með sér meðan menn bíða? Bjórinn er því eins og mjólkinn í hefðbundnum matvöruverslunum. Bjórinn er það sem neytandinn vill kaupa. Sterka áfengið er eins og nammíð – það sem búðin vill selja.

Þessi uppsetning verslana, þar sem virðist að reynt sé að leiða neytendur út í hin sterkari og dýrari efni, ýtir undir efa um það sem sumir virðast halda fram: að tekist hafi að bólusetja vínsalann gegn græðginni með því að gera hann að ríkisstarfsmanni með einokunarstöðu. Enda ber ekkert í umgjörð, þjónustu eða auglýsingum ÁTVR það lengur með sér að þar sé á ferðinni fyrirtæki sem myndi helst vilja að enginn verslaði við sig.

## Hagur af óbreyttu ástandi

**F**yrim um níu árum voru yfir þrjátíu yfirmenn hjá sænsku áfengisversluninni System-Bolaget dæmdir fyrir að þiggja mútur frá áfengisbirgjum. Síðan hafa fleiri sambærilegar ásakanir komið fram. Þetta er í gangi í Svíþjóð sem þykir tiltölulega óspillt land í alþjóðlegum samanburði. Markmiðið með því að minnast á þetta er ekki að lita íslenska ríkisstarfsmenn með afglöpum hinna sænsku heldur að benda á að það er hlægilegt að halda að menn geti losnað við græðgina út úr

áfengisdreifingunni með því að ríkisvæða hluta hennar.

Hillupláss hættir ekki að verða verðmætt þótt ríkið eigi það. Ef ekki er hægt að keppa um hilluplássidi á markaðsforsendum er alltaf hætt á því birgjar reyni að gera það eftir einhverjum öðrum leiðum. Og jafnvel þótt enginn beinlínis múti neinum þá er þetta einfaldlega ekki heilbriggt samkeppnisumhverfi.

Hér á landi er markaðshlutdeild stærstu birgjanna í ríkinu há. Um það bil 40% af öllum

flöskum sem seljast í ríkinu eru á vegum Vífilfells. Ölgerðin á um 30% af öllum seldum flöskum. Það kemur því kannski ekki á óvart að þeir aðilar þrýsta ekki beinlínis á um að núverandi kerfi verði bylt. Það er ekkert óskiljanlegt við þá ástæðu né heldur er neitt óskiljanlegt við margar aðrar ástæður sem fólk gefur fyrir andstöðu sinni. En haldi fólk að í núverandi kerfi hafi mönnum tekist að temja græðgina, með því að ríkisvæða hluta hennar, þá er það tálsýn.



**BOSS**  
HUGO BOSS

SAND

strellson

**POLO**  
RALPH LAUREN

ARMANI  
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM  
MADISON PARK • NY

gardeur®

**HUGO**  
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI  
collezione

bugatti


*Stenströms*

BELLINI  
collezione

**LLOYD**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá kl. 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



**Herra**  
*Lagerinn*  
outlet

Troðfull verslun af  
merkjavöru!

# Hreinsun!

# 60- 80%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

**ENGLABÖRNIN**

Falleg föt á stelpur og stráka...





# Skipun sendiherra

Nýlega lagði Guðmundur Steingrímsson fram fyrirspurn á Alþingi til utanríkisráðherra um skipun sendiherra í íslensku utanríkisþjónustunni. Spyr Guðmundur um þær faglegu kröfur sem lagðar eru til grundvallar við skipun sendiherra, hvernig faglegu mati á hæfi sé háttáð við slíka skipun og hvernig ferlið sé við skipun sendiherra.

## NORÐURLÖND



Svala Guðmundsdóttir  
lektor

ir skulu skipaðir sendiherrar. Utanríkisráðherra leggur síðan tillögu um skipun sendiherra fyrir Danadrottningu, sem staðfestir skipunina.

## Finnland

Á síðustu tuttugu árum hafa verið skipaðir þrjú fyrirverandi stjórnálmenn í stöður sendiherra í Finnlandi. Í öllum tilvikum hefur verið um fyrirverandi utanríkisráðherra að ræða. Þess má geta að flutningsskyldir starfsmenn finnska utanríkisráðuneytisins eru tæplega 1.200.

Eins og í Danmörku, eru stöður sendiherra auglýstar innan finnska utanríkisráðuneytisins og gefst embættismönnum ráðuneytisins kostur á því að sækja um. Sérstök framgangsnefnd innan ráðuneytisins fer yfir umsóknir, tekur viðtal við umsækjendur og styðst meðal annars við 360 gráðu mat, eins og innan dönsku utanríkisþjónustunnar.

Í framhaldinu gerir framgangsnefndin tillögu til utanríkisráðherra um hverjir skulu skipaðir sendiherrar. Utanríkisráðherrann ber síðan upp tillögu í ríkisstjórn um skipun sendiherra, og leggur ríkisstjórnin samþykki sitt fyrir tillögunni fyrir forseta landsins til staðfestingar. Eftir að sendiherra hefur fengið skipun fær hann sérstaka stjórnendabjálfun.

## Noregur

Í Noregi hefur í undantekningartilvikum verið skipað í stöður sendiherra úr röðum fyrirverandi stjórnálmanna. Í enn færri tilvikum hafa sendiherrar verið skipaðir úr

röðum aðila í viðskiptalífnum eða annars staðar utan utanríkisþjónustunnar.

Eins og í Danmörku og Finnlandi eru stöður sendiherra auglýstar innan utanríkisráðuneytisins. Embættismönnum ráðuneytisins gefst kostur á að sækja um og eru umsækjendur teknir í viðtal. Eru stöðurnar venjulega auglýstar í september ár hvert fyrir stöður sem losna í ágúst árið eftir.

Eins og sjá má hér að ofan eru sendiherrar í Danmörku, Finnlandi og Noregi alls ekki eða einungis í undantekningartilvikum skipaðir úr röðum fyrirverandi stjórnálmanna. Þá eru heldur ekki skipaðir aðrir aðilar utan utanríkisþjónustunnar í slíkar stöður. Í öllum tilvikum eru stöður sendiherra auglýstar innan utanríkisráðuneytisins, þar sem embættismönnum ráðuneytisins gefst kostur á að sækja um. Í stöðurnar er síðan skipað eftir að faglegt mat hefur farið fram á árangri og frammistöðu umsækjenda í starfi.

## Ísland

Hér á landi er hins vegar allt annar háttur á. Á fréttavef Ríkisútvarpsins þann 30. september sl. kemur fram að átta fyrirverandi formenn stjórnálmaflokka, auk annarra stjórnálmanna, hafi verið skipaðir í störf sendiherra hér á landi á undanföllum árum. Ísland sker sig því algjörlega úr frá hinum Norðurlöndunum þegar kemur að pólitískum skipunum í stöður sendiherra. Hvernig að öðru leyti er staðið að þeim skipunum hér á landi verður fróðlegt að lesa um þegar svar utanríkisráðherra berst við fyrirspurn Guðmundar Steingrímssonar.

# Til hamingju, Malala!

Hvaða orð lýsa réttilega hugrekki Malölu Yousafzai, 17 ára pakistanskrar stúlku sem hefur frá 12 ára aldri barist fyrir réttindum stúlkna til að sækja skóla? Sú barátta leiddi til þess þegar hún var 14 ára gömul að hópur talibana réðst á hana þar sem hún var með skólafélögum sínum og skaut hana í höfuðið.

Malala lét þessa grimmleru árás ekki stöðva sig. Hún náði góðum bata og hefur ótrauð haldið baráttu sinni áfram og með henni vakið eftirtekt og addáun. Malala hefur farið þess á leit við alþjóðasamfélagið að það styðji þá kröfu að mannréttindi allra stúlkna séu virt og réttindi þeirra til að sækja sér menntun verði viðurkennd. „Hvaða áhrif hefur það á samfélög að stúlkur séu menntaðar?“ spyr Malala og svarar sjálf: „Það breytir ÖLLU!“ Sterkar stelpur eru nefnilega lykillinn að sterkum samfélögum. Með menntun þeirra má rjúfa þann víthring fátæktar sem fólk víða um heim býr við. Þó eru enn milljónir ungra stúlkna sem hafa ekki kost á því að ganga í skóla.

Afturhaldshópar víða um heim hræðast fátt meira en menntaðar stelpur. Meðal þeirra eru talibánar sem ógna stúlkum, fjölskyldum þeirra og kennurum í sveitum Afganistans. Það er daglegt brauð að þeir loki skólum og ráðist á skólástúlkur. Slíkir atburðir rata ekki í heimsfréttirnar.

Á alþjóðlegum degi stúlkubarnsins árið 2014, fögnum við því að hin unga Malala skuli hafa hlotið friðarverðlaun Nóbels. En sama

## FRÍÐARVERÐLAUNIN



Inga Dóra Pétursdóttir,  
framkvæmdastýra  
UN Women á  
Íslandi

→ Afturhaldshópar víða um heim hræðast fátt meira en menntaðar stelpur.

dag verðum við að minnast þess að 180 dagar eru liðnir frá því að öfgahópur Boko Haram, sem er mjög andsnúinn því að stúlkur hljóti menntun, rændi 276 námsstúlkum úr skóla í Nígíeríu. Enn eru 219 þessara barna fangar öfgamannanna. 57

stúlkur náðu að flýja fangara sína en nígíerískum yfirvöldum hefur ekki tekist að bjarga einni einustu af þessum stúlkum. Við verðum að taka saman höndum og beita öllum okkar ráðum til að hjálpa þessum og öðrum stúlkum til að losna úr þeim grimmleru veruleika sem þær búa við.

## Stöndum saman

Emma Watson, velgjörðarsendiherra UN Women, hélt áhrifamikla ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrir stuttu. Þar biðlar hún til okkar allra að einbeita okkur að því sem sameinar okkur en ekki því sem aðskilur okkur. Stöndum saman, þvert á landfræðilega fjarlægð, kyn, aldur eða stétt. Einfaldasta leiðin til að byggja upp sterkari samfélag og betri heim er að mennta ungar stúlkur. Sterkar stelpur gera sterk samfélög.

Malala Yousafzai á sannarlega skilið að fá friðarverðlaun Nóbels. Hún og milljónir annarra stúlkna vilja ráða örlögum sínum sjálfar, mennta sig og búa í samfélagi þar sem líf þeirra er metið til jafns við líf drengja. Stöndum með þeim!

# Engin lántökugjöld

Landsbankinn býður betri kjör. Í október greiða einstaklingar engin lántökugjöld af bílafjármögnun. Kynntu þér allt um bílalán á [landsbankinn.is/bilalan](http://landsbankinn.is/bilalan).

Lánshlutfall  
allt að 80%

Allt að 7 ára  
lántími

Engin  
lántökugjöld





# Viðkvæm bókaútgærð

Íslenskur bókamarkaður er dálítið kraftaverk.

Í þessu 330.000 manna málsamfélagi eru öflugar höfundar- og þýðendasveitir og árlega rata á markað um 1.000 bókartitlar, og enn fleiri ef lítið er til ýmiss konar sérútgáfna. Skáldverk af ýmsum toga, fræðirit og úrvalsþýðingar, ásamt léttmetinu sem nauðsynlegt er til að laða nýja lesendur inn í veröldina innan bókarspjaldanna. Þessu líflega útgáfustarfi eiga útlendingar iðulega bág með að trúá. Sköpunin er líka forsenda þess að móðurmálið okkar þróist og endurnýist. Bókaútgáfa er líka að réttu talin undirstaða málstefnunnar sem samþykkt var á Alþingi – ekkert bólar hins vegar á því að þessi þjóð sem iðulega kennir sig við bókina móti sér bókmenningarstefnu til frambúðar, allt er hér tilviljunum háð.

Við sem höfum að undanförunni verið að vara við hugsanlegum afleiðingum þess að hækka virðisaukaskatt á bókum, fáum iðulega viðbrögð í þá veru að varla geti bókaabransinn verið svo veiklulegur að hann þoli ekki 5% hækkun á virðisaukaskatti. Það er kannski eðlilegt að menn hugsi þannig sem ekki þekkja til þessarar greinar. Bókaútgáfa hefur hins vegar allmikla sérstöðu í viðskiptaumhverfinu um heim allan, og það er ástæða þess að hún er iðulega tekin út fyrir sviga; undanþegin virðisaukaskatti eins og í Bretlandi, Noregi, Færeyjum og á Írlandi, eða í lægsta þrepi. Annars staðar er bókaútgáfunni hlífð við hörðustu samkeppnislög-



Sigurður Svavarsson  
bókaútgáfandi

gjöf og útsöluverð bókarrfest í ákveðinn tíma eftir útgáfu, til að gera smærri bókaverslunum kleift að keppa við risana.

## Hin raunverulega ógn

Ástæðan fyrir þessum undanþágum er sú að bókaútgáfa er öðrum þræði menningarstarfsemi og undirstaða þess að tungumál þróist. Atvinnugreinin gengur ekki einungis út á að hámarka hagnað. Talið er nauðsynlegt að ýta undir útgáfu bóka sem vart kæmu út ef markaðslögmálin ein myndu gilda. Á nýafstöðnu ársþingi Norræna útgefendaráðsins sem haldið var í Reykjavík kom t.d. fram að einungis 10% útgefna titla á samkeppnismarkaði í Svíþjóð skila hagnaði (og sumir vitaskuld verulegum ágóða). Sá hagnaður stendur síðan undir útgáfu allra hinna verkanna. Þó ekki liggi fyrir rannsóknir hér landi má gera ráð fyrir að hlutföllin séu svipuð hér. Þarna liggur hin raunverulega ógn sem stafar af aukinni skattheimtu.

Hárrétt rekstrarleg viðbrögð þeirra sem standa í bókaútgáfu við auknum álögum og þrengri stöðu væru að draga saman seglin, fækka útgefnum titlum og taka lágmarks áhættu. Afleiðingarnar yrðu þær að færri rithöfundarættu sér fasta vist á forlagi, framsækna bókmenntir sem höfðu til fárra myndu hætta að koma út, íslenskum barnabókum myndi fækka, þýðingar erlendra úrvalsverka yrðu einnig fyrir niðurskurði, sem og vönduð fræðirit. Niðurstaðan yrðu svipuð og

ef leikhúsin sýndu eintóm kassastykki og sínfóniuhljómsveitin léki einungis verk sem höfðuðu til fjöldans. Slíkt myndi hafa neikvæð áhrif á nýsköpun og frumleika.

Ástandið hér á landi er viðkvæmt hvað bókaútgáfuna og bóksöluvarðar. Flest fyrirtæki í greininni eru smá og mega illa við áföllum, bóksalan er að mestu bundin við eina bókaútgáfu, og svo stórmarkaði sem stökkva til rétt fyrir jól og hamast í nokkrar vikur með tilheyrandi markaðsfrækju. Vinsælustu lágvöruverðsverslanirnar velja inn lítið hlutfall útgefna titla í sínar verslanir og stýra þannig neyslunni – afleiðingin er sú að örfáir titlar ná metsölu, en megnið fær enga athygli í öllum hávaðanum. Nú þegar er þetta ástand farið að ógna fjölbreytileikanum sem þrátt fyrir allt hefur einkennt bókamarkaðinn á hinu örlytla íslenska málsvæði.

Opinber stuðningur við bókaútgáfu hér á landi er allur í mýflugumynd, en samt hefur þetta ævintýri einhvern veginn gengið stóráfallalaust. Hér skal ekki fullt að hækkan á virðisaukaskatti munu hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér, en hætta er sannarlega fyrir hendi í viðkvæmri bókaútgærð. Því bið ég ykkur sem sitjið á löggjafarsamkomunni að velja þessu máli rækilega fyrir ykkur; sem efnahagsaðgerð skilar hækkan virðisaukaskatts einungis dropa í hafid, í menningarlegu tilliti getur hún valdið óendurkræfum skaða. Látið því íslenska bókmenningu njóta vafans, hugsíð stórt og stígið álíka langt skref til lækkunar

→ Opinber stuðningur við bókaútgáfu hér á landi er allur í mýflugumynd, en samt hefur þetta ævintýri einhvern veginn gengið stóráfallalaust.

og áformað er til hækkunar, og hlífið bókum með öllu við virðisaukaskatti. Þannig færið þið Ísland í úrvalsflokk meðal þjóða hvað bókaútgævin varðar og búið í haginn fyrir enn frekari kraftaverk í framtíðinni.



20.-23. NÓV.  
**DUBLIN**  
Verð frá 88.500 KR.

Kynntu þér Dublin á uu.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.  
Sími 585 4000 www.uu.is



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





# HELGIN

**Katrín Ásmundsdóttir, annar stjórnenda þáttarins Hæpið**

## Próflestur og góður matur

Pessi helgi verður nú svolítið óvenjuleg þar sem ég er að fara í próf alla næstu viku í lögfræðinni. Þannig að helgin mun fyrst og fremst fara í að læra en líka að vinna við þáttinn. Í besta falli næ ég að fara í bíó en mig langar mikið að sjá allt sem er verið að sýna í Bíó Paradís í kjölfar Riff, til dæmis The Tourist. Annars er fastur liður um helgar að borða góðan mat á sunnudögum. Þá tríta ég sjálfa mig og fer í bröns á einhverju kaffihúsinu, það kemur ósjaldan fyrir og ég vona að ég geti litið upp úr bókunum og leyft mér þann munað þessa helgina.



**Dr. Gunní, tónlistar- og fjölmíðlamaður**

## Fer á hátíð

Ég flýg til Boston í dag ásamt fríðu föruneyti íslenskra listamanna. Stefnan er sett á Iceland Affair, Íslandshátíð í Connecticut.



**Elísabet Ormslev, söngkona og förðunarfræðingur**

## DJ-gellur og leti

Í kvöld er ferðinni heitið á Húrra að sjá aðal DJ-gellur landsins, grúppuna „Affair“. Á morgun ætla ég í Kolaportíð af því ég elska Kolaportíð og ég ætla að eiga „lazy Sunday“ á jú, þið giskuðuð rétt, sunnudaginn!



**Erna Indriðadóttir, ritstjóri vefritsins Líðu núna**

## Lestur og matarboð

Ég ætla að vera mest heima við, lesa blöðin og Afdalabarn eftir Guðrúnu frá Lundi. Í kvöld er ég með matarboð með hefðbundnu lambalæri fyrir hluta af minni risastóru fjölskyldu. Gönguferð á sunnudagsmorgni er svo fastur liður.

SIGRÍÐUR THORLACIUS

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL

FRÍÐRIK ÓMAR

MAGNI ÁSGEIRSSON

SIGGA BEINTEINS

# RUMOURS

TIL HEIÐURS

# FLEETWOOD MAC

MEISTARAVERKIÐ RUMOURS Í HEILD SINNI OG ÖLL BESTU LÖGIN AÐ AUKI

DON'T STOP · DREAMS · GO YOUR OWN WAY · SONGBIRD · SECOND HAND NEWS · LITTLE LIES · ALBATROSS · BLACK MAGIC WOMAN · EVERYWHERE · SEVEN WONDERS · GYPSY · BIG LOVE · TUSK · RHIANNON OG FLEIRI

ELDBORG FÖSTUDAGINN  
31. OKTÓBER

EINAR SCHEVING TRÖMMUR OG SLAGVERK EIDUR ARNARSSON BASSI  
SIGURÐUR FLOSASON SAXÓFÓN OG SLAGVERK KJARTAN VALDMARSSON HLJÓMBORD  
ÞORVALDUR BJARNI ÞORVALDSSON GÍTAR UNNUR BIRNA BJÖRNSDÓTTIR HLJÓMBORD OG SÖNGUR

MÍBASALA Á MÍÐI.IS OG HARPA.IS  
OG Í MÍBASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050

EKKI MISSA AF ÞESSUM EINSTAKA VIÐBURÐI



**HLUTI HÓPSINS** Vilborg, Rebekka, Þórunn Magnea, Guðlaug María, Guðný María og Helga Braga.  
MYND/SIGGA ELLA

## Listakonur í uppreisn

Leikhúslistarklúbburinn 50+ skapar sér starfsvettvang með mánaðarlegum sviðslistakvöldum í Iðnó. Finnst synd að konur á besta aldri fái ekki meira að gera.

**Viktoría Hermansdóttir**  
viktoría@frettabladid.is

**M**ér finnst alltaf svo fyndið hvað það er mikill munur á viðhorfi til kynjanna þegar þau eldast. Karlar þykja voða sexí og sætir með grátt í vöngum en það þykir ekki flott þegar konur eru orðnar gráhærðar – það þorir heldur engin að vera gráhærð hér á landi. Þetta er svona okkar uppreisn við þessar stöðluðu ímyndir. Konur á okkar aldri geta allt,“ segir Vilborg Halldórsdóttir sem er hópnum Leikhúslistakonur 50+. Hópurinn stendur fyrir mánaðarlegum sviðslistakvöldum í Iðnó í vetur, hópnum samanstandur af leikkonum, leikstjórum, höfundum, söngvörum og dönsurum sem hafa tekið höndum saman til að reka menningarstarfsemi í Iðnó í vetur. Konurnar eru flestar komnar yfir fimmtugt og vilja skapa starfsvettvang fyrir sviðslistakonur sem oft fá lítið að gera eftir að þær hafa náð ákveðnum aldri.

Konurnar í hópnum skipta með sér kvöldum og þema hvers mánaðar er misjafnt. Núna á mánuðagskvöldið stendur Vilborg

fyrir ljóðakvöldi ásamt þeim Þórunni Magneu Magnúsdóttur, Guðlaugu Maríu Bjarnadóttur og Hlíf Sigurjónsdóttur auk þess sem Helga Björnsson búningahönnuður var til aðstoðar við útlit. „Þetta byrjaði þannig að Hlín Agnars, María Reyndal og fleiri góðar konur stofnuðu hóp á Facebook. Þar stefndu þær konum saman sem fóru að spjalla. Út úr því kom alveg fullt af hugmyndum um það sem þessar konur langar að gera. Síðan lánaði Magga Rósa í Iðnó okkur húsnæði og það er eiginlega svona forsendan fyrir því að þetta varð til,“ segir Vilborg.

„Ég ákvað til dæmis að vera með af því að mig langaði til að dansa. Það er enginn að biðja konu sem er 57 ára um að dansa,“ segir Vilborg sem mun taka þátt í danssýningu hópsins eftir áramót og mun þannig dansdraumurinn rætast. Sjálf er Vilborg leikkona en hún hefur ekki mikið leikið undanfarin ár. Hún segir konurnar í hópnum allar hafa fundið fyrir því að á vissum aldri fækki tækifærum. „Þetta er samt að breytast, það eru allir múrar að hrynja og þetta verkefni okkar er liður í þeim breytingum. Maður þarf sjálfur að skapa sér viss tækifæri,“ segir hún. „Það er rosalega mikil breyting síðan ég

útskrifaðist úr Leiklistarskólanum árið 1983. Ég eignaðist strax annað barn eftir að ég útskrifaðist og þá lokaðist ég eiginlega bara inni í fbúð. Í dag er þetta allt annað, sýnileikinn er orðinn meiri og með miðlum eins og Facebook eru miklu meiri möguleikar á því að týnast ekki. Sýnileikinn brýtur niður múra,“ segir hún.

Hún líkir verkefni kvennanna við anarkískar vinnubúðir þar sem þær stíga út fyrir rammann. Konurnar takast líka á við önnur tjáningarform en þær hafa verið í áður. „Það gerir bara hver það sem hana langar, ekki það sem öðrum finnst hún passa inn í; leikstjóri prófar að leika, leikmyndahönnuður flytur ljóð og svo framvegis. Þetta er svona allsnægtaborð sem við erum að rigga upp.“

Vilborg segir þær spenntar fyrir vetrinum. „Það er alveg rosalegur sköpunarkraftur og orka í þessum hóp. Eins og Edda Björgvinsdóttir sagði þá er það alveg ótrúlegt að konur sem eru komnar á okkar aldri hafi ekki meira að gera. Við erum með svo mikla reynslu, þekkingu, færni og fullt af orku. Auk þess erum við ekki með börn þannig að við höfum nægan tíma. Við ætlum að breyta þessu,“ segir hún.

viktoría@frettabladid.is



# ELDFIMUR SPENNUTRYLLIR

„Feikilega kröftug bók ... og vel skrifuð.“

Egill Helgason/Kiljan



KATA er saga um glæp og eftirköst hans, um óskiljanlega grimmd, ærandi sorg og stríðið milli kynjanna þar sem einungis annað þeirra hefur verið gerandi – þangað til núna.



„Tvímælaust áhrifamesta verk sem komið hefur út hér á landi í langa tíð.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið (um Konur)

ekki fyrir viðkvæma



## SJÚKRASAGA ELÍSABETAR FRÁ MELTINGARSJÚKDÓMI TIL LYFJAFÍKNAR

2010	2011	2012	2013	2014
Elísabet fer að finna fyrir meltingarvandamálum.	Nýr meltingarsérfræðingur tekur við lyfjagjöf hennar.	Læknir á heilsugæslu segir Elísabetu frekar eiga við lyfjafíkn að etja en meltingarsjúkdóm.	<b>Haust</b> Elísabet hriðhorast og er lögð inn á spítala á nóttunni til að fá næringu í æð.	<b>Apríl</b> Elísabet er orðin 40 kíló og er lögð inn á geðdeild en eftir útskrift byrjar hún strax aftur að taka lyf. Markús finnur umbúðir af átta hundruð töflum heima hjá henni og hefur samband við meltingarsérfræðinginn og Embætti landlæknis.
			<b>Júlí-ágúst</b> Meltingarsérfræðingur heldur áfram að skrifa upp á ketogantöflur, fimm hundruð stykki í júlí og ágúst.	<b>25. maí</b> Er lögð inn á gjörgæslu með blóðþrýstingssveiflur vegna lyfjanotkunar.
			<b>Ágúst</b> Elísabet lendir í alvarlegu bíslysi þegar hún keyrir mjög lyfjuð utan í vörubíl.	<b>30. maí</b> Elísabet fær hjartastopp. Krufning bendir til að hún hafi sprautað sig með lyfjum meðan hún lá inni á spítalanum.
				<b>Í dag</b> Meltingarsérfræðingurinn starfar á heilbrigðisstofnun sem sérfræðingur og er með einkastofu.



REIÐUR Í SORGinni Markús Kristjánsson segir reiðina út í lækninn og kerfið sitja þungt í honum en hann vonar að með sögu Elísabetar verði eftirlitið eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dóttirin fékk 2.220 morfíntöflur frá sama lækninum á hálfu ári

Dóttir **Markúsar Kristjánssonar** lést vegna misnotkunar á lyfjum. Markús gagnrýnir greiðan aðgang dóttur sinnar að lyfjunum og hefur undir höndum útskrift frá apóteki sem sýnir að einn læknir ávísaði hundruðum taflna af morfínlyfi í hverjum mánuði.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**  
erlabjorg@365.is



Dóttir Markúsar Kristjánssonar hét Elísabet og var 44 ára þegar hún lést í maí síðastliðnum. Hún hafði strítt við meltingarsjúkdóm en það var ekki meinið sem dró hana til dauða heldur misnotkun lyfja sem læknar ávísuðu á hana vegna sjúkdómsins. Markús segir meltingarsérfræðing hennar hafa ávísað 2.220 töflum af ketogan, sterku morfínlyfi, á rúmlega hálfu ári í fyrra. Hann segir lækninn hafa hálfðrepið dóttur sína með því að hafa meðvitað dælt í hana lyfjum án frekara eftirlits með henni og skilur ekki hvernig slíkur maður fái að halda lyfjaleyfi sínu á meðan annar heilbrigðisstarfsmaður er saksóttur fyrir ein mistök af gáleysi.

„Ég viðurkenni að það versta við sorgina er reiðin sem situr eftir í manni,“ segir Markús. „Það breytir því ekki að mér finnst kerfið hafa brugðist dóttur minni, og einn læknir sérstaklega, sem hélt henni gangandi í fíkninni. Þess vegna finnst mér ég þurfa að segja þessa sögu. Það er alveg galið að á tækni-tímum geti venjulegt fólk fengið mörg hundruð töflur í hverri viku og eyðilagt líf sitt á kostnað ríkisins án þess að nokkur skipti sér af því.“

### Hún var reglumanneskja

Elísabet átti síðustu árin við meltingarvanda að stríða. Hún gekk til meltingarsérfræðings og læknirinn sem um ræðir sá um lyfjagjöf hennar. Hún fékk ketogan við verkjum, en lyfið er meðal annars notað til að lina kvalir krabbameinssjúkra og er afar ávanabindandi. Hún átti ekki sögu um fíkn eða óreglu en varð fljótt mjög háð lyfinu.

„Hún var enginn fíkill. Hún var reglumanneskja, kát og hress

kona. Tveggja barna móðir, nýorðin amma og átti marga góða vini og kunningja. Hún átti lengi vel við þessar meltingartruflanir að stríða. Þurfti oft að fara á spítala og annað, en árið 2012 þegar hún fór til eins læknisins sagði hann beint út við hana að meltingin væri ekki vandinn í hennar lífi heldur væru stærstu veikindin ofnotkun á lyfjum. Það þýddi bara að hún fór ekki aftur til þessa læknis. Á þessum tíma var ekkert verið að vinna með meltingarsjúkdóminn, heldur eingöngu dælt í hana verkjalyfjum.“

### Var orðin 40 kíló

Elísabet hriðhorast og þegar hún var orðin fimmtíu kíló var hún lögð inn á spítala til að gefa henni næringu í æð á nóttunni. Það gekk ekki upp og í apríl árið 2013 var hún orðin fjörutíu kíló og var lögð inn á geðdeild.

„Heilbrigðisstarfsmenn skildu ekki af hverju hún tók ekki við næringunni. Eg fór heim til hennar

þegar hún var lögð inn á geðdeild og þá fann ég umbúðir af ketogani úti um alla íbúð. Einnig voru umbúðir af svefnlyfjum og geðlyfjum. Pakkarnir fylltu næstum því heilan plastpoka og þeir voru flestallir merktir þessum meltingarsérfræðingi. Hún hafði sem sagt allan tímann verið að gleypa þessi lyf án þess að aðrir heilbrigðisstarfsmenn vissu það. Á þessum tímupunkti fékk ég nóg.“

Markús hafði samband við lækninn sem um ræðir en hann svaraði honum snubbótt og sagðist ætla að hringja síðar. Markús hefur ekki heyrt í honum eftir það. Hann hafði þá samband við landlæknisembættið og lagði fram kvörtun. Samkvæmt upplýsingum Markúsar fékk læknirinn fyrirspurn frá embættinu í kjölfarið, þar sem beðið var um útskýringar á magninu. Það breytti því ekki að hann skrifaði upp á hundruð af ketogantöflum ásamt öðrum svefn- og geðlyfjum næstu fimm mánuði á eftir. ▶



### → Elísabet Markúsdóttir var 44 ára þegar hún lést.

Hún átti sér ekki sögu um fíknivanda fyrr en hún byrjaði að taka ketogan vegna meltingarsjúkdóms.



# TAX FREE

AF DALE GARNI 11-12 OKTÓBER  
Í ÖLLUM VERSLUNUM A4\*



Hlökkum  
til að sjá  
þig í  
Skeifunni

Kaffi og  
konfekt á  
boðstólum  
fyrir gesti og  
gangandi

## Hannyrðakynning í dag frá kl. 12-16 í A4 Skeifunni

Ásdís Birgisdóttir kynnir  
nýjasta tölublað Lopa og  
bands, sýnishorn á staðnum.



Þorgerður Kjartansdóttir  
(Togga) kynnir orkeringu  
og námskeið í orkeringu.



Handverkskúnnst kynnir  
námskeið í tvöföldu  
prjóni og hekli.



Kynning á nýútgefnum  
og væntanlegum  
hannyrðabókum

ÓDÝR  
JÓLAÚTSAUMUR  
FRÁ 3.499.-  
PANTANIR ÓSKAST  
SÓTTAR



Væntan-  
legar

www.a4.is / sími 580 0000

A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði

A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is

Sértilboð aðeins þessa einu helgi.

\*Tax Free gildir af öllu Dale garni í öllum  
verslunum A4 11.-12. okt. Ríkissjóður fær  
sinn virðisaukaskatt (20.32%). Verðlækkunin  
er alfarið á kostnað A4. Birt með fyrirvara um  
prentvillur og vöruframboð.

# A4



### ► Læknirinn fékk áminningu

„Í ágúst lenti hún síðan í bílslysi. Hún var mjög lyfjuð og keyrði á vörubíl. Þetta slys var byrjunin á endinum. Þá hafði ég aftur samband við landlæknisembættið og var sagt af starfsmanni að málið væri alvarlegra en haldið var í fyrstu. Þá hefur embættið líklega fengið upplýsingar frá apótekum um lyfseðla læknisins, án þess að ég viti nokkuð um það þar sem maðni er aldrei sagt neitt. Ég hringdi tvisvar í viku í tvo mánuði stanslaust í embættið til að ganga á eftir málinu. Að lokum var mér sagt að hann fengi alvarlega áminningu. Þegar ég spurði hvað það þýddi fékk ég að vita að fylgst yrði betur með honum og erfitt yrði fyrir hann að fá vinnu erlendis. Það er nú allt og sumt. Þessi maður vinnur enn á heilbrigðisstofnun og hann er með einkastofu og lyfjaleyfi. Þetta hefur ekkert breytt lífi hans. Þegar ég hringdi á vinnustað hans vissi stjórnandinn sem ég talaði við ekkert um þessa áminningu eða forsögu læknisins.“

### Sprautaði sig með lyfjum

Það var svo í maí síðastliðnum að Elísabet var lögð inn á gjörgæslu vegna óstöðugs blóðþrýstings. Fáeinum dögum síðar var hringi í foreldra hennar og þau beðin um að koma á spítalann. Þá var Elísabet látin. Sennilegt er að hún hafi komist í töflur og sprautu og sprautað lyfjunum í brunn sem hún var með á sér og hjartað ekki þolað það. Það er stutt lítið, eingöngu fjórir mánuðir, og það tekur verulega á Markús að tala um þennan dag.

„Ég varð trylltur. Ég var kominn heim að dyrum hjá þessum lækni en eitthvað kippiti mér til baka. Hjúkrunarfræðingur á deildinni sagði að ef aðstandendur gera ekkert í málunum þá geri enginn neitt. Þannig sé það í þessu kerfi. En það er lítið hægt að gera núna eftir að hún er dáið og engar afleiðingar fyrir lækninn. Ég bara skil ekki, með allri þessari tölvuvæðingu, að það hringi engar viðvörðunarbjöllur. Tæknin veldur því að dóttir mín hringdi stundum úr apótekinu beint í lækninn og fékk lyfseðil á mínútnni en tæknin veitir ekkert eftirlit. Hún fékk ótakmarkað magn af lyfjum án þess að hitta lækninn reglulega, en svo stundaði hún einnig að fara á læknavektir til að fá lyf, sem hún fékk alltaf. Af hverju kemur ekki upp í tölvukerfinu að daginn áður fékk hún lyfseðil upp á hundrad töflur hjá sérfræðingnum? Hún



„Ég varð trylltur. Ég var kominn heim að dyrum hjá þessum lækni en eitthvað kippiti mér til baka. Hjúkrunarfræðingur á deildinni sagði að ef aðstandendur gera ekkert í málunum þá geri enginn neitt.“

Markús Kristjánsson.

fór á Grensás, Vog, geðdeild og lá inni á deildum Landspítalans. Það vissu allir að hún ætti við þessa fíkn að stríða en enginn tók í taumana.“

### Ekki tekið á vandanum

Markús hefði viljað að dóttur hans væri veitt meðferð hjá geðlækni eða sálfræðingi. Þann mánuð sem hún var á geðdeild gekk henni vel en allt fór í sama farið þegar hún útskrifaðist. Eins veitti starfsfólk spítalanna sem hún dvaldi á henni og aðstandendum góða aðstoð en stuttar legur dugðu ekki til að taka á málinu. Hann segir vissulega auðvelt að fela lyfjanotkun í mörgum tilfellum en

í tilfelli dóttur hans hafi hún verið svo augljós. Hann hefði viljað að fleiri hefðu spurt spurninga, að einhver hefði sett henni stólinn fyrir dyrnar og að hennar raunverulega vandamál, fíknin, hefði verið viðurkennt. Honum hryús hugur við að ef hann, faðir konu á fimmtugsaldri, hefði ekki barist í þessu máli undanfarin ár hefði ekkert verið aðhafst og læknirinn sem hann kallar dóp-salann hefði ekki einu sinni fengið áminningu. Erfiðast þykir honum að hafa horft á dóttur sína hverfa inn í heim lyfjanna, hverfa frá börnunum og fjölskyldu, „samkvæmt læknisráði“, eins og hann segir sjálfur.



**KETOGAN** Markús fann umbúðir utan af átta hundruð töflum í íbúð Elísabetar þegar hún var lögð inn á geðdeild.

## VIÐSKIPTI ELÍSBETAR VIÐ EITT APÓTEK FRÁJANÚAR TIL ÁGÚST 2013

Elísabet tók út 2.220 ketogantöflur á rúmu hálfu ári sem meltingarsérfræðingurinn skrifaði upp á. Á þessu tímabili lá hún í mánuð inni á geðdeild.

### Dæmi um úttekt af ketogon:

1. mars:	100 stk.
5. mars:	100 stk.
8. mars:	100 stk.
12. mars:	100 stk.
18. mars:	100 stk.
22. mars:	100 stk.
26. mars:	200 stk.

**800 stykki á 25 dögum eða 32 töflur á dag.**

Önnur lyf sem Elísabet tók út og meltingarsérfræðingurinn og aðrir læknar ávísuðu:

**Esopram** Sterkt þunglyndislyf  
**Phenergan** Róandi/svefnlyf  
**Sobril** Róandi og kvíðastillandi  
**Oxynorm dispersa** Verkjastillandi og róandi  
**Zopiclone** Verkjastillandi og róandi  
**Quetiapin Mylan** –sefandi og notað til að meðhöndla geðklofa  
**Imovane** Svefnlyf

Eingöngu sex sinnum tók Elísabet út lyf sem tengjast meltingarsjúkdómi hennar á beinan hátt.

## → Ketogan – verkjalyf í morfínflokki

- Ketogan er notað við miklum verkjum vegna krabbameins, nýrna- og gallsteina, beinbrota, eftir hjartaaðgerðir og í fæðingum.
- Ketogan er ekki ætlað til langtíma-notkunar og er ávanabindandi. Ávanahætta er meiri eftir því sem skammtar eru stærri eða lyfið er notað í lengri tíma.
- Hámarksskammtur er 1-2 töflur á 4-6 tíma fresti. Það þýðir um það bil sjö töflur á sólarhring í allra mesta lagi.

## Fjársvelti hefur áhrif á eftirlit

„Eftirlit með lyfjaávisunum byrjar hjá læknunum sjálfum, svo á afgreiðslustöðum en einnig hjá Embætti landlæknis,“ segir Ólafur Einarsson, verkefnastjóri lyfjagagnagrunns hjá Embætti landlæknis. Embættið hefur með öðrum orðum eftirlit með læknunum. „Eftirlitið felst í reglubundnum skoðunum á ávisunum ásamt tilfallandi eftirliti. Svo koma ábendingar um sölu eða misnotkun lyfja til lyfjateymis. Þetta eftirlit hefur leitt til þess að læknar hafa fengið áminningar, misst læknaleyfi eða ávísanaréttur verið takmarkaður.“

Spurður hvornig það geti þá gerst að læknir ávísi þúsundum tafna á einn sjúkling á stuttu tímabili segir Ólafur að eins og staðan sé í dag sé ekkert kerfi sem láti vita um óeðlilega notkun. Ábendingar komi eftir á eða í gegnum aðstandendur. „Það er ekki þannig að kerfið flaggi einstakling í kerfinu miðlægt. Í fullkomnum heimi væru fleiri starfandi við eftirlitið og við gætum þá klárað rafrænan gagnagrunn sem er enn á tilraunastigi. En embættið er í fjársvelli.“

Tæplega 2.000 læknar ávísa ávanabindandi lyfjum og um 90 þúsund einstaklingar á Íslandi fá ávísað tauga- og geðlyfjum á hverju ári. Ólafur segir því verkefnið ekki lítið. Aðspurður segir hann ómögulegt að heimilislæknar hafi yfirsýn yfir alla sjúklinga sína.

„Hver læknir er með svo marga sjúklinga og ekki nokkur leið að þeir geti fylgst með öllum sjúklingum sínum.“

## Lyfjafræðingar bera líka ábyrgð



„Það er ekki eðlilegt að afgreiða stóra skammta, hér væntanlega þriggja mánaða skammt, með nokkurra daga millibili,“ segir Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, þegar hún er spurð um ábyrgð apóteksins í tilfelli Elísabetar. Hún segir að málið verði skoðað nánar á næstu dögum.

„Samkvæmt reglugerð um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja, ber lyfjafræðingur ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og hefur eftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt honum. Jafnframt skal sá sem afhendir sjúklingi eða umboðsmanni hans lyf fullvissa sig um réttmæti afhendingarinnar. Lyfjafræðingur getur einungis kallað fram upplýsingar úr tölvukerfum um afgreiðslur lyfja í sinni lyfjabúð. Slíkt er almennt ekki gert nema vakni grunur um að eitthvað sé ekki í lagi.“

Rannveig segir Lyfjastofnun hvetja lyfjafræðinga til að upplýsa stofnunina leiki grunur á að eitthvað sé ekki í lagi og stofnunin sendi upplýsingar áfram til Embættis landlæknis. „En Embætti landlæknis á að hafa eftirlit með ávisunum lækna.“



# Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða hjá útibúum Olís um land allt.

**REKSTARLAND**  
–léttir þér lífið



# PEUGEOT 308



## BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU



NÚ FÁANLEGUR MEÐ  
**5 ÁRA  
ÁBYRGÐ**

PEUGEOT 308

kostar frá kr. **3.360.000**



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,1** til **5,4L/100km** og CO<sub>2</sub> útblástur (g/km) frá **82** til **125**.

KOMDU Í HEIMSÓKN OG REYNSLUAKTU BÍL ÁRSINS

MOTION & EMOTION



PEUGEOT




Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is  
Umboðsáilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akronesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Pú finnur okkur á  
**Facebook**  
facebook.com/PeugeotIceland

\*Viðbótarábyrgð Peugeot, SAFE +3





# Októberhátíð

## Í MIÐBORGinni OKKAR Í DAG

Í dag efnum við til hátíðar í miðborginni. Sannkallaðs þýsk-íslensks stemningsdags með töðugjalda- og uppskeruhátíðarívafi. Verslanir miðborgarinnar eru í hátíðarskapi og bjóða gestum og gangandi upp á léttar veitingar, veigar og tilboð á vörum sínum, kræsingum og hönnun í tilefni dagsins.

Fögnum haustinu saman í Miðborginni okkar!



Við elskum 15.000 læk!  
15% afsláttur af öllu.  
Opið frá kl. 11–18:30.

Laugavegi 83

20% afsláttur af bókum eftir  
þýska höfunda.  
Opið frá kl. 9–22.

Lækjargötu 2a

Öl og gómsæti frá kl. 14.  
20% afsláttur af PILGRIM  
skarti. Opið frá kl. 11–18:30.

Laugavegi 92

20% afsláttur af völdum  
vörum.

Bankastræti 10



15% afsláttur af öllu. Vorum  
að fá fullt af fallegum vörum.  
Opið frá kl. 11–19.

Austurstræti 8

20% afsláttur af öllum vörum.  
Lukkuleikur á laugardegi.

Laugavegi 24

20% afsláttur af öllum  
matar- og kaffistellum.

Laugavegi 53b

Léttar veitingar og nýjar  
haustvörur.  
Opið til kl. 18.

Laugavegi 46







BORD FYRIR TVO

ART67



20% afsláttur af allri gjafavöru og stellum.

Laugavegi 97

Listagyðjurnar veita flottar veitingar. 20% afsláttur af öllum listaverkum.

Laugavegi 67

20% afsláttur af Marmot fatnaði. Lederhosen og léttar veitingar gleðja alla!

Laugavegi 11



ILSE JACOBSEN  
HORNÆK



SCHOPPEL WOLLE á 20% afslætti. Häzlich willkommen! Opið frá kl. 12-18.

Laugavegi 59

20% afsláttur af öllum úlpum.

Laugavegi 71

30% afsláttur af öllum vörum. Bjór og ostar.

Laugavegi 54

Splunkuný haustvara á tilboði. Léttar veitingar og lostæti á boðstólum. Opið til kl. 18:30.

Laugavegi 33



Tökum vel á móti ykkur.

Laugavegi 43

Fatamarkaður Kormáks & Skjaldar á Kex Hostel. Opið frá kl. 12-16.

Laugavegi 59

Lykilverslun við Laugaveg. 10% afsláttur af þýskum baðvörum.

Laugavegi 29

15% afláttur. Októberfestbúningar, hrekkjavökuvörur, farði og margt fleira.

Laugavegi 69



GullBúðin  
BANKASTRÆTI

Valdar JANUS ullarvörur á tilboði. Komið og kynnist vörunum okkar. Opið til kl. 18.

Laugavegi 25

Vorum að taka upp sendingu. 20-30% afsláttur af öllum buxum. Opið til kl. 18:30.

Laugavegi 53b

Bjór og Brezel'n, Lederhosen og Dirndl, komdu og vertu með í bavarískri stemningu!

Lækjargötu 2a

20% afsláttur af öllum úrum. Léttar veitingar. Opið til kl. 18.

Bankastræti 6

MÍÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —







**BERNHARÐ  
LAXDAL**  
Laugavegi 63 • S: 5514422

15% afsláttur af Frank Lyman glæsikjólum. Vetraryfirhafnir í úrvali.

Laugavegi 63

kiosk

Tilboðsdagar í fullum gangi. Bjór og ostar í boði fyrir gesti. Opið til kl. 18:30.

Laugavegi 65

aurum  
— LÍFSTÍLL —

Detur þú í lukkupottinn og vinnur gjafabréf hjá okkur?

Bankastræti 4

EINVERA

20% afsláttur af öllum vörum. Léttar veitingar. Opið til kl. 18.

Laugavegi 35

Jólahúsið

Jólahúsið telur niður til jóla.

Hafnarstræti 4

hrím

20% afsláttur af pottum, glösum, teppum og kertum. 10% afsláttur af öllu öðru.

Laugavegi 25

volcano  
ICELANDIC DESIGN

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 40

M  
MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

20% af Armani, Jacques Lemans, Jorg Gray, Kenneth Cole og Michael Kors úrum.

Laugavegi 15



minja

Lostæti og stuð í búðinni. Opið til kl. 18.

Skólavörðustíg 12

Around Iceland

Heimilislegt kaffihús og hönnunarvara.

Laugavegi 18b

Kirsuberjatréð

Kostakjör og krásir.

Vesturgötu 4

ÍSLENSKA BARINN  
THE ICELANDIC BAR • REYKJAVÍK

Lifandi tónlist alla helgina. Íslensku bjórarnir og langbestu borgararnir.

Ingólfsstræti 1a

JÖR  
— by —

GUDMUNDUR JÖRUNDSSON

Laugavegi 89

Couture

Laugavegi 86

SUIT  
EST 1994  
REYKJAVÍK

Skólavörðustíg 6

Þessir aðilar styrkja Októberhátíðina rausnarlega með veitingum:

Sæl Kera  
Búðin  
BITRUHÁLSI

m

VÍFILFELL



**ÞENNI** Eymundsson

**NOSTALGÍA**

*Lífstykkiabúðin*

**MYCONCEPTSTORE**

Erlendar bjórbækur á 30% vildarafslætti.

Októbersprengja. Geggjuð tilboð á nýjum vörum.

Góð tilboð í gangi í allan dag.

Léttar veitingar. Kósý stemning.

Austurstræti 18/ Laugavegi 77/  
Skólavörðustíg 11

Laugavegi 39

Laugavegi 82

Laugavegi 45

**eva**

**ANNARANNA**

**STURLA**

**BLUE LAGOON  
ICELAND**

Nýjar og spennandi vörur, léttar veitingar í boði. Hlökkum til að sjá þig.

Ný sending frá danska merkinu okkar, Storm&Marie. Full búð af fallegum vörum.

20% afsláttur af völdum vörum. Góð tónlist og veitingar að hætti hússins.

3 fyrir 2 á völdum vörum. Opíð til kl. 17.

Laugavegi 26

Laugavegi 77

Laugavegi 27

Laugavegi 15



*Spiritmilk*



Finnska búðin opin frameftir. 20% afsláttur. Ö! Ost! Prost!

20% til 50% afsláttur! Veitingar, tónlist og tryllt tilboð.

15% afsláttur af öllum vörum.

20% afsláttur af öllum seðlaveskjum.

Laugavegi 27

Laugavegi 28b

Bankastræti 11

Skólavörðustíg 7

**IDA**

**SIGURBOGINN**

**Ígló & Indí**

Happy hour á bjór frá kl. 17–22.

15% afsláttur af þýsku merkjunum Stehmann og Olsen.

Við tökum vel á móti ykkur, með léttum veitingum og lostæti á boðstólum.

Vesturgötu 2a

Laugavegi 80

Skólavörðustíg 4a



**MÍÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!**

— [WWW.MIDBORGIN.IS](http://WWW.MIDBORGIN.IS) —





# Aðfinnsluhrópin fljúga fram hjá

Rúna Kristín Stefánsdóttir, Bríet Bragadóttir og Jovana Cosic hafa ráðist á gamalt karlavígi og gerst dómamarar í efstu deildum fótbolta. Þær nota sína eigin dómgreind í starfinu og láta hróp og köll úr knattspyrnustúkum sem vind um eyrun þjóta.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Þær hafa komið sér fyrir í einu skoti Slippbarsins við höfnina þegar ég mæti, Bríet Bragadóttir, Jovana Cosic og Rúna Kristín Stefánsdóttir. Ég gleymi að bjóða upp á hressingu (átta mig ekki á því fyrr en ég byrja að skrifa viðtalið) en fer strax að fíkta í nýja upptökutækini. Ekkert má fram hjá mér fara sem þær segja, því dómgæsla í fótbolta er mér framaní – en þeirra sérgrein. Þær eru allar með landsdómaraáttindi og dæma í efstu deildum. Rúna er auk þess komin á alþjóðalista og allur heimurinn er undir.

## Lenda ekki í samstuði

Allar byrjuðu þær ungar að spila fótbolta, Bríet með Sindra á Höfn þegar hún var fimm ára, síðar með KR og Þrótti í Reykjavík, Rúna lék með ÍR og Jovana með tveimur liðum í Serbíu áður en hún flutti hingað árið 2005 og gekk til liðs við HK/Víking.

## Hvað kom til að þær sneru sér að dómaraströfum?

Rúna: „Ég var 16 ára að þjálfá 7. og 8. flokk karla og kvenna hjá ÍR og öðlast þjálfaraáttindi hjá ÍSÍ. Mér fannst við hæfi að ég kynni reglurnar sem dæmt er eftir og ákvað að fara á unglingsdómaraáttindi. Svo hætti ég að þjálfá í tvö, þrjú ár en þegar ég ætlaði að byrja aftur fannst mér ég þurfa að kunna að meira um lögin svo ég tók héraðsdómaraáttindi 2009 hjá KSÍ. Í kjölfarið var mér boðið að dæma og síðan hef ég verið í því. En ég hætti að spila fótbolta út af meiðslum.“

## Verður ekki dómari að hlaupa mest af öllum?

Rúna: „Jú, en hann lendir ekki í samstuði eins og í leikjum og það munar öllu.“

Bríet: „Þegar ég var að æfa með þriðja flokki hjá KR var mælt með að allir færu á unglingsdómaraáttindi og ég gerði það. Stuttu seinna meiddist ég illa á ökkla og var heilt ár frá. Á þeim tíma var boðið upp á héraðsdómaraáttindi fyrir konur. Ég skellti mér á það og ætlaði síðan að byrja aftur í fótbolta en gekk ekki nógu vel. Þá var hringt í mig frá KSÍ og ég beðin að dæma.“

Jovana: „Ég fór á dómaraáttindi í Serbíu 2003 með bestu vinkonu minni, byrjaði strax að dæma og hélt því áfram af og til meðan ég spilaði hér og hef verið í landsdómaraáttindum síðan 2010.“

Rúna: „Svo er hægt að fá alþjóðleg réttindi líka, með tilnefningu frá KSÍ. Ég er eina konan í augnablikinu hér á landi með þau, sem aðstoðardómari. Er búin að vera á FIFA-listanum síðan 2011 og hef farið þrjár til fjórar ferðir út á ári. Það er mjög gaman.“

Þær eru sammála um að dómaraströf er skemmtilegt. „Annars værum við ekki í þessu,“ segir Bríet ákveðin.

## En er ekki alltaf verið að skrattast í dómurum?

„Eftir því sem reynslan eykst er auðveldara að brynja sig gegn því,“ segir Bríet. „Já, maður hættir að hlusta,“ tekur Rúna undir. „Hrópin fara ekki einu sinni inn um annað og út um hitt heldur fljúga fram hjá.“

Bríet: „Við ræðum leikina eftir á til að finna út hvornig við getum bætt okkur og hvað aðrir segja skiptir ekki öllu máli fyrir okkar niðurstöðu.“

Rúna: „Í sumar hefur líka verið einstaklingur frá KSÍ á hverjum leik að fylgjast með störfum dómara í efstu deildum bæði karla og kvenna. Það er gagnlegt.“

## Strákar taka meiri spretti

Þær telja framkomu við kvendómara síst verri en við karla í sömu

stöðum hér á landi, af hálfu leikmanna og áhorfenda, og segjast fá mikinn stuðning frá öðrum dómurum og KSÍ.

Jovana: „Hér á Íslandi er miklu meira jafnrétti í fótbolta en í Serbíu. Þar eru margar stúlkur að spila og dæma en það er alltaf lítið á þær sem annars flokks, jafnvel þótt þær standi sig betur en strákar.“

## En er ólíkt að dæma konur og karla?

Bríet: „Nei, ég undirbý mig ekkert öðruvísi fyrir karla og kvenna. Þetta er sama verkefnið og sömu reglur sem við fylgjum þó við sjáum aðeins aðra útfærslu á fótbolta eftir kynjum. Stelpur hlaupa til dæmis á jafnari hraða en strákar, þeir taka meiri spretti en dómari getur verið jafnþryggtur eftir kvenna- og karla og það er gott að skipta á milli. Því betri sem leikmenn eru, því skemmtilegra er dómaraströf.“

Rúna: „Mér finnst fínt að taktík-in sem stelpur og strákar nota skuli ekki vera alveg eins. Þeir eru með hraðari skiptingar.“

Jovana: „Mér finnst meira gaman að dæma strákaleiki, það er enn meiri áskorun.“

Bríet er nemi í sjúkrahjálfun, Rúna vinnur í Hinu húsinu og Jovana er viðskiptaþróunarstjóri í verkfræðifyrirtæki. En skyldi dómaraströf vera vel launað? „Það gerir þetta enginn nema hann hafi virkilegan áhuga,“ segir Bríet. „Ég lít ekki á dómaraströf sem vinnu,“ segir Rúna. „Þetta bara eins og að stunda íþrótt. Ég þarf að halda mér við þó tímabilið sé búið því ég gæti fengið verkefni erlendis.“ Þær fullyrða að launin séu þau sömu hjá báðum kynjum, Jovana segir það þannig í Serbíu líka.

Rúna og Bríet eiga báðar kærasta. Rúna heldur að sínum kærasta hafi fundist það frekar skrítið í byrjun að hún væri knattspyrnudómari. „Það er ekki eins og það sé algengt,“ segir hún.

## Miklir möguleikar

Bríet telur það vera af ókunnugleika á dómaraströfinu sem svo fáar konur sinna dómgæslu í boltaleikjum.

Rúna: „Það er svo mikil gagnrýni á dóma og stelpum finnst það kannski fráhrindandi. En mér finnst þær ættu að prófa. Í því felast svo mikil tækifæri. Tveimur árum eftir að ég byrjaði var ég komin á alþjóðlegan lista og á fjórum árum er ég búin að fara 15 til 20 ferðir til útlanda til að dæma, stundum bara einn landsleik, stundum tóra, til landa sem ég færi aldrei annars til. Var í Rúmeníu fyrir þremur vikum, til dæmis.“

Alla hvetja þær stelpur til að koma í dómaraáttindi og segja miklu meiri möguleika þar en á að komast í landslið. „Ef stelpur hafa áhuga og hæfni og eru tilbúnar að leggja á sig þá vinnu sem þarf til að ná langt í dómaraströfinu þá er það fljótt að gerast,“ segir Rúna. „Strákar eru að keppa við 50 aðra. Við erum bara fjórar á landinu enn svo við komumst miklu hraðar upp listann, þv á alþjóðavísu dæma konur konur og karlar karla.“

Bríet: „Þó ég hafi ekki aldur enn til að vera á alþjóðalista get ég tekið þátt í æfingamótum erlendis. Við Rúna og Birna Bergstað vorum til dæmis á Spáni að dæma á æfingamóti landsliða undir 23 ára og við Jovana fórum til Svíþjóðar að dæma á móti undir 16 ára landsliða.“

Jovana: „Fyrir mig var það lógískt að fara út í dómgæslu eftir að ég hætti að spila fótbolta því ég elska fótbolta. En þó svo stelpur hafi ekki æft þá eru þær samt velkomnar til að læra reglurnar og dæma og hafa gaman. Það eru mín skilaboð.“

## Rúna Kristín Stefánsdóttir

„Mér fannst við hæfi að kunna reglurnar sem dæmt er eftir og ákvað að fara á unglingsdómaraáttindi.“

## Bríet Bragadóttir

„Þó ég hafi ekki aldur enn til að vera á alþjóðalista get ég tekið þátt í æfingamótum erlendis.“

## Jovana Cosic

„Fyrir mig var það lógískt að fara út í dómgæslu eftir að ég hætti að spila fótbolta því ég elska fótbolta.“



## Ein af fjórum sem dæma í efstu deildum



DÓMARI OG ÖRYGGISVÖRÐUR „Þetta er skemmtilegt aukastarf og félagskapurinn góður,“ segir Birna Bergstað.

MYND/AUDUNN

Birna Bergstað Þórmundsdóttir, öryggisvörður hjá Securitas á Akureyri, er ein þeirra fjögurra íslensku kvenna sem dæma í efstu deildum á landsvísu, mest norðan heiða. Þar sem tengsl dómara við leikmenn eru bönnuð er hún spurð hvort þær reglur þvælist ekkert fyrir henni í fámenninu. „Nei,“ svarar hún. „Ég er fædd og uppalin á Blönduósi og hef bara tengingar þangað. Þar er ekkert kvennalið og ég dæmi ekki þar.“

Þór KA er í Pepsideild kvenna og Birna kveðst hafa dæmt marga leiki með því liði, líka hjá öðrum kvennaliðum, svo sem á Sauðárkróki og Húsavík og karlaliðum á Dalvík og Grenivík. „Þetta er skemmtilegt aukastarf og félagskapurinn góður,“ segir hún og kveðst hafa smitast af dómaraáttindum af Kristni Jakobssyni frænda sínum. „Ég bara dreif mig á námskeið og kastaði mér út í djúpu laugina.“ Segir stefnuna hafa á tímabili verið að komast á alþjóðalista en hún sé ekki sérlega spenn fyrir því lengur. „Ég á tvö börn og met meira að eiga tíma með þeim. Þetta er ágætt svona.“

## → Fáar konur dæma í efstu deildum

Engar konur eru starfandi í augnablikinu sem dómamarar í efstu deildum innan Handknattleikssambandsins en fjöldi í yngri flokkum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var fyrsta konan til að dæma í efstu deildum karla og kvenna.

Tvær konur dæma í efstu deild innan Blaksambandsins, að einhverju ráði. Á dómaraáttindum þær eru 37 dómamarar, þar af 12 konur.

Ein kona er virk í dómgæslu á vegum Körfuknattleikssambandsins. Hún er að koma til baka eftir meiðsli og byrjar í neðri deildum, en reiknað er með henni í efstu deild kvenna í vetur.

Fyrsta konan til að hljóta dómaraáttindi innan KKÍ var Mínerva Jónsdóttir. Hún lauk prófi á fyrsta námskeiðinu sem haldið var 1952 en fyrsta konan til að dæma eitt-hvað að ráði var Sólveig Pálsdóttir, í kringum 1985.



Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

## VIÐSKIPTATÆKIFÆRI TIL FRAMTÍÐAR



## Er tækifærið þitt í Egilshöllinni?



Um milljón gestir koma í Egilshöll á hverju ári og viljum við nú gefa fleiri fyrirtækjum tækifæri til þess að hefja starfsemi í þeim rýmum sem nú eru laus til útleigu og verða laus á næstu mánuðum.

Nánari kynningargögn og upplýsingar má finna á heimasíðu Egilshallarinnar, [egilshollin.is](http://egilshollin.is), eða á heimasíðu Regins hf., [reginn.is](http://reginn.is)

Kynningarfundur verður haldinn í Egilshöll miðvikudaginn 15. október kl. 12.



**HÓTEL ÖRK****Hveragerði**

Teiknað á níunda áratugnum.

Stærsta húsið sem hann teiknaði á ferli sínum.

**RAUÐALÆKUR 18** Reykjavík  
Teiknað á sjötta áratugnum.**SAFAMÝRI 46-50** Reykjavík  
Teiknað seint á sjöunda áratugnum.**LINDARFLÖT 16** Garðarhreppi  
Teiknað á sjöunda áratugnum.**SELJUGERÐI 12** Reykjavík  
Teiknað á áttunda áratugnum.**LAUGARÁSVEGUR 10** Reykjavík  
Teiknað á níunda áratugnum.**LAUGARÁSVEGUR 20** Reykjavík  
Teiknað á níunda áratugnum.**SÚLUNES 15** Arnarnesi  
Teiknað á níunda áratugnum.**BAKKAVÖR 12** Seltjarnarnesi  
Teiknað á níunda áratugnum.**LÆKJASMÁRI 78-90** Kópavogi  
Teiknað í byrjun tíunda áratugarins.**STEFÁN BENEDIKTSSON**  
ARKITEKT**Einfaldleikinn og „rjómatertuhúsin“**

Pvert á það sem margir segja um stíl Kjartans er Stefán Benediktsson arkitekt á því að hann hafi haft einfaldleikann í fyrirrúmi. „Að „rjómatertuhúsunum“ undanskildum,“ tekur hann þó skýrt fram. „Á áttunda áratugnum fór að bera á súlum og bogum og seinna skrautlegum þakköntum. Slíkt rataði þó aldrei á fjölbýlishúsin.

Stefán segir þróunina athyglisverða í ljósi þess að á áttunda áratugnum gekk yfir póstmódernísk bylgja. „Einfaldleikinn vék og innblásturinn var sóttur í fornar byggingar Grikkja og Rómverja. Ég held ekki að Kjartan hafi meðvitað fylgt þessum straumum, áhrifin hafi fremur tengst auknum sólarlandaferðum Íslendinga, sem heilluðust af spænskum glæsivillum,“ segir Stefán og telur að húsin sem kennd eru við rjómatertur hafi þó ekki fallið sérstaklega að smekk Kjartans. „Sú sannfæring hans að koma sem best til móts við viðskiptavinina réð ferðinni. Vinsældir hans risu hæst á sjöunda og áttunda áratugnum, teikningar hans voru ódýrar og húsin einföld í uppslætti og mörg alveg eins.“

Að sögn Stefáns voru vinnubrögð Kjartans með öðrum hætti en arkitekta almennt. Hann hafi látið viðskiptavinina skoða teikningasafn sitt eða kannað hvort eitthvert hús eftir hann vekti áhuga þeirra. Stefán hafnar því að arkitektar hafi átt í deilum við Kjartan vegna þessa. Því sé þó ekki að neita að hann hafi oft borið á góma í samræðum þeirra, enda gangi slík vinnubrögð gegn þeirri hugsun arkitektsins að hver viðskiptavinur eigi „sína“ lausn skilið.

„Kjartan hafði tvímælalaust áhrif,“ segir Stefán og bætir við Kjartan hafi þó ekki átt sök á því að barnaherbergi í fjölbýlishúsum á sjöunda áratugnum voru aðeins litlar skonsur. Slíkt hafi helgast af lánaforsendum.

**AFKASTAMIKILL** Vinsældir Kjartans Sveinssonar risu hæst á sjöunda og áttunda áratugnum.

# Kjartanshús út um borg og bí

**Kjartan Sveinsson** byggingatæknifræðingur, sem nú er nýlátinn, setti óneitanlega svip sinn á íslenskt umhverfi til frambúðar. Kjartanshúsin svokölluðu eru fjölmörg og má stundum þekkja á súlunum.

**M**aðurinn sem stundum var kallaður arkitekt þjóðarinnar var ekki arkitekt og gaf sig heldur aldrei út fyrir að vera slíkur. Samt risu hús af öllum stærðum og gerðum eftir hann út um borg og bí í þúsundavís frá árunum í kringum 1960 og fram eftir tíunda áratug þessarar aldar. Kjartan Sveinsson, sem nú er nýlátinn 88 ára að aldri, var aftur á móti menntaður byggingatæknifræðingur frá Katrineholms-tækniskólanum í Svíþjóð, þaðan sem hann útskrifaðist 1955, eftir að hafa áður lært húsasmíði hér heima. Á löngum starfsferli var hann óhemju afkastamikill, en hann lét ekki af störfum fyrr en hátt á átt-ræðisaldri.

Að námi loknu hóf Kjartan störf hjá Húsameistara Reykjavíkurborgar, þar sem hann starfaði í sex ár áður en hann stofnaði eigin teiknistofu 1961 sem hann rak um áratugaskeið. Eins og alla jafna tíðkast þegar hús og byggingar eru annars vegar höfðu menn og hafa enn misjafnar skoðanir á verkum hans, sumum þótti nóg um íburðinn, súlurnar og skrautið, sem þeir sögðu höfundareinkenni hans, súlurnar sérstaklega. Engu að síður féll stillinn vel í kramið hjá mörgum og átti Kjartan gríðarlegum vinsældum að fagna hjá þeim sem í starfstíð hans voru að koma sér þaki yfir höfuðið, hvort sem það voru einbýlishús, raðhús eða íbúðir í fjölbýli. Skólar, hótél og skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði voru líka á teiknaborðinu.

Kjartan setti því óneitanlega svip sinn á íslenskt umhverfi til frambúðar. Og sjálfur fór hann ekki með veggjum, sérstaklega ekki þegar hann ók um götur borgarinnar á fókdyrum og fágætum eðalvagni, sérstakri afmælisútgáfu af Lincoln Continental Mark V, árgerð 1978, með fangamark sitt skrautmálað á hurðirnar. R 1960 vakti hvarvetna athygli og addáun og menn gerðu því skóna að bíllinn kostaði ígildi þriggja herbergja íbúðar. Glæsileikinn var sagður í stíl við húsin hans, sem mörg hver minntu á villur á spænskri sólarströnd eða Southfork, bústað hinnar auðugu Dallas-fjölskyldu í Texas, sem hálf þjóðin fylgdist með í sjónvarpinu á þriðjudagskvöldum á þessum tíma. En það er önnur saga.

**2.000**

húsateikningar eftir Kjartan Sveinsson eru skráðar hjá Reykjavíkurborg, eða u.þ.b. 1 teikning á viku á rúmlega 40 ára starfsferli.

„Mínir bestu viðskiptavinir voru venjulegt íslenskt milli-stéttarfolk sem lagði sál sína og krafta í að byggja sér falleg og stór hús. Íslendingarnir eru bjartsýnir og áreiðanlegir.“

Kjartan Sveinsson í blaðaviðtali árið 2002.

Valgerður Þ. Jónsdóttir  
valgerdur@frettabladid.is





**690,-/stk.**

**ULLKAKTUS** púðar  
B50xL50cm. Ýmsir litir



**GULDPALM** koddí. Fylling: dúnn og fiður. B50xL60cm. Hvítt **7.490,-**



**SÁNGFÁGEL** sængurverasett B150xL200/B50xL60cm. Bleikt **2.950,-**



**HÖNSBÄR** sæng. B150xL200cm Fylling: dúnn og fiður. Hvítt **6.990,-**

# Svefnmynstrið skiptir máli

Svefn er ekki bara svefn. Það er mikilvægt að fá óslitinn gæðasvefn til að takast á við daginn, og stórt skref í þá átt er að búa sér rétta umgjörð fyrir svefninn. Mjúk og hlý gæðarúmföt, og púðar og teppi sem prýða svefnherbergið, setja þar punktinn yfir i-ið. Sofðu vel.



**990,-/stk.**

**ÁKERMADD** púðaver B40xL65cm. Grænt/blátt



**STENKLÖVER** sængurverasett B150xL200/B50xL60cm Hvítt/grátt **2.950,-**



**HENRIKA** teppi B120xL180cm Appelsínugult **2.890,-**




**BOLLTISTEL** sængurverasett B150xL200/B50xL60cm. Marglitt **4.950,-**

**3.450,-**

**TUVBRÄCKA** sængurverasett B150xL200/B50xL60cm. Svart/hvítt

**DORTHY** púðaver 100% rami B65xL40cm Hvítt **1.890,-**  
*Innri púði seldur sér*



**IKEA PS 2014** sængurverasett B150xL200/B50xL60cm Marglitt **4.950,-**



**DRAKDJUR** sængurverasett B150xL200/B50xL60cm. Blátt **3.950,-**

**2.450,-**



**SISSELA** sængurverasett B150xL200/B50xL60cm Hvítt/dökkgrátt



**HENRIKA** teppi. B120xL180cm. Brúnt **2.890,-**  
**HENRIKA** púðaver. B50xL50cm. Brúnt **1.250,-/stk.** *Innri púðar seldir sér*



**LUKTASTER** púðaver B40xL65cm. Marglitt **1.890,-**



**GURLI** teppi. B120xL180cm Túrks/blátt **2.390,-**



**IKEA PS 2014** púðaver B50xL50cm Ýmsir litir **2.890,-/stk.**



**VEITINGASTAÐURINN**

Á matseðli til 15. október:  
Kraftmikil ekta íslensk kjötsúpa  
Til að njóta á staðnum

**795,-**



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)







**39.995** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 69.995 kr.

Vnr. 50630085  
OUTBACK Meteor gasgrill,  
rautt, 3 brennarar, 8,64 kW.

VERÐVERND BYKO  
**LÆGRA  
VERÐ**

# Á VERÐI



Hautlaukar.  
Verð frá:  
**295** kr.

**VERÐLÆKKUN Á HAUSTLAUKUM**



**1.495** kr./m<sup>2</sup>  
KLÚBB verð  
Almennt verð 1.895 kr./m<sup>2</sup>

Vnr. 0113456  
KRONO ORIGINAL  
harðparket, Sea Breeze,  
192x1285 mm, 7 mm.

Vnr. 90255500  
Afturljósasett fyrir kerru, 122CM

**5.995** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 9.190 kr.

Vnr. 41118777-8  
Panna, keramik, 24 eða 28 cm.

**3.595** kr.  
KLÚBB verð frá:  
Almennt verð frá: 4.495 kr.

Vnr. 52245493  
MASSIVE kastari, GU10.

**895** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 1.795 kr.

Vnr. 93460140-4  
FOX softshell jakki, stærðir S-XXL

**7.995** kr.  
KLÚBB verð frá:  
Almennt verð frá: 9.995 kr.

Vnr. 65105754  
Hitabíásari, 1000W/2000W.

**1.695** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 1.990 kr.

Vnr. 50005035  
Jóniskur reykskynjari, 9V rafhlaða fylgir, 14x12 cm, með prufu-hnapp og gaumljósi.

**795** kr.  
KLÚBB verð  
Almennt verð 995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og prentbreytingar. Allar vörur frá BYKO Breidd en mínna framboð getur verið í öðrum vesunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á [www.byko.is](http://www.byko.is).



facebook.com/BYKO.is



málning



Vnr. 86620040/3737  
KÓPAL glitra, innimálning,  
gljástig 10, allir litir, 4 l.



KLÚBB verð  
**4.995** kr.  
Almennt verð 5.995 kr.

BYKO  
KLÚBBURINN



TEKUR ÞÁTT  
Í BLEIKUM  
OKTÓBER



Í OKTÓBER RENNA 10% AF ANDVIRDI VARA Á  
KLÚBBTILBOÐI TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS.



# FYRIR ÞIG



Vnr. 80602809  
GJOCOPROFF  
innimálning, 9 l.

KLÚBB verð frá:  
**4.995** kr.  
Almennt verð frá: 6.995 kr.

Armaturfi

Vnr. 15400000  
ARMATURA OMEGA  
eldhústæki.

KLÚBB verð frá:  
**9.995** kr.  
Almennt verð frá: 12.995 kr.



Neptum

Vnr. 10705080  
NEPTUM sturtúþil,  
80x210 cm.

KLÚBB verð  
**22.995** kr.  
Almennt verð 28.990 kr.



KLÚBB verð frá:  
**3.995** kr.  
Almennt verð frá: 5.995 kr.


Einhell  
Vnr. 74807505  
EINHELL bórnél  
BT-PO 90.

Einhell  
Vnr. 74800200  
EINHELL límbýssa  
BT- GG 200.  
4 stautar fylgja,  
11 mm þykkir.

KLÚBB verð frá:  
**1.295** kr.  
Almennt verð frá: 1.995 kr.

BOSCH  
Vnr. 74810235  
BOSCH AQT 35 háþrýstidæla, 120 bór.

KLÚBB verð  
**19.995** kr.  
Almennt verð 27.995 kr.



GROHE

Vnr. 15327794  
GROHE NewTempesta  
III sturtuset.

KLÚBB verð frá:  
**5.995** kr.  
Almennt verð frá: 7.995 kr.



# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



## 8 UPPÁHALDS-ÖPPIN

Hanna Eiríksdóttir, herferðarstýra UN Women á Íslandi



### FACEBOOK MESSENGER

Hvar væri ég án Facebook Messenger? Þarna fara fram óformlegir vinnufundir og slúðursessjón sem ég gæti ekki lifað án.

### STRÆTÓ-APPIÐ


Við strætófólkið þurfum ekki lengur að bíða í kuldanum eftir strætó. Núna hoppa ég út þegar ég sé að vagninn nálgast.

### GUARDIAN

Því ég er heimsborgari.

### INSTAGRAM

Ég lifi líka fullkomnu lífi og vil deila því með fólki.



### GOOGLE

Ég man ekkert lengur. Hvað gerði ég án Google?

### YR.NO

Ég opna norska veður-appið vandræðalega mikið. Alltaf að skoða hversu gott veðrið sé í Sevilla, Róm og London og láta mig dreyma um að vera einhvers staðar annars staðar en hér í rigningunni.

### TWITTER

Sérstaklega hentugt app. Þetta er upplýsingaveitan mín í vinnunni. Svo er það sérstaklega notendavænt, hægt að skipta á milli reikninga eins og enginn sé morgundagurinn.

### PERIODTRACKER

Hey! Ég þarf að vita hvenær ég er með egglos.

## Líf og fjör í landi skugga

### MIDDLE EARTH: SHADOW OF MORDOR

★★★★★

Playstation 4 SPENNA

Að spila leikinn **Middle Earth: Shadow of Mordor** er fyrst og fremst mikil skemmtun. Svokallað Nemesiskerfi gerir hverja spilun öðruvísi en aðrar. Það sem vantar þó í leikinn er eftirfylgni. Markmið leiksins er að byggja upp her orka frá Mordor, en þegar herinn er klár hefur maður lítið sem ekkert við hann að gera. Í raun eru fyrstu klukkutímarnir skemmtilegasti hluti leiksins. Maður tekur varla eftir því þegar



leikurinn klárast. Þó tekur maður eftir því að leikurinn gerir manni ljóst að líklega muni framhaldsleikur líta dagsins ljós. **Samúel Karl Ólason**



## Einn besti hrollvekjuleikur allra tíma

### ALIEN: ISOLATION

★★★★★ Xbox One HROLLVEKJA

Grafíkin í **Alien: Isolation** er stórbrotin og sviðsmyndin einnig. Nöturlegir gangar geimskipsins Sevastopol eru óþægilega raunverulegir. Spilarinn leiðir Amöndu um geimskipið, á flótta undan geimverunni. Skrímslið er þungamiðja sögunnar

og aldrei í tölvuleikjasögunni hefur andstæðingur herjað af jafn miklum krafti á spilarann. Það er í raun eins og raunveruleg manneskja sé að stjórna ferlíkinu.

AI er innblásinn af fyrstu Alien-myndinni og áhugamönnum um kvikmyndina er nánast skylt að upplifa þennan ótrúlega leik. Skráður ættu að halda sig fjarri. **Kjartan Hreinn Njálsson**



MAÐUR OG VÉL Gríðarlegar framfarir hafa átt sér stað í gervigreind á síðustu árum.

# Guðinn úr vélinni

„Ógnvaldurinn í vélinni“ er heiti á kafla í æviminningum iðnjöfursins Henrys Ford. Þar blæs Ford á fullyrðingar um að færibandavinnan sé lamandi tól framleiðslunnar. Tæpri öld síðar er máttur vélarinnar enn til umræðu.

Kjartan Hreinn Njálsson  
kjartanh@365.is



Stórkostlegar framfarir hafa átt sér stað í gervigreindarfræðum síðustu ár. Gervigreind snertir flesta fleti okkar daglega lífs, allt frá samgöngum til tölvuleikja.

Framtíð gervigreindar er þó hulin ráðgáta. Vísindamenn skiptast í hópa. Sumir óttast útrýmingu mannkyns. Aðrir eru ekki jafn svartsýnir.

Eðlisfræðingurinn Stephen Hawking tilheyrir fyrri hópnum. Í nýlegri grein fullyrðir hann að ofursnjöll gervigreind sé í raun hafin yfir markmið og gildi mannsins. Hún sé óútreiknanleg og þar með hættuleg. „Þróun gervigreindar yrði stærsta augnablik mannkynssögunnar. Því miður yrði það líklega það síðasta,“ ritadi Hawking.

Þessu er Kristinn Rúnar Þórsson, dósent í tölvunarfræði, ekki sammála. Hann stýrir námi í gervigreind í HR. „Ég er sammála að dýpri skilningur okkar á greind er mikilvægur. Vísindin gætu svarað helstu spurningum varðandi greind á næstu 10-50 árum. Margar stórar spurningar vísindanna – um alheiminn, lífið, og meðvitund okkar – verða enn til staðar,“ segir Kristinn. Hann hefur litlar áhyggjur af hugsanlegum tilvistarlegum fylgikvillum gervigreindar og er bjartsýnn á möguleikana. „Það hlýtur að vera hápunktur iðnbyltingarinnar þegar verksmiðjurnar öðlast greind.“

### Sá sem sefur á vaktinni

Kristinn segir það vera á valdi mannsins hvernig vélarinnar verða notaðar. Vitanlega sé hægt að misnota þessa tækni, eins og aðra, en innbyggð öryggiskerfi ættu að koma í veg fyrir það. „Alhliða gervigreind verður töluvert ólík þeim hugbúnaði sem við þekkjum í dag,“ segir Kristinn. Vegferðin í átt að gervigreind mun segja mikið um þann veruleika sem blasir við þegar ofursnjöll vél virðir fyrir sér alheiminn í fyrsta skipti.

Síðustu ár hefur Kristinn rannsakað vélar sem geta tekið þátt í eigin hönnun. „Þetta eru kerfi sem geta komið með hugmyndir út frá eigin röksemdafærslum. Hérna erum við að tala um nýja tegund kerfa.“ Sú gervigreind sem við notum í dag er með öllu háð kóðun sinni og handahófskenndum skipunum forritarans. Aðferðafræði tölvunarfræðinnar skapi vélar sem Kristinn kallar „idiot/savant“-kerfi. Vélarinnar sem Kristinn er að þróa verða mögulega til þess að fleyta okkur yfir þröskuldinn í átt að ofurgreind. Þetta gæti átt sér stað á tiltölulega stuttu tímabili, enda erum við hér að tala um stafræna tímaskala, ekki lífræna.

### 01000111011101011110000

Hvernig maðurinn kys að nota þessa stórkostlegu tækni er síðan stóra spurningin. „Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að vélarinnar taki yfir,“ segir Kristinn. „Heldur hvernig við notum þær. Stærsti veikleiki þeirra liggur í manneskjunninni. Við verðum að hugsa hvernig við viljum að þjóðfélagið þróist.“

Kristinn bendir á misskiptingu auðs. Sem hergagn yrði gervi-



Próun gervigreindar yrði stærsta augnablik mannkynssögunnar. Því miður yrði það líklega það síðasta.

Stephen Hawking, eðlisfræðingur



Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að vélarinnar taki yfir. Heldur hvernig við notum þær. Stærsti veikleiki þeirra liggur í manneskjunninni.

Kristinn Rúnar Þórsson, dósent í tölvunarfræði

greind margfalt áhrifameiri en kjarnavopn til að knésetja þjóðfélagsþróun og þjóðir. Fátækari þjóðir yrðu ávallt fyrir barðinu á þeim þjóðum sem réðu yfir hinum nýja „stafræna drottinni“.

„Greind er ekki stærðfræðilegt fyrirbæri, heldur raunvísindalegt. Háð orku, tíma og eðlisfræðilegum lögmálum. Þannig hefur gervigreindin efnislegar takmarkanir þar sem hvorki orka né tími eru ótæmandi auðlindir. Við vitum ekki nákvæmlega hvernig þróunin verður, en við vitum þó að ekki eru „allir möguleikar opnir,“ segir Kristinn að lokum.

# Vinnustaðanámssjóður

## Umsóknarfrestur til 14. nóvember

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr vinnustaðanámssjóði.

Umsóknarfrestur rennur út 14. nóvember, kl. 17:00.

Vinnustaðanámssjóður veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi.

Umsóknargögn er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is). Umsóknum skal skila á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Hrafnkelsdóttir, sími 515 5800, [hulda.hrafnkelsdottir@rannis.is](mailto:hulda.hrafnkelsdottir@rannis.is)





# SMÁKÖKUSAMKEPPNI GESTGJAFANS OG KORNAX

SÚKKULAÐISMÁKAKA ÁRSINS 2014

Árleg smákökusamkeppni Gestgjafans og KORNAX fer fram 20. október nk. Skilyrði er að í smákökunum sé bæði KORNAX hveiti og súkkulaði frá Nóa Sírius. Einnig má hver smákaka ekki vera stærri en 5 cm í þvermál. Verðlaunauppskriftirnar munu birtast í kökublaði Gestgjafans sem kemur út 7. nóvember. Vinnings smákakan verður í boði á jólahlaðborði Argentínu.

Nánari upplýsingar á [www.kornax.is](http://www.kornax.is)

## Vegleg verðlaun

### 1. verðlaun

Glæsileg KitchenAid-hrærivél frá Einari Farestveit, KORNAX-hveiti í baksturinn, ársáskrift að Gestgjafanum, gjafakarfa frá Nóa Sírius, máltíð á Argentínu að verðmæti 30.000, gjafakort frá Krónunni að verðmæti 30.000 kr.

### 2. verðlaun

KORNAX-hveiti í baksturinn, ársáskrift að Gestgjafanum, gjafakarfa frá Nóa Sírius, gjafakort frá Krónunni að verðmæti 20.000 kr.

### 3. verðlaun

KORNAX-hveiti í baksturinn, ársáskrift að Gestgjafanum, gjafakarfa frá Nóa Sírius, gjafakort frá Krónunni að verðmæti 10.000 kr.



**KORNAX**

**NÓI SÍRIUS**

**ARGENTINA**

**Einar Farestveit & Co.hf.**  
Borgartún 28 • Símar: 820 7901 & 520 7800 • [www.ehf.is](http://www.ehf.is)

**KRÓNAN**



## LANDS-LEIKUR Í LESTRI

Lestrarvefurinn Allir lesa var opnaður í gær. Í kjölfarið er efnt til landsleiks í lestri, þar sem hópar skrá sig til leiks og lesa til sigurs. Leikurinn hefst þann 17. október, en byrjað var að skrá í lið í gær, á slóðinni allirlesa.is.

FÆRT TIL BÓKAR



## Dunham dissuð í Guardian

Gagnrýnandi The Guardian, Hadley Freeman, er ekki þar hrifin af bók **Lenu Dunham**, Not That Kind of Girl. „Það er munur á kynferðislegri hrein-skilni og því að stinga hausnum upp í eigin leggöng,“ segir hún í harðorðum dómi.



## Stórskotalið á Iceland Noir

Búið er að birta lista yfir þátt-takendur í Iceland Noir í nóvember. Meðal höfunda sem taka þátt eru **Johan Theorin**, Vidar Sundstol, Antti Tuomainen, Jón Atli Jónasson og fjöldi annarra höfunda og þýðenda, erlendra sem íslenskra.

## Upp á líf og dauða í bókum fyrir börn

Málstofa sem kallast Upp á líf og dauða í bókum fyrir börn verður haldin í Norræna húsinu í dag frá klukkan 13 til 14.30. Rithöfundarnir Gillian Cross frá Bretlandi, Marjolijn Hof frá Hollandi og Seita Vuorela frá Finnlandi hittast til að ræða hvernig rithöfundar og barnabókmenntir nálgast viðkvæm viðfangsefni á borð við dauðann – og hvers vegna þeir finna sig knúna til þess. Málstofustjóri er **Pórdís Gísladóttir**. Málstofan fer fram á ensku og er hluti af alþjóðlegu barnabókmentahátíðinni Mýrinni.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Eðlilegt að vilja drepa gerandann

Skáldsagan Kata eftir **Steinar Braga** tekur á afleiðingum kynferðislegs ofbeldis gegn konum á óvæginn og oft sjokkerandi hátt. Steinar segir aðalpersónuna, Kötú, hafa tekið af sér ráðin og sumt í bókinni þyki honum sjálfum siðferðilega hæpið.

Friðrika Benónýsdóttir  
fridrikab@frettabladid.is



„Kata er kona sem missir dóttur sína við skelfilegar aðstæður og fer í gegnum sorg. Bókin lýsir tilfinningalegri og pólitískri vakningu hennar. Þar hefurðu fimm hundruð blaðsíðna bók í sem stystu máli,“ segir Steinar Bragi beðinn að summera upp inn-takið í nýjustu skáldsögu sinni, Kötú. „Rauði þráðurinn í bókinni er kynferðislegt ofbeldi gegn konum og það var nokkuð óvænt fyrir mig hvað tókin á því urðu pólitísk, allavega lengi framan af bókinni. Ég hafði ekki beint séð það fyrir mér að ég myndi skrifa bók sem ætti félagslegt erindi, en það gerðist sísvona. Það er ekki eins og ég leggi upp með eitthvert sérstakt erindi þegar ég byrja að skrifa bók heldur kviknar hjá mér áhugi á dramatískum kringumstæðum, eins og í þessu tilfalli, ég stíg til hliðar og leyfi þeim að fara sína leið.“

Steinar Bragi segist hafa viljað skrifa um persónu sem væri ólík honum að flestu leyti en Kata hafi komið honum á óvart. „Svo tók hún yfir bókina. Um miðbik bókar byrjar persónan að lifna og höfundurinn deyr, þannig séð. Það er margt í bókinni sem mér sjálfum þykir siðferðilega hæpið og gæti ekki hvatt neinn til að gera, en þessi persóna velur aðra leið og tekur beint strík inn á svæði þar sem ég hélt að færi öðruvísi fyrir henni, en ég ætla ekki að afhjúpa það hér hvernig fer.“

## Þekkir afleiðingar ofbeldis

Félagslegu skilaboðin í Kötú eru kristaltær. „Þegar kerfið bregst verður einstaklingurinn að grípa til sinna ráða. Það hefur ríkt gríðarleg óánægja með framgang mála sem varða kynferðisofbeldi. Ekki bara að dómarnir séu vægir heldur hvað sönnunarbyrðin er ofboðslega ströng. Eða eins og Kata segir í bókinni: Sönnunarbyrðin í kynferðisofbeldismálum hlýtur að vera strangari en í eðlisfræðirannsókn. Sumum dómurum virðist bara aldrei vera hægt að sýna fram á nauðgun. Það er líka dálítið sláandi hvað við skorum hátt í nauðgunum. Tölur frá 2003 sýna 24 kærðar nauðganir á hverja hundruð þúsund íbúa á Íslandi á meðan meðaltalið á Norðurlöndum er tíu. Sex árum síðar – samkvæmt skýrslu innanríkisráðuneytisins þá er meðaltalið komið í 32 nauðganir á hundruð þúsund íbúa. Ekki nóg með það heldur eru aðrar tölur slæmar fyrir Íslendinga líka; hversu alvarlegt kynferðisofbeldið er, hversu ofboðslega fáar kærur fá náð fyrir augum saksóknara og í hve fáum er sakfelld.“

Hvers vegna sækir þessi mála-flokkur svona sterkt á tæplega fertugan karlmann? „Ég veit það



STEINAR BRAGI „Ég komst að því að nánast allar stelpur sem ég þekkti höfðu orðið fyrir jafnvel grófu kynferðisofbeldi á einhverjum tímamarki.“

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ekki, málið er mér bara skylt. Þegar ég las Á mannamáli eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur fyrir fimm árum var ég mjög sleginn yfir tölunum sem þar komu fram og ég fór að taka betur eftir ofbeldinu sem konur í kringum mig höfðu orðið fyrir. Ég komst að því að nánast allar stelpur sem ég þekkti höfðu orðið fyrir jafnvel grófu kynferðisofbeldi á einhverjum tímamarki. Ég hef líka reynslu af afleiðingum ofbeldisins, sem eru mjög slæmar og oft langvarandi.“

Meðal kveikjanna að Kötú segir Steinar Bragi hafa verið dvöl í sumarþústað þar sem hann las lífsreynslusögur Vikunnar í hrönnum, meðal annars sögu konu sem hafði verið byrjuð ólyfjan og nauðgað af þremur mönnum samkvæmt læknisskoðun á Neyðarmóttöku, en mundi ekkert. „Ég á bág með að skilja hvernig fólk jafnar sig á slíkri reynslu, eftir að hafa verið svipt sjálfræði sínu, gert að dauðum hlut sem höfð eru not af og skilað.“

Saga Kötú er sögð út frá sjónarhóli aðstandandans, ekki fórnarlambins, hvers vegna valdirðu þá leið? „Það er auðvitað næst mínu sjónarhorni á þessu mál og gerðist bara af sjálfu sér strax í upphafi.“

## Kalman í dúkkuhúsi

Þú ert alveg óhræddur við að nota raunverulegar persónur úr íslenskum samtíma, er það ekki hættulegt? „Nei, nei, ég nenni ekki alltaf að búa til einhver sæt dulnefni og svo lengi sem maður særir ekki fólk óskaplega mikið finnst mér þetta allt í lagi.“ Er Jón Kalman búinn að lesa bókina? „Nei, en hann var líka tilnefndur til Nóbelsverðlauna og hefur eflaust annað að hugsa um. Kata er hrifin af honum, að minnsta kosti framan af bók, og svo fær hann að leika sér í dúkkuhúsi, hann hlýtur að hafa gaman af því.“

Hvað sem Jóni Kalman mun finnast þá má búast við því að þessi bók vekur mikil viðbrögð, hvernig list þér á það? „Það getur nú alltaf brugðið til beggja vona í bókafloði en jú, jú, ég finn fyrir miklum áhuga á bókinni og þessum málaflökki. Það hefur alveg furðulega lítið verið skrifað um þetta í íslenskum skáldskap.“

Bókin kemur beint inn í HeforShe-umræðuna en Steinar segist ekki skilja þá baráttu þannig að karlar eigi að hjálpa konum að ná jafnrétti, þetta snúist um jafnrétti fyrir alla. „Annað kynið á ekki að hjálpa hinu heldur ætti

þetta að snúast um sameiginlegt réttlætismál fyrir alla og mikilvægt að karlmenn detti ekki í það að fara að bjarga konum með því að beita sér í þessum málum.“

Samkvæmt þessum tölum sem þú nefndir áðan virðist kynferðislegt ofbeldi samt aukast með auknu jafnrétti, kanntu skýringu á því? „Eins og listamaðurinn í Konum segir: „Fyrir hverja konu sem kemst inn á þing eru þúsund svívirtar í klámmyndum.“ Það er frústreruð karlmennska sem finnur sér leiðir. Þess vegna er svo mikilvægt að ná breiðari samstöðu um jafnréttið. Femínistar hafa náð ágætum árangri víða og hérna á Íslandi, en ég veit að ef fleiri karlar beittu sér mætti þoka umræðunni lengra upp úr skotgröfunum. Körlum finnst sér svo oft vera ógnað þegar konur vísa í tölur yfir kynferðisofbeldi og þá er viðkvæðið alltaf: „Við erum ekki allir slæmir, það eru ekki allir karlmenn nauðgarar.“ Þannig tekst þeim í varnarstöðunni að horfa fram hjá tölunum sjálfum og hversu alvarlegar þær eru.“

## Auga fyrir auga

Þú segir að Kata hafi tekið af þér stjórtnina við skriftirnar, hvernig

”Tölur frá 2003 sýna 24 kærðar nauðganir á hverja hundruð þúsund íbúa á Íslandi á meðan meðaltalið á Norðurlöndum er tíu.

gekk þér að skilja við hana þegar bókin var búin? „Ég hef ekki enn skilið við hana. Hún er blóðpollur í hausnum á mér. Hún hefur sína ströngu og að sumu leyti aðáunarverðu réttlætiskennd og ég leyfi henni að fara þangað sem henni sýnist með hana. Það er svo auðvitað eðlilegt viðbragð sem allir hafa upplifað, held ég, að langa til að taka lögin í eigin hendur þegar þeir heyra af grófu kynferðislegu ofbeldi sem er ekki refsað fyrir.“

Við tölum eins og bókin sé skýrsla um kynferðisofbeldi, sem hún er alls ekki, hún er mjög vel skrifuð og byggð eins og spennusaga. „Já, ég ákvað að leyfa mér að hafa þetta spennandi. Hefnd er spennandi og þá er við hæfi að vitna í Gandhi: auga fyrir auga gerir allan heiminn blindan. Sem er auðvitað bull. Samkvæmt Kötú þýðir auga fyrir auga að tvær manneskur verði eineygðar – og eineygður gerandi er ólíklegri til að eyðileggja líf annarra.“



# SKRÁARGATIÐ

Kynningarblað



## EINFALT AÐ VELJA HOLLARA

Skráargatið er opinbert samnorrænt merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Markmiðið með Skráargatinu er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru.



# Miðlar jákvæðum eiginleikum matar

**Skráargatið** er opinbert, samnorrænt merki. Það má finna á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði um samsetningu næringarefna. Markmiðið er að neytendur geti valið hollari matvöru. Notkun Skráargatsins er valfrjáls og kostar ekkert en þó þarf að uppfylla skilyrði Skráargatsreglugerðar. Unnið er að nýrri reglugerð sem áætlað er að taki gildi á nýju ári.

Þann 28. ágúst sl. tilkynntu íslensk yfirvöld drög að nýrri reglugerð um Skráargatið til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Um er að ræða tillögu að nýrri reglugerð um Skráargatið sem mun koma í stað núverandi reglugerðar um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla. Áætlað er að reglugerðin taki gildi einhvern tíma á nýju ári.

Í þessari nýjustu endurskoðun reglugerðarinnar hefur verið lögð sérstök áhersla á skerðingu saltinnihalds og sett skilyrði fyrir mettaðar fitusýrur. Skilyrði um salt í fisk- og kjötvörum verða innleidd í fyrsta skipti. Ýmsar breytingar á matvælaflokkunum eru einnig fyrirhugaðar. Nokkrum nýjum flokkum hefur verið bætt inn í reglugerðina en einnig er tillaga um að fella einn flokk úr gildi.

Hér má finna helstu skilyrði fyrir notkun Skráargatsins en með fyrirvara um breytingar á reglugerð sem unnið er að.

- 1 Framleiðendur og innflytjendur mega nota Skráargatið á matvörur sem uppfylla viss skilyrði.
- 2 Notkun Skráargatsins er valfrjáls og gjaldfrí en ávallt verður að uppfylla skilyrði í reglugerð um Skráargatið.
- 3 Um notkun merkisins gildir reglugerð á 25 matvælaflokkum en sett eru mismunandi skilyrði um innihald næringarefna fyrir hvern flokk.
- 4 Skráargatsmerktar vörur eru næringarlega séð betur samsettar en aðrar vörur í sama flokki sem uppfylla ekki skilyrði Skráargatsins.
- 5 Reglugerðin setur skýrar reglur um merk-

ingu og markaðssetningu, auk þess sem hún tryggir rétta notkun merkisins þegar kemur að grafískri hönnun og lit.

- 6 Reglugerðin setur skilyrði sem eru sameiginleg fyrir alla 25 matvælaflokkana. Notkun sætuefna (aukefna) og ný innihaldsefni, eða samþykkt nýfæði með sætueiginleikum, eru bönnuð. Innihald transfitu takmarkast við 2 g í hverjum 100 g af heildarfitu. Matvæli sérstaklega ætluð ungbörnum og börnum undir þriggja ára aldri má ekki merkja með Skráargatinu.
- 7 Skráargatið er skilgreint sem næringarfullyrðing vegna þess að það miðlar jákvæðum eiginleikum um ákveðin næringarefni í matvörum. Því þarf merkið að vera í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar á matvælum.
- 8 Samkvæmt reglugerð nr. 406/2010 er gerð krafa um að matvælaframleiðendur og dreifingaraðilar á Íslandi tilkynni allar næringar- og heilsufullyrðingar til Matvælastofnunar.
- 9 Fyrirtæki eru sjálf ábyrg fyrir merkingu og markaðssetningu sinna vara. Ekki má nota Skráargatið í markaðssetningu og auglýsingum nema heimilt sé að merkja vöruna með Skráargatinu samkvæmt reglugerð.
- 10 Skráargatið er mest notað á forpakkaðar vörur. Meginreglan er að staðsetja merkið á framhlið umbúða.
- 11 Óinnpakkaðar matvörur, svo sem ber, ávextir, kartöflur, grænmeti, fiskur, skelfiskur og fleira sem er selt í lausri vigt, má merkja með Skráargatinu á skilti eða



veggspjaldi. Skráargatið má aðeins setja á forpakkað brauð í pokum með fullri næringargildismerkingu og uppfyllir skilyrði í Skráargatsreglugerðinni. Brauð sem eru seld í lausu má ekki merkja með Skráargatinu.

- 12 Skráargatið má eingöngu setja á forpakkaðar kjötvörur, með fullri næringargildismerkingu.
- 13 Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Matvælastofnun fara með eftirlit með Skráargatinu og bregðast við brotum á reglum.
- 14 Matvælafyrirtæki, það er stjórnendur þeirra, bera sjálf ábyrgð á að farið sé eftir

reglum um Skráargatið. Það felur líka í sér skyldu til að tryggja og hafa eftirlit innan fyrirtækisins.

Skráargatið er opinbert, samnorrænt merki. Slíkt fyrirkomulag er kostur fyrir neytendur, iðnað og verslun. Margar stórar matvælakeðjur og framleiðendur hafa starfsemi í fleiru en einu Norðurlandanna, auk þess sem mikil viðskipti eru á milli landa.

Nánari upplýsingar um skilyrði og kröfur má finna í Skráargatsreglugerðinni á mast.is.



## Sykurlaus sykur!



Sugarless Sugar hentar þeim sem vilja nota náttúrulegt sætuefni sem bragðast líkt og sykur en er án neikvæðra áhrifa sykurs og hefðbundinnar gervisætu. Þú notar sama magn, jafnvel aðeins minna, af Sugarless Sugar og af venjulegum sykri viljir þú skipta honum út fyrir hollari sætu í uppskriftum.

- Hin fullkomna blanda af náttúrulegu sætuefnunum erythritol og stevía
- Hentugur í alla matargerð og sem strásykur
- Hegðar sér eins og sykur og bragðast líkt og sykur í uppskriftum
- Án erfðabreyttra hráefna
- Hefur engin áhrif á tennur
- Hlutföllin eru 1/1 Sugarless Sugar á móti sykri
- Inniheldur lífrænt vottaða Better Stevia sem er unnin úr öllu lafinu og því sérstaklega bragðgóð

„Ég losaði mig alfarið við sykur eftir að ég uppgötvaði Sugarless Sugar. Er nákvæmlega eins á bragðið og þúsund sinnum hollari. Þökk sé NOW.“  
Ellý Ármanns

„Sugarless Sugar gerir líf heilsumelsins að dansi á rósum.“  
Ragga Nagli

NOW framleiðir náttúrulegar og lífrænar matvörur án allra óæskilegra fyllingar- og aukefna í umbúðum sem varðveita gæðin fullkomlega út líftímann.



www.nowfoods.is

Gæðakröfur NOW eru einstakar og bragðið eftir því.

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum um land allt.





# VELDU HOLLARA

Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem  
uppfyllir kröfur Skráargatsins



**Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.**

Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir kröfur Skráargatsins.

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.

Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamenskuna.

Lestu meira um Skráargatið á  
**skraargat.is**





# Skráargatsmerktum matvörum fjölgar

Innlendir framleiðendur hafa tekið ágætlega við sér frá því Skráargatið var innleitt hér á landi fyrir um ári og fjölgar skráargatsmerktum vörum jafnt og þétt. Brauðmeti er fjölmennasti skráargatsmerkti flokkurinn. Kjötvörur koma þar á eftir.

**F**rjá því að Skráargatið var innleitt á Íslandi í nóvember á síðasta ári hafa innlendir framleiðendur tekið vel við sér,“ segir Zulema Sullca Porta, sérfræðingur hjá Matvælastofnun. „Þótt við vildum sjá enn meiri aukningu, erum við sátta við þróun skráargatsmerktra vara á markaði. Kynningarblað um Skráargatið sem birtist með Fréttablaðinu fyrr á þessu ári ýtti við mörgum og erum við komin með ágætt úrval skráargatsmerktra matvara í fjölbreyttum matvörflokkum; sérstaklega í brauðmeti, tilbúnum réttum og ýmsum kjötvörum. Þessar vörur má finna í öllum gerðum matvöruverslana á landinu.“

## Brauðmeti fjölmennasti flokkurinn

Zulema segir brauð og brauðmeti enn fjölmennasta flokkinn af þeim innlendu vörum sem bera merkið. Meðal annarra stórra flokka nefnir hún kjötálegg og kjötvörur. „Þar höfum við séð mikla aukningu upp á síðkastið. Tilbúnir réttir, heitir og kaldir, eru einnig á boðstólum og nokkrar skráargatsmerktar mjólkurvörur eru í boði svo önnur dæmi séu nefnd.“

## Breytinga að vænta

Skráargatið var tekið í notkun í Svíþjóð fyrir tæplega 25 árum en fimm ár eru síðan merkið var tekið upp í Noregi og Danmörku og varð þar með samnorrænt merki. Á Íslandi gildir sama reglugerð og ytra en sú reglugerð hefur verið í endurskoðun síðan 2011. Í þeirri vinnu hefur verið lögð sérstök áhersla á að endurskoða skerðingu saltinnihalds í matvörum. Skilyrði um salt í fisk- og kjötvörum verða innleidd í fyrsta skipti í

nýrri reglugerð sem er væntanleg eftir áramót. Ýmsar breytingar á matvælaflökkunum eru einnig fyrirhugaðar. „Við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir breytingum sem verða á markaði og einnig að taka tillit til næringarráðlegginga ef þær breytast,“ útskýrir Zulema.

## Búist við nýjum flokkum

Mörg tækifæri fylgja nýrri reglugerð. Enn sem komið er eru aðeins nokkur matvæla-fyrirtæki á Íslandi sem framleiða skráargatsmerktar vörur en búast má við að þeim fjölgi jafnt og þétt á næstu árum eftir því sem viðbrögð neytenda verða betri. „Í augnablikinu virðist sem fyrirtæki séu að búa sig undir þær breytingar sem munu fylgja nýrri reglugerð. Mörg kjötiðnaðarfyrirtæki eru nú þegar farin að breyta samsetningu vara með tilliti til saltinnihalds svo dæmi séu nefnd. Þetta er áskorun fyrir fyrirtæki en ég lít líka á þetta sem tækifæri. Ég vonast til að sjá meira úrval af skráargatsmerktum vörum strax eftir áramót sem uppfylla hin nýju skilyrði.“

Hingað til hefur að sögn Zulemu verið mest þróun í kjötvörum og væntanlega verður svo áfram. Einnig má gera ráð fyrir áframhaldandi vexti í brauðvörum og tilbúnum réttum. „Þar sem nýjum flokkum verður bætt inn með innleiðingu nýju reglugerðarinnar spái ég fleiri flottum, nýjum skráargatsmerktum vörum á markað.“

## Tilkynningaskylda gefur yfirsýn

Þar sem Skráargatið telst næringarfullrýðing þarf notkun þess á umbúðum að tilkynnast til Matvælastofnunar. Stofnunin



Skilyrði um salt í fisk- og kjötvörum verða að sögn Zulimu innleidd í fyrsta skipti í nýrri reglugerð.

MYND/GUÐMUNDUR

veitir ekki leyfi heldur er eingöngu um tilkynningarskyldu framleiðanda að ræða. Tilgangur með tilkynningarskyldunni er að hafa yfirsýn yfir þau matvæli sem bera merkið héraðs.

Að sögn Zulemu eru aðstandendur Skráargatsins nokkuð sátta við viðbrögð framleiðanda. „Mörg fyrirtæki eru í stöðugri vöruþróun og nokkur þeirra hafa merkt viðkomandi vörur Skráargatinu um leið og þær hafa farið á markað.“

## Mætti gera betur í markaðssetningu

Hvað varðar markaðssetningu Skráargats-

ins í verslunum mætti að sögn Zulemu gera enn betur.

„Skráargatið má nota á óunninn fisk, grænmeti og ávexti og því höfum við vonast til að sjá notkun merkisins og markaðssetningu á þessum matvælum í meiri mæli í verslunum. Ég vona að verslanir sjái einnig ávinning í því að markaðssetja Skráargatið líkt og margir matvælaframleiðendur gera.“

Zulema segir aðstandendur Skráargatsins finna fyrir miklum áhuga neytenda og sjá þeir vísbendingar um að þeir nýti merkið við innkaup á matvöru.“



## Lesendur Fréttablaðsins undir fimmtugu eru 38 þúsund fleiri á landinu öllu en lesendur Morgunblaðsins.\*

Það samsvarar samanlögðum íbúafjölda Mosfellsbæjar, Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra.

\* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, jan–mar 2014.



Allt sem þú þarft ...



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## RÖKKURDAGAR

Grundfirðingar fagna Rökkurdögum frá 8. til 18. október. Ýmislegt verður á döfnni. Til dæmis mun björkennarinn Sveinn Waage leiða gesti í allan sannleikann um sögu bjórsins. Nánari dagskrá má finna á [grundarfjordur.is](http://grundarfjordur.is).

„9 kíló farin síðan í vor!“

Karen Hauksdóttir



Útsölastaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhúllur stórmarkaða og verslana



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T

# ÁTT ÞÚ VIÐ SVEFN- VANDA AÐ STRÍÐA?

**BALSAM KYNNIR MAGNOLIA** frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum og stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni ásamt því að vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.

**H**rafnhildur Ólafsdóttir er kona á besta aldri. Hún starfaði við ferðaþjónustu árum saman og eyðir nú tíma sínum við hjálparstarf hjá Rauða krossinum og í sjálfböðavinnu í Rauðakrossbúðinni.

### EKKI SOFIÐ BETUR Í MÖRG ÁR

Hrafnhildur, eins og fjölmargir aðrir, hefur átt við svefnvandamál að stríða um árabíl sem hún hefur nýlega ráðið bót á. Hún prófaði náttúrulega fæðubótarefnið Magnolia og segist ekki hafa sofið betur í mörg ár. „Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég hef tekið tvö hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn í nokkra mánuði og hef ekki sofið betur í mörg ár. Mér finnst rosalega gott að vita af því, það gefur mér mikla öryggistilfinningu.“

### ÓTRÚLEGT HVAD GÓÐUR SVEFN ER MIKILVÆGUR

Að sögn Embættis landlæknis getur svefnleysi valdið miklu álagi og streitu fyrir andlega og líkamlega líðan og góður og samfelldur svefn því nauðsynlegur heilsunni. Hrafnhildur segir að henni líði miklu betur eftir að hún byrjaði að nota Magnolia, hún sofi eins og barn og vakni endurnærð. „Magnolia hjálpar mér ekki einungis að sofna heldur steinsef ég alveg til morguns og vakna hress og kát. Mér hefur ekki líðið betur í langan tíma og mæli eindregið með Magnolia fyrir alla sem eiga erfitt með svefn. Það hefur unnið kraftaverk fyrir mig. Það er ótrúlegt hvað góður svefn er mikilvægur. Það er svo miklu skemmtilegra að vakna úthvíld og í góðu skapi,“ segir Hrafnhildur og hlær.



MÆLIR MEÐ Hrafnhildur Ólafsdóttir mælir eindregið með Magnolia. MYND/GVA

Börkur af plöntunni **MAGNOLIA OFFICINALIS** vex í fjallahéruðum Kína og hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2.000 ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningarmátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaþöfnu í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðla að heilbrigðum og samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn stressi, kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið cortisol sem er stundum kallað stresshormónið. Nýleg rannsókn frá

landlæknisembættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.



### SÖLUSTAÐIR

MAGNOLIA hefur þegar notið mikilla vinsælda og hjálpað fjölmörgum á Íslandi. Fáanlegt í apótekum um land allt, Heilsuhúsinu, Heilsuveri, Heilsuhorninu Blómavali, Hagkaup, Fjarðarkaupum og Heimkaupum.

### RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu 1 til 2 hylki með vatnsglasi með kvöldmat eða um 30 - 60 mínútum fyrir svefn. Dagskammtur er 1 - 2 grænmetishylki.

Antiac

TILBOÐ

Burt með bólurnar!

100% náttúrulegt

Tilboðspakning með Antiac-sprey 100 ml og Daily Face Wash fylgir í kaupbæti!\*

Virkar á bólur, filapensla, kyli og óhreina húð.

Útsölastaðir: flest apótek og heilsubúðir



www.gangurvet.is

Frón

Hafðu það

# Kósý

tvær ómótstæðilegar tegundir

Hjúpaðar kóskökukur með súkkulaðibitum  
Hjúpaðar piparmintukökukur með súkkulaðibitum



Fæst í næstu verslun

Frónkex kemur við sögu á hverjum degi...



[www.fronkex.is](http://www.fronkex.is)



www.fi.is

# Fræðslu- og myndakvöld

## Samleiðniferlið - Heimaeyjargosið

Ferðafélag Íslands stendur fyrir fræðslu og myndakvöldi nk. miðvikudagskvöld, 15. október, kl. 20:00 í sal FÍ.

**Samleiðniferlið - þáttökulýðræði, sjálfbærni og félagslegt jafnrétti**

Dr. Sigrún María Kristinsdóttir fræðir okkur um Samleiðniferlið.

**Heimaeyjargosið - myndasýning**

Að loknu kaffihléi mun Kristinn Helgason, kortagerðarmaður og ljósmyndari sýna okkur myndir frá Heimaeyjargosinu 1973.

Aðgangseyrir kr. 600, innfalið kaffi og kleinur

**Allir velkomnir!**



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS  
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is



**STÓRTÓNLEIKAR** Páll er klár í slaginn fyrir tónleikana í kvöld. Hann hefur fengið stóran hóp listamanna til að troða upp með sér, þar á meðal kór Lindakirkju.

## ER BARA KLASSÍSKUR DÆGURLAGASÖNGVARI

**TÍMAMÓT** Páll Rósinkrans söngvari varð fertugur á árinu en jafnframt eru 25 ár síðan hann byrjaði að syngja opinberlega. Hann heldur upp á þessi tímamót með stórtónleikum í Háskólabíói í kvöld.

Páll segir að sannarlega hafi verið ástæða til að halda upp á þessi tímamót. Hann hefur fengið þekktu tónlistarmenn með sér og hlakkar mikið til kvöldsins. Páll lítur til baka og rifjar upp fyrstu hljómsveitina. „Ég var fimmtán ára og hún hét Edrú,“ segir hann og getur ekki varist hlátri. „Við vorum nokkrir strákar í Hafnarfirði sem stofnsettum hana. Þegar ég var sautján ára stofnuðum við Jet Black Joe,“ segir hann, en sú hljómsveit náði fljótt landsfrægð og Páll vakti mikla athygli sem söngvari. Strákarnir voru ungir að árum en gáfu strax út hljómplötu með frumsömdum lögum sem varð mjög vinsæl og stækkaði heldur betur aðdáendahóp hljómsveitarinnar við það.

### TOPPMENN OG -KONUR

Páll er ekki starfandi í hljómsveit í dag en hefur nóg að gera sem „free-lance“ söngvari. Hann er vinsæll í brúðkaupum, jarðarförum, afmælum og stærrí veislum víða um land. Páll hélt tónleika í Færeyjum í sumar og hann hefur nokkrum sinnum farið til Noregs þar sem hann hefur sungið fyrir þarlenda. „Það hefur verið mikið að gera hjá mér og næg verkefni fram undan. Verkefni koma oft óvænt upp í hendurnar á manni,“ útskýrir hann.

„Undanfarið höfum við æft fyrir afmælistónleikana en ég hef fengið margt gott fólk með mér eins og Jóhönnu Guðrínu og Margréti Eiri. Síðan verður minn gamli Jet Black Joe-félagi, Gunnar Bjarni, með mér. Gospelkór Lindakirkju kemur fram undir stjórn Óskars Einarssonar. Auk þess er ég með stórhljómsveit með Þóri Baldursson í fararbroddi. Þetta verður því mikil tónlistarveisla,“ segir Páll. „Eingöngu toppmenn og ég hlakka mikið til.“

Þreföld hljómplata frá ferli Páls er að koma í verslanir. Þar hafa öll bestu lög hans verið valin saman. „Platan var að koma til landsins og er að fara í dreifingu. Það er því allt að gerast,“ segir hann.

### ÓVÆNT Í MARS 2015

Þegar Páll er spurður hvort hann sakni þess að vera ekki í hljómsveit, svarar hann: „Því er kannski ekki einfalt að svara, það eru kostir og gallar við að vera í hljómsveit, svolítið eins og að vera í hjónabandi. Hljómsveitum fylgir líka ákveðið dansleikjahark,“ segir Páll og bætir því að honum finnst skemmtilegra að halda tónleika. „Ég hef áhuga á að halda fleiri tónleika á næstunni. Ég er að plana tónleika í mars á næsta ári sem verður spennandi verkefni. Með mér verður frægur bandarískur tónlistarmaður en þar sem verkefnið er stutt á veg komið og ekki búíð að klára samningagerð get ég ekki nafngreint hann stax. Ég hef aldrei unnið með honum áður og hlakka mikið til.“

### Í PABBAHLUTVERKINU

Páll er fæddur og uppalinn í Hafnarfirði eins og margir aðrir þekktir tónlistarmenn. Þótt hann



**ÁRIÐ 1992**  
Páll Rósinkrans þegar Jet Black Joe var ein vinsælasta hljómsveit landsins og hann flottasti söngvarinn.

segist vera Hafnarfirðingur í hjarta sínu þá býr hann ásamt konu sinni í Kópavogi. Páll á þrjú börn með þremur konum og er ófeiminn að viðurkenna það. Hann segist vera í góðu sambandi við börnin en dóttir hans, 15 ára, sem býr í Danmörku er í heimsókn þessa dagana. Elsti sonurinn er að verða 22 ára og hefur mikinn tónlistaráhuga. Yngsta barnið er sjö ára sonur. Páll var aðeins átján ára þegar eldri sonurinn fæddist og segir að ef hann hefði fetað í sín fótspor í þessum efnum væri hann sjálfur orðinn afi. „En þetta er skynsamur strákur.“

Páll hefur mikinn áhuga á skotveiði og hefur þegar nælt sér í nokkrar gæsir. „Ætli meggi ekki segja að jólamaturinn sé kominn í hús. Reyndar er þó alltaf reyktur lambahryggur á aðfangadag hjá mér. Gæsin verður á borðum yfir hátíðir. Ég hef annars líka mikinn áhuga á líkamsrækt, hreyfingu og vellíðan.“

Þegar hann er spurður um trúna, en hann hefur alltaf verið trúrækinn, svarar hann: „Ég fer mikið í kirkju, syng oft gospellög og hef mjög gaman af þess konar tónlist. Annars hef ég stórt tilfinningasvið hvað varðar tónlist. Líklegast er ég bara klassískur dægurlagasöngvari. Á tónleikumunum fá gestir að heyra sitt lítið af hverju sem ég hef gert um ævina. Við gáfum út þrjár plötur með Jet Black Joe en síðan hef ég gefið út átta sólóplötur.“

En hvað verður svo gert á morgun að loknum tónleikum?

„Ætli ég sofi ekki út, fari svo í bíó með dóttur minni og við gerum eitthvað skemmtilegt saman.“



# ALLT ANNAÐ LÍF OG BETRI SVEFVN

**ICECARE KYNNIR** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.

Soffía Káradóttir ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur þegar hún sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægju sinni með vöruna. „Ég var að byrja á breytingaaldrinum og vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum. Eftir aðeins tíu daga notkun á Femarelle voru öll einkennin horfin. Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum lengur eða fótaóeirð. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er með mun betra jafnvægi í líkamanum. Femarelle gerir það mikið fyrir mig að ef ég

gleymi að taka töflu þá finn ég strax fyrir því þegar það hefur gerst.“

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ég veit af einni vinkonu minni

sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég mæli einnig með glöðu geði með því að aðrar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle því að ég gæti ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst því, þvílíkt undraefni.“



## NÝJAR UMBÚÐIR



### SEFUR BETUR

Eftir að Soffía byrjaði að taka Femarelle vaknar hún ekki lengur upp á nóttunni, finnur ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður almennt betur.

MYND/PIETUR



## FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Helene Jensen hefur lagt af eftir að hún fór að taka Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt,“ segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare, sem flytur inn Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmyntuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíumi. „Chili Burn virkar þannig með þreföldum hætti, það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.“



aftur og mun halda áfram að taka inn töflurnar.“

### FRAMLEITT OG PRÓFAÐ Í SKANDINAVÍU

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnun úr chili-plöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda catechins- andoxunarefni. Klínískar rannsóknir sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu „Obesity“ sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir

bættu piparmintuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi. Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.

### LOKSINS FUNDIÐ ÞAÐ SEM VIRKAR

Helene Jensen hefur tekið Chili Burn-töflurnar inn daglega í rúma tvo mánuði. „Ég hef lagt af og ekki bætt kílónum á mig aftur. Ég nota minni fatastærðir og það er frábært.“

Hún segist hafa barist við hliðarspik og stóran maga í mörg ár, reynt allt til að greinast en ekkert gengið. „Þegar ég las að chili væri náttúrulega efnið í Chili Burn-töflunum fór ég strax í næstu heilsuverslun og keypti mér pakka – og þá fór eitthvað að gerast! Eftir að ég fór að taka Chili Burn inn hef ég minnkað matarskammtana aðeins. Mér líður betur í maganum og ég er ekki eins þrútin og útþanin eins og ég var áður eftir máltíðir. Ég var næstum búin að gleyma því hvað manni getur liðið vel þegar maður lítur vel út. Ég mun aldrei verða þybbin

HELENE JENSEN



### BYLTINGARKENNDAR TÖFLUR

Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsfulltrúi hjá Icecare, segir Chili Burn vera byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við brennslu á náttúrulegan máta.

### „CHILI BURN-TÖFLURNAR ERU EKKI ÆTLAÐAR FÓLKI MEÐ SKERTA LIFRAR-STARFSEMI EÐA LIFRARSJÚK-DÓMA. CHILI BURN SKAL TAKA MEÐ MAT, ÆTLAÐ ELDRÍ EN 12 ÁRA.“

## ENGIN UPPÞEMBA EÐA RISTILKRAMPI

Berglind Káradóttir er betri af ristilkrampa, uppþemban hefur lagast og henni líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Candéa-hylkin inn.

Bio-Kult Candéa-hylkin geta fyrirbyggt sveppasýkingu í meltingarvegi. Berglind Káradóttir er með óþol fyrir nokkrum fæðutegundum og fékk reglulega ristilkrampa, uppþembdan maga og ógleði. „Ég hef þurft að passa vel upp á mataræðið, ekki síst þegar ég fór í veislur þar sem ég gat ekki vitað hvað var í matnum og fékk krampa í kjölfarið. Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist þetta og maginn og ristillinn eru til friðs. Ég tek tvö hylki með morgunmat og ristilkramparnir heyra sögunni til. Ég, systir mín og dóttir tókum allar Bio-Kult með góðum árangri,“ segir Berglind.

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuþol, pírringur og skapsveifur, þreyta,



LÍÐUR BETUR Berglindi Káradóttur líður betur eftir að hún fór að taka Bio-Kult Candéa og ristilkrampar sem hún fékk áður heyra nú sögunni til. MYND/ERNIR

brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Candéa hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.





# AF BESTU LYST FYRIR HEILSUNA

**FORLAGIÐ KYNNIR** bókina *Af bestu lyst*. Uppskriftirnar samdi Heiða Björg Hilmarsdóttir, næringarrekstrarfræðingur og deildarstjóri eldhúsa Landspítalans, í samráði við Hjartavernd, Krabbameinsfélagið og Embætti landlæknis.

Ég get sannarlega mælt með bókinni *Af bestu lyst* og sérstaklega fyrir barnafjölskyldur. Uppskriftirnar taka mið af þörfum ungra barna en þeim fylgja leiðbeiningar um hvernig má breyta þeim fyrir þau yngstu. Til dæmis að taka frá hluta áður en krydd og annað sem hentar börnum illa er sett saman við,“ segir Nanna Rögnvaldardóttir sem ritstýrði texta bókinna að hluta.

„Í bókinni er farið eftir nútímalegum manneldismarkmiðum. Þar má finna nýjar útgáfur af ýmsum þekktum réttum. Einnig get ég mælt með bókinni fyrir þá sem þurfa að gæta að mataræðinu þar sem uppskriftirnar eru yfirfarnar hjá Hjartavernd, Krabbameinsfélaginu og Embætti landlæknis. Þetta er fjórða bókin og þær hafa allar verið gefnar út í samstarfi við þessa aðila,“ segir Nanna en síðasta bók í þessum flokki kom út 2008.

„Þessar bækur hafa verið mjög vinsælar. Forlagið gaf út fyrstu þrjár bækurnar í einu bindi á síðasta ári til að svara eftirspurninni,“ útskýrir Nanna.

Í bókinni eru fjölmargar uppskriftir að hollum og

ljúffengum réttum. Lögð er áhersla á spennandi mat sem er í senn góður á bragðið, góður fyrir heilsuna, budduna og umhverfið. Laufey Steingrimsdóttir næringarfræðingur ritar inngang að bókinni.

## KJÚKLINGASALAT MEÐ SESAMSÓSU

Fyrir 4  
2 kjúklingabringur (eða afgangur af kjúklingi)  
1 tsk. kjúklingakrydd  
1 stór poki af spínati eða grænkáli  
1 gúrka  
250 g tómatar  
½ rauðlaukur  
1 rautt chili  
1 mangó  
2 dl fersk kóríanderlauf  
lófafylli af þurrustuðum, ósöltuðum hnetum, til dæmis kasjú- eða pistasíuhnetum

## SESAMSÓSA

1 dl sítrónusafi  
½ dl ólífuolía  
½ dl tahinimauk (eða sesamfræ)  
2 msk. hunang  
3 hvítlauksgeirar  
¼ tsk. salt  
¼ tsk. svartur pipar  
Undirbúningur: 20 mínútur | Matreiðslutími: 40 mínútur  
Í einum skammti af salati með

sesamsósu eru 500 hitaeiningar, 4,5 g mettuð fita og 1,5 g salt

- 1 Kryddið kjúklinginn með kjúklingakryddinu og steikið eða grillið og skerið í bita. Hér er líka hægt að nota afgang af steiktum kjúklingi eða kaupa tilbúinn steiktan kjúkling.
- 2 Þvoðið spínat eða saxað grænkál og setjið í skál.
- 3 Skerið gúrkuna í tvennt eftir endilöngu og skafið fræin úr henni með skeið. Skerið hana svo í sneiðar og setjið í skálina með spínatinu.
- 4 Skerið tómata í bita. Skerið rauðlaukinn í þunnar sneiðar og bætið hvoru tveggja í skálina.
- 5 Skerið chili-aldinið í tvennt, hreinsið burt öll fræ og saxið smátt.
- 6 Afhýðið mangóið og skerið í bita. Saxið kóríanderlaufin gróft og blandið öllu varlega saman í skálinni.
- 7 Leggið kjúklinginn ofan á og dreifið hnetunum yfir salatið.
- 8 Berið salatið fram með grófu brauði og sesamsósunni.

Blandið saman öllum hráefnum sem eiga að fara í sósunu og maukið með töfrasprota eða í matvinnsluvél. Smakkið og bragðbætið með salti og pipar eftir smekk.

Bókin fæst í öllum bókabúðum.



MÆLIR MEÐ Nanna Rögnvaldardóttir mælir með *Af bestu lyst* fyrir barnafjölskyldur.

MYND/VILHELM



LJÚFFENGT Kjúklingasalat með sesamsósu. Uppskrift úr bókinni *Af bestu lyst*.

## VETRARFLÍKURNAR TEKNAR Í GEGN

Yfirhafnir og aðrar stórar og miklar vetrarflíkur eru oft eigulegar og í mörgum tilfellum dýrari en flest önnur föt. Því er mikilvægt að hugsa vel um þessar flíkur. Þeir sem ætla ekki að kaupa nýja yfirhöfn hafa væntanlega náð í gömlu vetrarflíkurnar sínar en áður en þær eru notaðar getur verið ágætt að yfirfara þær.

- Þrífið flíkina. Skellið henni í þvottavélina ef það má en farið annars með hana í hreinsun.
- Athugið hvort einhverjar tölur eru lausar eða hvort einhver saumspretta leynist frá síðasta vetri. Bætið úr málunum ef þörf er á.
- Náið nýju lífi í dúnúlpuna. Ef fyllingin í úlpunni er orðin klesst má hengja hana upp inni á baðherbergi á meðan farið er í sturtu. Þannig á fyllingin að tútna aftur út. Einnig er hægt að setja úlpuna í þurrkarann (ef hún þolir það) í smá stund ásamt nokkrum tennisboltum.
- Farið yfir alla vetrar- og kuldasjó. Athugið hvort hælur eru vel festir og heilir. Gott ráð er að láta setja nýja sóla sem eru góðir í hálfu á skóna hjá skósmið. Það lengir einnig líftíma þeirra. Einnig er sniðugt að láta vatnsverja leðurskó svo þeir fari ekki illa í slyddu og snjó. Það er líka gott ef skór og stígvél eruð orðin klesst af verunni lengst inni í skápum eða geymslu að fylla þá með dagblaðapappír til að þeir nái réttu formi á ný.
- Þegar byrjað hefur verið á þessu verki er tilvalið að endurskipuleggja fataskápana í leið-

inni. Raðið öllu snyrtilega inn í skápana og finnið hverri flík tiltekinn stað. Sniðugt er að flokka fötin á ákveðinn máta, til dæmis úthluta hverjum fjölskyldumeðlim eina skúffu í skápnum fyrir öll útifötin hans. Eða setja allar húfur í eina skúffu, vettlinga í aðra og svo framvegis.

- Til þess að koma öllum hlýju fötunum fyrir er gott að setja þau föt sem ekki verða notuð í vetur innst í skápana eða jafnvel inn í geymslu. Þótt sumarklæðnaðurinn taki minna pláss er nauðsynlegt að ganga vel frá honum. Gott er að setja viðkvæm föt í hreinsun, jafnvel þótt þau séu ekki óhrein þá gæti verið sólarolía eða ilmvatn í þeim sem fer ekki vel með þau og blettir komið eftir þessi efni síðar meir.



DÚNÚLPAN Sniðugt er að gefa dúnúlpunni nýtt líf með því að hengja hana upp inni á baði á meðan sturtan er í gangi.

Ungfrúin góða

Einstök verslun í hjarta miðbæjarins

15% afsláttur af öllum vörum í dag, laugardag, ásamt spennandi sértílbodum

Íslensk hönnun



500 kr. af hverju seldu glasi renna til Krabbameinsrannsóknna

Leðurtöskur, fatnaður og fylgihlutir ásamt fallegri gjafavöru og heimilisprýði

Hallveigarstíg 10a - 101 Reykjavík  
sími 551 2112 - [www.ungfruingoda.is](http://www.ungfruingoda.is)



# LÁNAMÖGULEIKAR

LAUGARDAGUR 11. OKTÓBER 2014

Kynningarblað



Fasteignasalan Stakfell var stofnuð árið 1984 og hefur því starfað á traustum grunni í þrjátíu ár. Frá vinstri eru Einar Valdimarsson, Aðalheiður Karlsdóttir og Þorlákur Ómar Einarsson.

MYND/ERNIR

## Viðskiptavinir í góðum höndum

Starfsemi fasteignasölnunar Stakfells er fjölbreytt og kemur að mörgum þáttum fasteignasölu og leigu. Stakfell sérhæfir sig í sölu á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði hérlendis auk þess að sjá um útleigu á fasteignum. Mörg spennandi verkefni eru fram undan.

Fasteignasalan Stakfell var stofnuð árið 1984 og hefur því starfað á traustum grunni í 30 ár. Starfsemi fasteignasölnunar er fjölbreytt að sögn Þorláks Ómars Einarssonar hjá Stakfelli og kemur að mörgum ólíkum þáttum fasteignasölu og leigu. „Við sérhæfum okkur í sölu á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði hérlendis og sjáum auk þess um útleigu á fasteignum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.“

Aðalheiður Karlsdóttir, löggtur fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali, bætir við að þátttaka fyrirtækisins í alþjóðlegum viðskiptavinum Stakfells aðgang að mikilvægum alþjóðlegum mörkuðum. „Sú þátttaka nýttist vel á sviði fasteignaviðskipta þar sem erlendir aðilar horfa nú í auknum mæli til Íslands eftir fjárfestingatækifærum auk þess sem Íslendingar horfa meir til fasteignakaupa erlendis.“

Stakfell hefur einnig sérhæft sig í stærra fasteignaverkefnum, þróunarvinnu, markaðssetningu og sölu í samstarfi við skipulagsyfirlönd, verkataka og fjármögnunaraðila og hefur sá hluti starfseminnar farið vaxandi undanfarin ár. „Í kjölfar vaxandi starfsemi hefur starfsmönnum fjölgað og mikil áhersla er lögð á góða menntun og reynslu starfsmanna ásamt fjölbreytileika, jöfnu kynjahlutfalli og aldursdreifingu enda þjónum við þannig best þörfum fjölbreyttum hópi viðskiptavina okkar.“

Stakfell hefur góðan aðgang að öllum helstu fasteigna- og upp lýsingavefjum landsins auk þess að vera í samstarfi við alþjóðlega fasteignavefi að sögn Aðalheiðar. „Verkefni á okkar vegum hafa fengið góða umfjöllun í erlendum miðlum, t.d. Wall Street Journal. Við komum einnig að gerð þáttar í hollenska sjónvarpinu í fyrrasumar þar sem fjallað

var um íslenska fasteignamarkaðinn. Í kjölfarið hefur sala til erlendra aðila verið að aukast og því má segja að kaupendahópur okkar nái langt út fyrir landsteinana og nýttist það auðvitað vel þeim sem eru með eignir sínar á söluskrá hjá Stakfelli. Í mörgum tilfellum eru þessar eignir ekki endilega skráðar á netinu og eru ekki í auglýsingum, heldur í svokallaðri „skúffusölu“, enda oft um stærra og dýrari eignir að ræða. Því má segja að Stakfell hafi ákveðna sérstöðu á þeim markaði enda náð góðum árangri þar.“

### Spennandi verkefni fram undan

Sala á eignum erlendis hefur einnig farið vaxandi að sögn Aðalheiðar, þá einkum á Spáni, enda starfa hjá Stakfelli sérfræðingar með áralanga reynslu á þeim markaði og með góðar tengingar við virta byggingaverktaka þar, t.d. Euromarina.

Meðal nýlegra og spennandi

verkefna hjá Stakfelli má nefna fjölbýlishúsið við Mánatún 4-6 í Reykjavík sem var eiginlega eitt fyrsta stóra byggingaverkefnið sem fór í gang eftir hrún. Í kjölfarið var leitað til fasteignasölnunar um sölu íbúða í turninum við Vatnsstíg 16-18 í Reykjavík og aftur þegar síðustu turnarnir í því verkefni, Skuggi 3, fara í sölu að sögn Aðalheiðar.

Meðal annarra spennandi verkefna nefna þau undirbúning sölufelís á nýju fjölbýlishúsi í Fossvogsdal. „Þar er verið að undirbúa byggingu á þrjátíu og þremur íbúðum á fráberum og eftirsóttum stað rétt fyrir ofan Skógræktina í Fossvogi. Þetta fjölbýlishús er mjög vel staðsett innan Fossvogsins, alveg við dalinn og skógræktina og stutt í mörg útivistarsvæði.“

Að lokum nefna þau nýjar og vandaðar íbúðir við Vallakór. „Þetta er mjög góð staðsetning fyrir barnafólk, og eins fólk sem er að minnka við sig hús-

næði. Íbúðirnar eru 3-4 herbergja, fullbúnar með vönduðum innréttingum og gólfefnum og á góðu verði. Við finnum fyrir því að fólk vill gjarnan vera í úthverfunum, svo framarlega sem þau eru gróin og með verslunum og skólum í nágrenninu og því er þetta góður valkostur.“

Því er ljóst að mörg spennandi verkefni eru í gangi hjá Stakfelli. Að sögn Þorláks og Aðalheiðar er reynslumikið starfsfólk fasteignasölnunar vel undirbúið til að takast á við krefjandi verkefni og ekki síst að sinna vel daglegum störfum sem fyrst og síðast snúa að því að aðstoða fólk við að finna rétta heimilið til skemmri eða lengri tíma.

Stakfell býr yfir öflugri heimasíðu, [www.stakfell.is](http://www.stakfell.is), þar sem eignir eru kynntar ítarlega. Þar er einnig mögulegt að fá sendar fréttir, fréttabréf og tilboð til viðskiptavina og þeirra sem þess óska.



# Íbúðalán Arion banka má sníða að þörfum hvers og eins

**Arion banki** býður upp á ýmsar lausnir í íbúðalánum. Veitt er ókeypis fjármálaráðgjöf í öllum útibúum bankans. Fjármálaráðgjafar bankans veita persónulega og fjölbreytta þjónustu með áherslu á sérsniðnar lausnir og faglega greiningu á fjármálum viðskiptavina.

**E**instaklingar eru ólíkir og þarfir fólks eru misjafnar þegar kemur að því að taka íbúðalán. Því er mikilvægt að fólk komi á fundi með fjármálaráðgjafa til að finna bestu lausnina fyrir sig,“ segir Marta Sólveig Björnsdóttir, þjónustustjóri hjá Arion banka. Hún bendir á að veitt sé ókeypis fjármálaráðgjöf í öllum útibúum bankans. „Mikilvægt er að koma á sambandi sem fyrst í ferlinu svo við getum sem best aðstoðað viðskiptavini okkar og hjálpað þeim að finna bestu niðurstöðuna fyrir þá.“ Marta segir að oft og tíðum verði niðurstaðan allt önnur en sú sem stefnt var að í upphafi þar sem ýmislegt geti breyst í ferlinu.

„Fjármálaráðgjafar bankans veita persónulega og fjölbreytta þjónustu með áherslu á sérsniðnar lausnir. Þeir veita faglega greiningu á fjármálum viðskiptavina og finna bestu lausnina fyrir hvert heimili.“

## Margar leiðir færar

Marta undirstrikar að Arion banki bjóði upp á ýmsar lausnir í íbúðalánum hvort sem verið sé að kaupa í fyrsta sinn, endurfjármagna eða skipta um húsnæði. „Bankinn býður til dæmis upp á 80 prósent fjármögnun til íbúðakaupa, en hver og einn þarf að skoða hvað hentar best varðandi vexti og lánstíma,“ upplýsir hún.

Hún lýsir því að hægt sé að sníða íbúðalánið að þörfum hvers og eins með margvíslegum hætti. „Lánin geta verið verðtryggð, óverðtryggð eða blanda af báðum. Þá geta vextir verið breytilegir eða fastir og hægt er að borga af láninu með jöfnum greiðslum eða jöfnum afborgunum.“ Til að meta hvernig lán eigi að vera sett upp þurfi að meta tvennt sérstaklega; „Vilt þú hafa eignamyndunina eins hraða og kostur er, eða vilt þú að greiðslubyrðin sé eins lág og mögulegt er? Þessum spurningum þarf fólk að spyrja sig að áður en það tekur lán. Það þarf að meta hvað það vill fá út úr kaupunum og hverju er ásættanlegt að fórna,“ upplýsir Marta.

## Borgar sig að vera vel upplýstur

Þegar skipt er um fasteign skiptir miklu fyrir fólk að skoða aðstæður sínar og þá sérstaklega hvort þær hafi breyst frá því síðasta fasteign var keypt. „Ef kanna á hvort endurfjármögnun borgar sig þarf til dæmis að skoða hvort lánaumhverfið hafi breyst frá þeim tíma sem lánið var tekið og eins hversu mikið er eftir af láninu,“ segir Marta. Hún mælir sterklega með því að fólk panti tíma hjá fjármálaráðgjafa til að fara í gegnum þessa hluti þannig að það sé með allt á hreinu áður en svo stór ákvörðun er tekin.

Nánari upplýsingar má finna á [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is)



„Fjármálaráðgjafar bankans veita persónulega og fjölbreytta þjónustu með áherslu á sérsniðnar lausnir. Þeir veita faglega greiningu á fjármálum viðskiptavina og finna bestu lausnina fyrir hvert heimili,“ segir Marta Sólveig Björnsdóttir, þjónustustjóri hjá Arion banka.

„Kannski þarf að fórna einhverju þegar fólk er að fara út í sína stærstu fjárfestingu.“

Skúli G. Ingvarsson  
fjármálaráðgjafi

## ÞEGAR MIKIÐ ER Í HÚFI SKIPTIR RÁÐGJÖF ÖLLU MÁLI

Íbúðakaup hafa mikil áhrif á fjármál fjölskyldunnar. Það getur munað miklu að velja hagkvæmasta fjármögnunarkostinn og sníða sér stakk eftir vexti. Traust ráðgjöf byggð á þekkingu gegnir þar lykilhlutverki.

▶ Á [arionbanki.is/ibudalausnir](http://arionbanki.is/ibudalausnir) finnur þú myndbönd þar sem Skúli og aðrir fjármálaráðgjafar Arion banka gefa góð ráð.



## Capacent Ráðningar

## REKSTRARSTJÓRI STYRKARSTJÓÐS UMHYGGJU



Styrktarsjóður Umhyggju var stofnaður í árslok 1996 með einnar milljónar króna gjöf frá Haraldi Bøðvarssyni hf. Sjóðnum hafa borist margar góðar gjafir frá því hann var stofnaður, m.a. frá Zontasambandi Íslands, Golfklúbbi Ness, Sambandi íslenskra fiskframleiðenda, Bókahringrás Máls og menningar og Bókvæls, Hans Petersen hf., Landsbanka Íslands, Múlakaffi auk fjölda annarra fyrirtækja og einstaklinga.

Styrktarsjóður Umhyggju óskar eftir að ráða rekstrarstjóra til starfa.

Hlutverk Styrktarsjóðs Umhyggju er að styrkja fjölskyldur sem orðið hafa fyrir verulegum fjárhagsörðuleikum vegna veikinda barna þeirra.

**Helstu verkefni rekstrarstjóra eru:**

- Ábyrgð á fjármálum sjóðsins
- Umsjón og eftirfylgni með fjáröflun sjóðsins og skipulagningu verkefna í samráði við stjórn
- Kynning á nafni og tilgangi sjóðsins
- Ráðstöfun styrkja í samráði við úthlutunarnefnd samkvæmt reglum sjóðsins
- Samskipti við fjölmiðla og aðildarfélag Umhyggju og stjórnvöld
- Ráðning söluverktaka í ýmis verkefni
- Undirbúningur stjórnarfundu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfinu
- Haldgóð og farsæl rekstrar- og stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af málefnum langveikra barna er kostur
- Skýr sýn á viðhald og uppbyggingu fjáröflunar og hæfni til að leiða öflugla kynningu á verkefnum Styrktarsjóðs Umhyggju
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

## Mannauðsstjóri

INNES óskar eftir að ráða mannauðsstjóra til starfa.

Um nýtt starf er að ræða og mun mannauðsstjóri heyra undir forstjóra og tilheyra stjórnendateymi fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir að mannauðsstjóri geti hafið störf fljótlega.

**Helstu verkefni:**

- Mötun og innleiðing á mannauðstefnu.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málum.
- Mat á mannaflapörf og umsjón með ráðningum.
- Umsjón með móttöku og þjálfun nýliða.
- Umsjón starfsþróunar- og fræðslumála.
- Þróun og umsjón frammistöðumats.
- Kjara- og vinnumarkaðsmál.
- HR mælingar og eftirfylgni.
- Umsjón með gerð starfslýsinga og ráðningasamninga.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf er skilyrði. Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða mannauðsstjórnun er æskileg.
- A.m.k. tveggja ára starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar.
- Mjög rik samskipta- og samstarfshæfni.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Heiðarleiki, frumkvæði og árangursdrifni.

ráðum  
atvinnustofa

Umsóknarfrestur er til og með  
26. október 2014

Umsjón með starfinu hefur Hildur Erla Björgvinsdóttir,  
[hildur@radum.is](mailto:hildur@radum.is), hjá Ráðum atvinnustofu.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á  
heimasíðu Ráðum [www.radum.is](http://www.radum.is). Með umsókn skal fylgja  
greinargóð ferilsskrá og kynningarbréf.



Innes ehf. er ein stærsta og öflugasta matvöruheildsala landsins og eru vörumerki fyrirtækisins neytendum vel kunnug. Innes á m.a. velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentum starfsfólki. Markmið Innes er að vera ávallt í fararbroddi á sínu sviði hvað varðar vörur, þjónustu til viðskiptavina sinna og markaðssetningu vörumerkjanna.

Höfuðstöðvar Innes eru að Fossaleyni í Gröfuvogi og þar starfar samhent liðsheld 120 starfsmanna þar af 4 á Akureyri.





Capacent Ráðningar

## VILTU MIÐLA SKÝJALOUSNUM?



Microsoft sækist eftir tæknipenkjandi starfsmanni sem langar til að vinna með og getur frætt aðra um Microsoft skýjalausnir. Viðkomandi mun fá nauðsynlega fræðslu hjá Microsoft um tæknileg atriði.

**Starfssvið:**

- Mótun viðskiptatækifæra og skýjalausna
- Þróun viðskiptatækifæra
- Aðstoð við tæknilegar útfærslur á skýjalausnum
- Uppbygging þekkingar samstarfsaðila á skýjalausnum með þátttöku í verkefnum
- Aðstoð við samstarfsaðila og viðskiptavinum að nýta sér smáforrit (APP development)

**Lykileiginleikar starfsmannsins eru:**

- Brennandi áhugi á skýjalausnum, góð tæknileg geta og mikill áhugi
- Skipulagshæfileikar, skarpskyggni og einbeintni við verkefni og markmið
- Metnaður og áhugi, áráðni og frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi, mikil ábyrgðartilfinning og hæfni í mannlegum samskiptum

**Menntunarlegar og faglegar kröfur:**

- Háskólamenntun er skilyrði, æskileg á sviði kennslu, fræðslu eða tækni
- Reynsla af hagnýtingu upplýsingatækni
- Reynsla af skipulagningu verkefna
- Reynsla af fræðslu eða miðlun upplýsinga og lausna til viðskiptavina
- Þekking á vörum og lausnum Microsoft
- Góð færni í ensku er skilyrði
- Mikil hæfni til að koma frá sér upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Um er að ræða krefjandi og spennandi starf með mikla framtíðarmöguleika varðandi nýjustu tæknilausnir Microsoft.

Microsoft á Íslandi er starfsstöð um 15 einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að finnast rosalega gaman að vinna fyrir Microsoft, taka þátt í og mót framtíð upplýsingatækninnar og vinna náið með frábærum samstarfsaðilum og viðskiptavinum. Microsoft er alþjóðlegt fyrirtæki sem ræður til sín einstaklinga óháð kynferði, aldri, trúarbrögðum eða stjórnmálaskoðunum.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## ERTU RÁÐGJAFI?

**RÁÐGJAFI FYRIR SJÓÐI**

Ráðgjafinn mun starfa fyrir Starfsmenntasjóð BHM og Sjúkrasjóð BHM. Um er að ræða 100% framtíðarstarf.

**Ábyrgðarsvið:**

- Móttaka og meðhöndlun gagna
- Upplýsingagjöf til félagsmanna
- Umsjón og eftirlit með rafrænu umsóknarferli
- Undirbúningur stjórnarfundna og gagnaöflun fyrir stjórnir sjóðanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Mjög gott vald á íslensku máli
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og reynsla af störfum félagsamtaka er kostur

BHM er samtök 27 félaga og félagsmenn eru 10.000. Um 65% félagsmanna eru konur. Hjá BHM og tengdum sjóðum starfa 17 starfsmenn en um 35 starfsmenn eru hjá BHM og aðildarfélögum að starfsstöðinni í Borgartúni 6.

**STARFSÞRÓUNARSETUR HÁSKÓLAMANNA - RÁÐGJAFI Í 50% STARF**

Ráðgjafinn mun starfa fyrir Starfsþróunarsetur háskólamanna. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

**Ábyrgðarsvið:**

- Þjónusta og upplýsingagjöf til félagsmanna
- Móttaka og meðhöndlun gagna
- Úrvinnsla umsókna
- Úthlutun styrkja
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Góð tölvukunnátta, sérstaklega í Excel
- Hæfni til að vinna sjálfstætt að verkefnum
- Mjög gott vald á íslensku máli og góð enskukunnátta

Tilgangur Starfsþróunarseturs háskólamanna er að stuðla að framgangi háskólamenntaðra félagsmanna aðildarfélaga BHM sem aðild eiga að setrinu og framþróun stofnana með markvissri starfsþróun. Setrinu er ætlað að hvetja stofnanir til að styðja starfsmenn til að auka og nýta þekkingu sína í starfi og viðhalda þannig verðgildi sínu á vinnumarkaði.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

## FRAMKVÆMDASTJÓRI



FH er eitt af öflugustu íþróttafélögum landsins. Iðkendur eru um 1.800 í fjórum deildum: Knattspyrnudeild, Handknattleiksdeild, Frjálsíþóttadeild og Skyldingadeild. Deildir félagsins eru mjög sjálfstæðar hvað varðar íþróttastarf og eigin fjármál.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra aðalstjórnar FH. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í stjórnun og uppbyggingu félagsins.

## Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með rekstri og viðhaldi allra fasteigna í Kaplakrika
- Þjónusta við deildir félagsins vegna íþróttaaðstöðu, fjármála o.fl.
- Ábyrgð á fjármálum aðalstjórnar
- Samskipti við Hafnarfjarðarbæ vegna þjónustusamninga
- Markaðs- og sölustarf í tengslum við salarleigu o.fl.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Miklir samskiptahæfileikar
- Reynsla af fasteignarekstri
- Reynsla af íþróttastarfi
- Frumkvæði og sjálfstæði

Hlutverk aðalstjórnar er einkum tvíþætt. Annarsvegar uppbygging og rekstur á íþróttamannvirkjum í Kaplakrika og hinsvegar yfirumsjón með bókhaldi, uppgjörum og áætlanagerð fyrir allar einingar félagsins. Núverandi húsnæði í Kaplakrika er um 20.000 m<sup>2</sup> og á vegum FH Knattþúsa ehf. er unnið að byggingu tveggja knattþúsa til viðbótar, alls um 10.000 m<sup>2</sup>. Heildarvelta FH á síðasta ári var um 500 milljónir.

Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## STÖRF Í TÆKNIDEILD



Elkem á Íslandi óskar eftir að ráða rafvirkja og vélvirkja til að sinna fjölbreyttum og krefjandi störfum í tæknideild fyrirtækisins.

## RAFVIRKI

## Starfssvið:

- Viðhald, eftirlit og viðgerðir á rafbúnaði
- Undirbúningur og skipulag viðhaldsverkefna
- Forgangsröðun verkefna
- Vinna við fyrirbyggjandi viðhald
- Vinna samkvæmt öryggisreglum
- Samstarf við rekstrar- og tæknifólk

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- A.m.k. 3 ára reynsla af rafvirkjastörfum
- Reynsla af vinnu við háspennubúnað æskileg
- Frumkvæði og metnaður
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott skipulag og öguð vinnubrögð
- Öryggisvitund
- Reynsla af vinnu hjá stóriðju æskileg

## VÉLVIRKI

## Starfssvið:

- Viðhald, eftirlit og viðgerðir á vélbúnaði
- Undirbúningur og skipulag viðhaldsverkefna
- Forgangsröðun verkefna
- Vinna við fyrirbyggjandi viðhald
- Vinna samkvæmt öryggisreglum
- Samstarf við rekstrar- og tæknifólk

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í vélvirkjun
- A.m.k. 3 ára reynsla af vélvirkjastörfum
- Frumkvæði og metnaður
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott skipulag og öguð vinnubrögð
- Öryggisvitund
- Reynsla af vinnu hjá stóriðju æskileg

Elkem Ísland kappkostar að starfa í viðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavini, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kisilmálm. Fyrirtækið ber virðingu gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar og verndunar náttúruauðlinda. Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kisiliðnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála. Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfun á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Elin Friðjónsdóttir ([elin.fridjonsdottir@capacent.is](mailto:elin.fridjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)

capacent



## Móttöku- og skrifstofustarf

566283

Þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku- og skrifstofustarf.



Í starfinu felst móttaka viðskiptavina, afgreiðsla, reikningagerð, létt bókhaldsstörf og önnur tilfallandi verkefni.

Leitað er að starfsmanni með gott viðmót og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, hafa áhuga og metnað til að ná árangri og viðhafa öguð vinnubrögð. Þekking á Navision er skilyrði. Bókhaldsreynsla er kostur. Vinnutími er virka daga frá kl. 9:00-17:00.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.VINNA.IS



## Vantar þig starfsmann? - við leysum málið.

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is



ISLENSKA SÍÐIS ICE 70095 10/14



## DEILDARSTJÓRI Í VARAHLUTA- OG INNKAUPADEILD

Icelandair leitar að öflugum liðsmanni til að starfa sem deildarstjóri varahluta- og innkaupadeildar á tæknisviði Icelandair, ITS, á Keflavíkurflugvelli. Á varahluta- og innkaupadeild starfa um 40 manns. Deildin annast innkaup, geymslu, sölu, flutning og stýringu á varahlutum fyrir Icelandair og viðskiptavinum þess um heim allan. Deildarstjóri leiðir þennan hóp og tekur virkan þátt í verkefnum deildarinnar.

### STARFSLÝSING:

- Leiðtogahlutverk, daglegur rekstur og starfsmannamál deildar
- Skipulag og stefnumótun innkaupa, viðgerða og sendinga varahluta
- Samningagerð við birgja, fyrst og fremst erlendis
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Stýring, bestun og háværkun nýtingar á varahlutalager félagsins

### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf í verkfræði eða viðskiptafræði, eða sambærileg menntun
- Reynsla af birgðahaldi æskileg
- Góð stjórnunarreynsla og samskiptahæfni
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- Frumkvæði, skipulag og hæfni til að vinna undir álagi er skilyrði
- Áhugi á flugstarfsemi

### Fyrirspurnum svara:

Jens Þórðarson | jenth@its.is  
Steinunn Una | unasig@icelandair.is

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 20. október 2014





## Kerfisstjóri

Við leitum að reyndum kerfisstjóra fyrir traust fjármálafyrirtæki.

Áhugavert tækifæri fyrir reyndan einstakling sem langar í nýjar áskoranir í starfi.

Sjá [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

## Mannauðsráðgjafi

**Attentus** – mannaúður og ráðgjöf er leiðandi fyrirtæki á sviði mannaúðsmála á Íslandi. Fyrirtækið veitir þjónustu og ráðgjöf um allt sem snýr að rekstri út frá áherslum mannaúðsstjórnunar. Fyrirtækið var stofnað árið 2007 og fékk hvatningarverðlaun FKA árið 2012 fyrir brautryðjendastarf á sviði mannaúðsmála. Við erum að vaxa og leitum að framúrskarandi einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni og reynslu af stjórnun mannaúðsmála.

### Starfssvið

- ▶ Mannauðsstjóri til leigu fyrir íslensk fyrirtæki
- ▶ Mannauðsráðgjöf
- ▶ Stjórnun, stefnumótun, ferlavinna
- ▶ Þátttaka í afurðaðpróun á sviði mannaúðsmála, gerð fræðsluefnis og kennslu
- ▶ Þátttaka í úttektum og greiningum

### Menntunar- og hæfnikröfur

- ▶ Háskólamenntun á sviði viðskipta-/stjórnunar/ eða mannaúðsmála. Framhaldsmenntun æskileg
- ▶ Reynsla af rekstri, stjórnun og stefnumótun
- ▶ Reynsla af stjórnun mannaúðsmála æskileg
- ▶ Reynsla á sviði vinnuréttar, kjaramála og ráðningarmála æskileg
- ▶ Góð samskiptahæfni og jákvæðni
- ▶ Góð íslenskukunnátta og færni við að tjá sig í ræðu og riti.
- ▶ Þekking og reynsla á sviði innri samskipta æskileg
- ▶ Góð enskukunnátta og tölvukunnátta

### Umsókn

Nánari upplýsingar um starfið veitir:  
**Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir í síma 899 9163**

Umsóknarfrestur er t.o.m. **21. október 2014**

Umsóknir óskast sendar á [starf@attentus.is](mailto:starf@attentus.is)

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

[www.attentus.is](http://www.attentus.is)

**ATTENTUS**  
mannaúður & ráðgjöf

# Framtíðarstörf hjá Nox Medical

Nox Medical er hátæknifyrirtæki sem þróar, framleiðir og selur lækningatæki og hugbúnað til greiningar á svefnröskunum.

## Hugbúnaðarþróun

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum C# forriturum til að taka þátt í áframhaldandi þróun á lækningatengdri hugbúnaðarlausn sem er notuð út um allan heim.

Viðkomandi mun taka þátt í að þróa hugbúnað sem vinnur á líffræðilegum merkjum, keyrir sjálfvirkar greiningar á þeim merkjum og birtir myndrænar niðurstöður ásamt því að hafa samskipti við vélbúnað Nox Medical.

### Hæfniskröfur og menntun

- Háskólamenntun í tæknigrein, t.d. M.Sc. í verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði eða eðlisfræði
- Góð þekking á hugbúnaðarþróun og mikil færni í C# og .NET
- Góð enskukunnátta
- Reynsla af desktop forritun með .NET er kostur

## Hugbúnaðar- og vöruprófari

Við leitum að öflugum, nákvæmum og skipulögðum hugbúnaðar- og vöruprófara til að taka þátt í að skilgreina og framkvæma virkni- og vöruprófanir á þeim vörum sem eru í þróun hjá Nox Medical.

Viðkomandi mun einnig taka þátt í að koma að tækniþjónustu og gerð tæknileiðbeininga fyrir viðskiptavinum. Starfið er unnið í nánu samstarfi við þróunarteymi fyrirtækisins.

### Hæfniskröfur og menntun

- Margskonar háskólamenntun sem nýtist í starfinu, t.d. tölvunarfræði, verkfræði og iðntæknifræði
- Reynsla og/eða menntun á sviði hugbúnaðarprófana
- Góð færni í Word og Excel og geta til gerðar tækniskjala á ensku
- Góður skilningur á tölvuvirkni sem nýtist við skilgreiningu og framkvæmd hugbúnaðarprófana

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar óskast sendar á netfangið [work@noxmedical.com](mailto:work@noxmedical.com). Umsókn ásamt ferilsskrá skal sendast fyrir **27. október 2014**. Vinsamlegast setjið í efnislinu tölvupóstsins heiti starfsins sem sótt er um. Hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nox Medical er hátæknifyrirtæki sem þróar, framleiðir og selur lækningatæki og hugbúnað til greiningar á svefnröskunum. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 af verkfræðingum, fjárfestum og sérfræðingum með víðtæka áratugareynslu í að hanna og framleiða vörur til svefnrannsóknna og svefngreininga. Umsvíf fyrirtækisins hafa vaxið jafnt og þétt og er framleiðsluvörum þess nú dreift um allan heim. Nox Medical

er eitt þriggja íslenskra félaga sem hlotið hefur ISO 13485 gæðavottun til þróunar og framleiðslu á lækningavörum. Nox Medical hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, s.s. Nýsköpunarverðlaun ársins 2010 og Vaxtarsprotann 2010. Nox Medical er staðsett í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum í Höfðatorgi við Katrínartún.



# Viltu ganga til liðs við FYRIRTÆKI Í SÓKN?

Valka er vaxandi fyrirtæki og viljum við því styrkja okkar kraftmikla hóp enn frekar. Leitað er að dugmiklum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni og hafa metnað til að ná langt.

Í boði er góð vinnuástaða hjá framsæknu fyrirtæki þar sem ríkir góður starfsandi og mikill metnaður. Leitað er að rafmagnshönnuði og starfsmanni í handbókargerð og skjalastjórnun. Jafnt konur sem karlar eru hvattir til að sækja um störf.

## Rafmagnshönnuður

### Starfssvið:

- Ábyrgð á rafmagnshönnun á öllum tækjum fyrirtækisins
- Vinna við gerð hönnunarforsendna og val á íhlutum
- Samvinna við vélhönnuði og framleiðsludeild fyrirtækisins
- Starfinu geta fylgt ferðalög innanlands sem og erlendis

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafmagnsverkfræðingur, rafmagnstæknifræðingur, rafiðnifræðingur eða sambærileg menntun
- Reynsla æskileg af SolidWorks Electrical eða öðrum hönnunarforritum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á íslensku, ensku og gjarnan einu norðurlandamáli

## Handbókargerð og skjalastjórnun

### Starfssvið:

- Ábyrgð á handbókargerð og leiðbeiningar fyrir vélar og hugbúnað fyrirtækisins
- Stefnumótun í skjalastjórnun
- Stuðningur við sölu- og þjónustudeildir við samningagerð

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á ensku, íslensku og einu norðurlandamáli
- Þekking og skilningur á hugbúnaði og tækni
- Reynsla af textaskrifum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Valka er hátækifyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslu og býður margskonar lausnir og búnað frá stökum tækjum til heildarkerfa.

Valka leggur mikla áherslu á nýsköpun og hlaut Nýsköpunarverðlaunin árið 2013. Félagið var stofnað árið 2003 en þar starfa nú 20 manns við hönnun, verkefnastýringu, framleiðslu og sölu.

Nánar á:  
[www.valka.is](http://www.valka.is)

Krifa hönnunarstela - www.krifa.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. október n.k. Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is). Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson, [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is)  
Elísabet Sverrisdóttir, [elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is)

  
HAGVANGUR

 Valka

Sterk tengsl  
í íslensku  
atvinnulífi

[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



HAGVANGUR

## DMM Lausnir

DMM Lausnir er hugbúnaðar- og ráðgjafaryrirtæki. DMM Lausnir eru framleiðendur hugbúnaðarkerfisins DMM, sem er notað á vettvangi viðhaldsstjórnunar, verkefnisstjórnunar, eftirlits og gæðastjórnunar. Meðal þeirra sem nota DMM eru öll stærstu orkufyrirtæki landsins. DMM er notað í flestum afstöðvum og í flestum dreifikerfum landsins. DMM hefur verið þróað samfellt í um 20 ár, mjög mikið er lagt upp úr áreiðanleika kerfisins og síþróun þess. DMM Lausnir er vel staðsett að Hafnargötu 91 í Reykjanesbæ. Á bak við DMM Lausnir eru sterkir eigendur. Aðbúnaður starfsmanna er til fyrirmyndar sem og vinnuandinn. DMM Lausnir hafa skilað jákvæðri rekstraratkomu í 10 ár í röð og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja ársins 2013 valið af Creditinfo.

## Þróunarstjóri í hugbúnaðargerð

Við erum að stækka forritunarteymið og huga að næstu kynslóð hugbúnaðarkerfis okkar. Ef þú ert leiðtogi í hugbúnaðargerð með mikla starfsreynslu, þá skaltu endilega kynna þér þetta tækifæri!

### Við bjóðum þér:

- Að taka þátt í að leiða og móta gerð næstu kynslóðar hugbúnaðarkerfis okkar. Sem þróunarstjóri færðu það hlutverk að útbúa tækniilegan vegvísi, miðla tæknilegri framtíðarsýn, leiða hönnun nýrra kerfiseininga, koma á fót viðeigandi leikkerfum á vinnustað og taka þátt í forritun og samskiptum við viðskiptavinum
- Vel skipulagðan, krefjandi og ljúfan vinnustað. Unnið er í anda Agile Scrum aðferðafræðinnar
- Góða vinnuástöðu á einkar huggulegum stað með fallegu útsýni

### Það sem sem þú þarft að hafa fram að færa:

- Að lágmarki B.Sc. gráða í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði
- Afburða hæfileiki til að hanna og leiða þróun hugbúnaðarkerfis
- Þörf fyrir að vinna að stöðugum endurbótum og framförum fyrir þig sjálfa(n), teymið og hugbúnaðarkerfið
- Reynsla af Microsoft .NET Framework
- Reynsla af „service oriented architecture“ með SOAP og/eða REST vefþjónustum
- Yfirgripsmikil þekking á líftímaþróun hugbúnaðarkerfa og reynsla á sviði samfelldrar þróunar og afhendingar hugbúnaðarkerfis til viðskiptavina
- Hæfileiki til að vera allt í senn leiðtogi, liðsmaður og einstaklingur sem hvern einasta dag vinnur að því að ná hámarksárangri á vettvangi hugbúnaðargerðar

### Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem  
[sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



**Lykillán** er ný og hagkvæm leið til að eignast nýjan eða notaðan bíl. Með Lykilláni bjóðum við nú **hærra lánshlutfall** og **lægri vexti**.

Nýir bílar

**10% útborgun**

Nýir og notaðir bílar

**Lán til allt að 7 ára**

Lægstu vextir  
**8,75%**

Notaðir bílar

**Samanlagður  
aldur bifreiðar og  
láns getur orðið  
allt að 12 ár**

Notaðir bílar

**Allt að 80%  
lánshlutfall**

Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 80% við kaup á notuðum bíl og 90% við kaup á nýjum bíl. Vextir eru óverðtryggðir og breytilegir. Skyld er að húftryggja bílinn á lánstímanum.

Kynntu þér kosti Lykillána og fáðu allar nánari upplýsingar á [lykill.is](http://lykill.is)





Pú getur skoðað fleiri myndir á facebook síðu okkar glitter mottur



# Mottur.is

## Glitter mottur

Verslunin **Mottur.is** er eini aðilinn á Íslandi sem eingöngu selur Glitter mottur.

Við bjóðum eingöngu hágæðamottur úr polyester, sem þýðir lengri endingu og auðveldari þrif á mottunum.



**3 stærðir**

120x150, 140x200 og 170x240

**30%** afsláttur  
af eldri gerðum

**Opnunartími**

13-18 alla virka daga  
og 13-16 á laugardögum

Erum staðsett í  
**Hokkí & Sport**

Faxafeni 8, 2 hæð  
sími 588 9930



# ENGILL MEÐ ÁSTARBOGA

**HELGARSPJALLIÐ** Rithöfundurinn, söng- og leikkonan Bergljót Arnalds bakaði sjóræningjaköku fyrir fimm ára afmæli dóttur sinnar í dag. Hún segist vera kúrari með ævintýrahjarta og ætlar aldrei aftur að reyna að gefa súkkulaði upp á bátinn.

**Hvað er það sem þú gerir alltaf um helgar?** Að vera á meðan er; vaxa, dafna og njóta.

**Hvað ætlar þú að gera sérstakt um þessa helgi?** Dóttir mín verður fimm ára í dag og því ætla ég að halda heljarinnar veislu með sjóræningjaköku, vinum og vanda mönnum. Það er búin að vera mikil tilhlökkun í heilt ár svo þetta verður afar skemmtilegt.

**Hvar finnst þér best að vera um helgar?** Úti í náttúrunni eða með þeim sem ég elska.

**Vakirðu lengur um helgar?** Já, stundum dett ég í það að spila á píanóið eða grúska eitthvað fram eftir.

**Ertu árrisul eða sefurðu út?** Það fer allveg eftir stemningunni og hvað er að gerast hverju sinni. Ég er bæði kúrari og með ævintýrahjarta.

**Hver er draumamorgunverðurinn?** Nýir ávextir beint af trjánnum og máturega þroskuð ber.

**Hvernig er dæmigert laugardagskvöld í þínu lífi?** Það er ekkert dæmigert. Hver dagur sem við lifum er einstakur. Síðasta laugardagskvöld söng ég á tónleikum í Danmörku og í kvöld ætla ég að kúra með stelpunni minni eftir brjáláðan afmælisdag og spjalla um gjafir, gleði og gesti.

**Ertu með nammidag og hvert er uppáhaldssælgætið?** Allir dagar eru nammidagar í mínu lífi. Ég man eftir einum degi þar sem ég reyndi að hætta að borða súkkulaði og það verður ekki gert aftur nema að mikíð liggi við.

**Hvað maularðu í sjónvarpsófanum á kósikvöldum?** Stundum popp, stundum kartöflulögur og stundum súkkulaði.

**Heldurðu hvildardaginn heilagan?** Það er hvíld í svo mörgu og allir dagar eru heilagir.

**Ferðu til kirkju á sunnudögum?** Ef þar er athöfn sem skiptir mig máli, eins og skírn.

**Hvað verður með sunnudagskaffinu og með hverjum drekkur þú það?**

Síðasta sunnudagskaffi var með Mette, danskri söngkonu sem hefur verið að berjast við krabba-mein. Hún er yndisleg. Það er enn óráðið hver kemur í næsta sunnudagskaffi en eitt er víst að það verður til nóg af kökum.

**Til hvers eru helgarfrí?** Frí og uppbot eru nauðsynleg lífinu. Það er svo misjafnt hvað hentar fólki til að hlaða orkuna sína og fylla hjartað. Hjá mér er það ástin, náttúran og sköpun.

**Hvað er helst að fréttu?** Ég er

nýlega farin að syngja opinberlega sem söngkona og hef verið að semja lög. Ég flutti lag eftir sjálfa mig við þakkarbæn álfkonunnar Taminu á Álfahátíðinni á síðustu sumarsólstöðum og annað lag, Hurricane, í Danmörku í vor. Um síðustu helgi frumflutti ég nýtt lag á Jótlandi um ástardrenginn Cupid og næst á dagskrá eru heimatónleikar á afmælinu mínu, 15. október. Mig langar að bjóða þeim sem hefðu gaman af því að hlusta á fáein lög eftir mig og stefnan er að fjármagna útgáfu í framtíðinni.

**Af hverju lag um Cupid?** Af því hann er svo stríðinn með ástarörörina sína. Hann á skilið að það sé samið lag um hann og prakkaraskapinn þegar hann leikur sér að því skjóta fólk í hjartastað með litla leikfanginu sínu.

**Hvernig stóð á þessum tónleikum á Jótlandi?** Danska söngkonan Methe Danefeldt Clemmensen bauð mér að flytja lagið ásamt tangó sem ég samdi í nýjum tónleikasal hennar á sveitabúgarði á Jótlandi, ásamt söngvurum frá Noregi, Hollandi og Finnlandi. Það var troðið út úr dyrum í þessum litla sal og virkilega heitt.

**Hvernig tilfinning var að frumflytja nýtt lag eftir sjálfa sig fjarri heimahögum og í troðfullum sal?** Það var fiðringur, skelfing og gleði; allt á sama tíma.



**ELSK AÐ ÁSTINNI** Bergljót Arnalds með hvíta vængi eins og ástarguðinn Cupid. Cupid er sonur Venusar og ber með sér örvar og boga sem hann skýtur í hjarta fórnarlamba sinna sem á augabragði verða ástfangin.

MYND/BJARNEY LÜÐVÍKSÓTTIR

## ÁSTIN, NÁTTÚRAN OG SKÖPUN

„Það er svo misjafnt hvað hentar fólki til að hlaða orkuna sína og fylla hjartað. Hjá mér er það ástin, náttúran og sköpun.“

**Gala**  
FOR  
comma,

Komið í comma í Smáralind!  
Takmarkað upplag. Aðeins í sölu á meðan birgðir endast.

## FULLKOMINN KAUPAUKI FYRIR HANA

Kaupum á Gala fatnaði fylgir hágæða Alessandro naglalakk frá Óm snyrtivörum.

comma,





# TÓNLEIKAFLAKK

Lady Gaga  
París 24.- 26.nóvember  
99.900,-



## Lady Gaga París 24-26 nóvember

Tónleikar í París með Stefani Joanne Angelina Germanotta eða Lady Gagan eins og hún er kölluð. Stórkostlegur listamaður sem óttast ekki áskoranir. Hvort sem er í söng, tónsmíðum eða leiklist.

Lenny Kravitz  
Berlín 4.-6. nóvember  
99.900,-



## Lenny Kravitz Berlín 4-6 nóvember

Leonard Albert Kravitz verður með tónleika í Berlín þann 5. nóvember næstkomandi og höfum við tryggt okkur nokkra miða á tónleikana.

Andrea Bocelli  
London 19.-21. nóvember  
142.200,-



## Andrea Bocelli London 19-21 nóvember

Andrea Bocelli þarf vart að kynna. Þess stórkostlegi ítalski söngvari er á tónleikaferð um heiminn og verður með tónleika 20. nóvember í O2-höllinni í London.



Flakkferðir er ferðaskrifstofa sem leggur áherslu á skemmtilegar ferðir, þar sem þjónustan við viðskiptavini er höfð að leiðarljósi. Láttu okkur sjá um að skipuleggja ferðina fyrir þig, hvort heldur með því að versla hjá okkur pakkaferð eða leyfa okkur að sérsníða ferð að þínum þörfum. Við hjálpum þér að fá ferð á hagstæðu verði, en jafnframt skemmtilega og án vandkvæða. Hafðu samband við fulltrúa okkar og fáðu upplýsingar um ferðirnar okkar.

# SKIÐAFLAKK

BRIXEN IM THALE AUSTURRÍKI

SJÖ NÁTTA SKIÐAFERÐ  
TIL BRIXEN IM THALE Í  
AUSTURRÍSKU ÖLPUNUM  
kr 199.000,-

Viltu eiga möguleika á að vinna KitchenAid hrærivél í leik Flakk.is?  
Farðu þá á flakk.is, skráðu þig og biðdu spennu(ur)



www.flakk.is / Sími 571-7400 / Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík



**Húsnæði í boði**

Einstaklingsíbúð á svæði 112.42 m<sup>2</sup>. Stofa, bað, eldhús og anddyri. 72 þús á mán. Hití og rafm. Innifalið. Reglusemi áskilin. Áhugasamir sendið á thjonusta@365.is merkt „Íbúð til leigu“

Til leigu er 117 m<sup>2</sup> íbúð að Hagamel, fullbúin húsgögnum og öðrum húsbúnaði. Leiguverð er 230 000 kr. á mánuði. Umsóknir sendist á hagamelur.leiga@gmail.com

Snyrtileg 3. herb íbúð í Gbr til leigu. Góð umgengi og reykleysi skilyrði. Uppl. í síma 840 0076.

**NYTT SUMARHÚS.**

Smiði á sumarhúsum, gesthúsum, pallasmíði, viðbyggingar. Tilboð í önnur hús, Haraldur húsasmíðameistari. Uppl. halli@hatak.is Sími 894 0048.

**EINBYLISHÚS TIL LEIGU - 210 !**

150fm einbýlishús í Garðabæ, 5 herb. Sími 893-4515.

**Húsnæði óskast**

Traustur aðili óskar eftir 2-3 herb íbúð til leigu í Reykjanesbæ. Upplýsingar í s. 866 0044.

Traustur aðili óskar eftir Einbýlishúsi til leigu á suðurnesjum. Skoða allt, 3-6 mánaða fyrirframgreiðsla, langtímaleiga. Upplýsingar í s. 783 9493.

**Sumarbústaðir****EIGNALÓÐIR**

Til sölu fallegar sumarhúsaloðir í Grímsnesi. Stutt frá Hraunborgum. Stórar loðir. frá 0,7 ha upp í 1,6 ha. Stutt í þjónustu á Borg og á Selfoss. Innan við klukkutímaakstur frá höfuðborgarsvæðinu (um 45 mín) Heitt og kalt vatn er í boði á svæðinu. Upplýsingar í síma 867 3569.

Vil kaupa góðan sumarbústað helst í Öndverðarnesi eða Kiðjabergi. Uppl. í s. 893 3475 e. kl. 18

**Atvinnuhúsnæði**

Lítið verktafyrirtæki óskar eftir lagerhúsnæði 30-100fm á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 895 7360

**SKRIFSTOFUHERBERGI**

Til leigu í góðu húsnæði á sv. 105 Reykjavík. Verð frá 35-60 þús. Uppl. í s. 840 0699

**Geymsluhúsnæði****GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLUHÚS.IS**

Hjólhýsi, húsbílar, fellihýsi, Camper, bílar, upph, húsnæði. Uppl. í s. 770-5144

**GEYMSLUHÚS.IS**

Tjaldvagnar aðeins 25.000 til 1. Maí 2015 Ath upph, húsnæði. Uppl. í s. 770-5144

**WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivars 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AÐNUM II, 190 VOGAR.**

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól. Síðasti opnunardagur laugardaginn 11. október frá kl. 13:00-17:00. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**ATVINNA****Atvinna í boði**

**mojo**

Víð á Mojo getum bætt við okkur fólki í stólaleigu, góð tækifæri framundan.

mojo.mojo@outlook.com



Air duct cleaning company K2 is looking for powerful and handy persons to join our team cleaning ventilation system. This is a challenging job in a good working environment. We work in all times of the day but the typical working hours are from 22:00 to 06:00 from Monday to Friday. Must speak English or Icelandic. Good salary offered. Interested persons send application before 18th of Október to sigurdur@k2.is All applications will be answered.



Loftstokkahrænsunin K2 óskar eftir öflugum og laghentum einstaklingum til að hreinsa með okkur loftræstikerfi í húsfélögum, skipum, fyrirtækjum og stofnunum. Algengur vinnutími er frá kl. 22:00 til 06:00 á virkum dögum og frí um helgar. Góð laun í boði. Áhugasamir senda umsókn fyrir 18. október á netfangið sigurdur@k2.is Öllum umsóknum verður svarað.

**ÞJÓNAR ÓSKAST**

Caruso veitingarhús óskar eftir faglærðum þjónum og/eða mjög vönu fólki 20 ára og eldri í aukavinnu á kvöldin og um helgar.

Uppl. gefur Elva veitingarstjóri í síma 562-7335 eða á caruso@caruso.is

**VÉLAVÖRÐ VANTAR**

Vélavörð vantar strax á línuskipið Ágúst GK 95. Þarf að hafa réttindi sem yfirvélstjóri til að leysa yfirvélstj. af.

Upplýsingar í síma 892 7347



Kornid Bakery is looking for assistants in the Bakery. Please send you job application to umsokn@kornid.is

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**

Óskum eftir þjónustulundunum, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/

**HANDFLAKARI ÓSKAST TIL STARFA HJÁ FISKIKÓNGINUM.**

Greitt pr.kg eða fast tímakaup. Nóg vinna, alla daga ársins.

Upplýsingar í síma 896 0602 Kristján, Fiskikóngurinn Sogavegi 3.

Leitum að dugmiklum starfsmönnum á hjólbarða- og smurstöðvar Dekkjahallarinnar í Reykjavík og Akureyri. Umsóknareyðublöð á staðnum og á dekkjahollin.is

**MÓTASMIÐIR KANADA**

Stórt byggingarfyrirtæki í Calgary, Alberta fylki. Vantar vana mótasmiði. Uppl. thoriceland@gmail.com - 8928788.

Óskum eftir hraustum og duglegum einstaklingum til starfa við löndun í Reykjavík. Góðir tekjumöguleikar. Umsókn sendist á landarehf@simnet.is

**STARF Í VEITINGAHÚSI.**

Óskum eftir starfsmanni í nýtt veitingahús við Suðurlandsbraut. Vinnutími 11-18 eða 18-22. Nánari uppl. í síma 662-4010

**VANUR STARFSKRAFTUR ÓSKAST Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**

Þarf að tala íslensku, ekki yngri enn 25 ára. Hjólbarðaverkstæði Grafarvog. S. 567 4468.

**Atvinna óskast**

Þríf smiðir geta bætt við sig verkefnum. Föst tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 841 2110.



Vissir þú að...  
börn eiga  
rétt á Vernd  
gegn klámi.



MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Þentimáklömun. Capacent október-december 2012 - hóf.uborgarsvæði 25-54 ára

**skemmtanir**

**BOLTINN Í BEINNI**

# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is  
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**

**UNDANKEPPNI EM 2016**

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

**STÓRSVEITIN UPPLYFTING**

**KRISTJÁN B. SNORRAS, ARI JÓNS, SIGURÐUR DAGBJARTS, MAGNÚS STEFÁNS. SPILA UM HELGINA.**

Allir velkomnir

## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

**vísir**

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!



“Framköllun í 25 ár”

www.framkollunarthjonustan.is





# ÞAÐ ER BÆÐI HOLLT OG SKEMMTILEGT AÐ FARA ÚT AÐ BORÐA



## Skráargatið sýnir þér hollustu.

Hollustan er líka góð á bragðið. Sómvörur merktar Skráargatinu uppfylla ströng skilyrði og innihalda m.a. meira grænmeti og minna af sykri og salti.



Ferskt á hverjum degi



# Hollari matur fyrir karla

Matvæli merkt með Skráargatinu eru holl og góð. Skráargatið er opinber staðfesting á því að matvaran innihaldi takmarkað magn af fitu, sykri og salti. Skráargatið auðveldar fólki að finna holla vöru í hillum matvöruverslana.

Í Danmörku er stöðugt verið að upplýsa fólk um hollara mataræði og kenna því að nota skráargatsmerkt matvæli. Skráargatið hefur verið þekkt í Danmörku í fimm ár. Nýlega var efnt til samkeppni í tilefni afmælisins þar sem dómamar smökkuðu tilbúna skráargatsmerkt matvöru og gáfu henni einkunn.

Veitt voru verðlaun fyrir besta réttinn en verslanakeðjan COOP hlaut þann heiður fyrir spænska pælu. Í öðru sæti keppninnar voru Rugknækker-pylsur frá Lange-lænder, í þriðja sæti kjúklingaréttur frá McDonald, í fjórða sæti var Levevis-skyr með vanillu frá Dansk Supermarked og í því fimmta kínósalat frá COOP.

Þeir sem tóku þátt í samkeppninni voru danska matvælastofnunin, matvöruverslanir, skyndibita-staðir og mötuneyti.

Keppnin beindist að lítið menntuðum karlmönnum, 35 ára og eldri, með það að markmiði að upplýsa þá um hollusturétti sem til dæmis væri hægt að taka með sér í vinnuna. Vitað er að karlmenn í þessari stöðu lifa sjö árum skemur en langskólagengin kona. Samkvæmt niðurstöðu könnunar sem gerð var í desember 2013 í Danmörku er þessi hópur manna mikið fyrir óhollustu.

Mennirnir borða of mikla fitu og of lítið af trefjum. Niðurstaða könnunarinnar varð hvatning til samkeppni á vegum Skráargatsins.

Þekktur sjónvarpskokkur, Claus Holm, var fenginn til að útbúa sérstakar uppskriftir fyrir þennan hóp. Hvatt hefur verið til þess í Danmörku að veitingahús og skyndibitastaðir noti vörur merktar Skráargatinu.

Í Danmörku eykst framboð á skráargatsmerktri matvöru stöðugt. Um 1.900 fæðutegundir hafa fengið merkinguna. Hægt er að kaupa merkt mjólk, jógúrt, olíu, fisk, kjúkling, ávexti, ber, grænmeti, brauð, korn, pasta og hveiti. Verslunin Rima 1000 fékk sérstaka viðurkenningu fyrir að bjóða upp á fjölbreytt úrval skráargatsmerktra matvæla.

Skráargatið leiðbeinir fólki við að kaupa holl matvæli. Ekki má merkja matvæli nema þau uppfylli skilyrði sem sett eru varðandi manneldismarkmið. Matvæli merkt með Skráargatinu eru fyrir allan aldur, börn sem fulloröna. Þeir sem þurfa að forðast salt ættu að líta til þessarar merkingar. Mikil neysla á salti eykur hættu á hækkuðum blóðþrýstingi. Fólk með hjartasjúkdóma á að forðast salt í matvælum. Það er því ánægjulegt að skráargatsmerkingum fjölgar.



Samkvæmt könnun sem gerð var í Danmörku eru ómenntaðir menn yfir 35 ára í mikilli hættu á að deyja ungir vegna þess að þeir borða óhollan mat. MYND/GETTY

HOLTA KJÚKLINGUR

## 100% kjúklingur

Allur Holta kjúklingur er 100% náttúrulegur. Þú getur verið viss um að þegar þú kaupir Holta kjúkling ertu að fá vöru sem nýtur virðingar hjá meistarakokkum, hvar sem þá er að finna.

100% HREIN AFURÐ

**Holta**  
KJÚKLINGUR

Grunnur að góðri máltíð  
www.holta.is



Nauðsynlegt er að skapa heilbriggt og afslappað matarumhverfi fyrir börnin á heimilinu. MYND/GETTY

## Góðar matarvenjur mikilvægar fyrir öll börn

Skráargatsmerktar vörur eru fyrir þá sem vilja borða hollan mat og henta bæði börnum og fullorðnum. Þó þarf að hafa í huga að það eru mismunandi ráðleggingar á mismunandi æviskeiðum, til dæmis þurfa yngstu börnin fituríkara fæði og þarf að taka tillit til þess við val á matvælum. Matvæli sem sérstaklega eru ætluð ungbörnum, til dæmis ungbarnamjólk og barnamatur í krukku, má ekki merkja með Skráargatinu þar sem önnur reglugerð gildir um þær vörur.

Þegar hugað er að matarvenjum barna skiptir máli hvernig umhverfi þeirra er uppbyggt, hvernig andrúmsloft ríkir á heimilinu og hvaða venjur ríkja í tengslum við neyslu matar. Inni á heilsuvefnum 6h má finna ýmis ráð um hvernig hægt er að skapa heilbriggt og afslappað matarumhverfi á heimilinu.

- **Skipting ábyrgðar.** Mælt er með því að ábyrgð á næringu barna skiptist milli barna og foreldra. Foreldrar bera ábyrgð á því hvenær er borðað, hvar það er gert og hvað á að vera í matinn. Börnin ráða því hins vegar hvort og hversu mikið þau borða.
- **Afslappað og ánægjulegt andrúmsloft.** Hafðu ákveðnar reglur og borðsiði við matarborðið sem börnin læra og treysta á. Börn þurfa að læra að hegða sér vel við matarborðið, ekki aðeins til þess að hinir fái frið heldur til þess að þau sjálf geti notið þess að borða.
- **Engin truflun við matarborðið.** Ekki er sniðugt að hafa kveikt á sjónvarpi eða útvarpi, leyfa lestur blaða eða leikföng við matarborðið vegna þess að slíkt truflar börnin við að borða og dregur úr getu þeirra til að hlusta á líkama sinn.
- **Fjölbreytni í matarvali.** Hafðu fjölbreyttan mat á borðum sem tekur tillit til bæði hollustusjónarmiða og óska fjölskyldumeðlima. Hér gildir reglan um meðalhófið.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T





# Fyrir fólk á ferðinni

Skýr.is drykkirnir eru tilvaldir fyrir þá sem vilja holla skyndibita, hugsa um heilsuna og byggja upp hraustan líkama. Drykkirnir eru próteinríkir og fitulausir. Þeir eru einnig uppspretta kalks og fjölmargra annarra vítamína og steinefna.

Gríptu með og njóttu!

- ✓ PRÓTEINRÍKT
- ✓ FITULAUST







### NÁMSEFNI UM SKRÁARGATIÐ FYRIR UNGLINGA


Embætti landlæknis hefur fengið leyfi til að þýða og staðfæra norskt námsefni um samnorræna merkið Skráargatið sem var innleitt héraðsliðið haust og er ætlað að auðvelda neytendum að velja hollari matvöru sem lið í því að bæta mataræði og heilsu þjóðarinnar. Námsefnið sem hér um ræðir er ætlað fyrir nemendur grunnskóla í 3. til 4. bekk, 5. til 7. bekk og 8. til 10. bekk.

Námsefninu er skipt upp í þrjú hluta: staðreyndir um Skráargatið, verkefni og svör við verkefnum.

Í fyrsta hluta eru ýmsar nytsamlegar upplýsingar um Skráargatið, annar hluti hefur að geyma fjölbreytt verkefni eins og krossgátur, reikningsdæmi, umræðuefni og teikniverkefni, og lokakafinn inniheldur lausnir verkefnanna.

Námsefnið er að finna á vefsíðu Embættis landlæknis.

**Heimild:** [landlaeknir.is](http://landlaeknir.is)



### AF HVERJU LÍTUR MERKIÐ ÚT EINS OG SKRÁARGAT?

Merkið var þróað í Svíþjóð árið 1989 og var hugsað sem samsetning af fæðuhringnum annars vegar og fæðupíramídanum

hins vegar, hvort tveggja mikið notað í Svíþjóð á þeim tíma.

Skráargatið er jákvætt matvæla-merki sem hvetur fólk til að borða fjölbreytt fæði og velja hollari valkostinn innan hvers matvælaflokks.

Græni liturinn í merkinu stendur fyrir „áfram“ eins og græna ljósið í umferðarljósum.

[www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

## Eftirlitsaðgerðir vegna notkunar Skráargatsins

Þótt notkun Skráargatsins sé valfrjálgs og gjaldfrjálgs þurfa fyrirtæki og stofnanir samt sem áður að uppfylla ákveðin skilyrði sem sett eru í reglugerð um Skráargatið. Þeir aðilar sem sjá um eftirlit eru heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga auk Matvælastofnunar og sjá þessir aðilar um að bregðast við ef reglur um Skráargatið eru brotnar.

Viðkomandi aðilar sjá því um reglulegt eftirlit, úttektir og jafnvel eftirlitsverkefni ef þess gerist þörf. Meðal verkefna sem heyrna undir sveitarfélög og Matvælastofnun má nefna skjalaskoðun, sýnatöku við mælingar og svo að sjálfsögðu skoðun á vörum og merkingum þeirra.

Meðal algengra brota á reglum um Skráargatið má nefna rangar eða villandi merkingar, villandi markaðssetningu á vörum, þegar merki Skráargatsins er notað á matvörur sem tilheyra ekki skilgreindum matvælaflokkum, þegar vara er flokkuð í rangan matvælaflokk, þegar útlit merkisins er rangt, þegar sætuefni er notað í Skráargatsmerka vöru og ef of hátt eða lágt innihald af ákveðnum skilgreindum næringarefnum er í matvælaflokknum.

Það eru stjórnendur matvælafyrirtækjanna sem bera ábyrgð á að farið sé eftir reglunum um Skráargatið. Um leið felur það í sér skyldu til að tryggja og hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt.



2014  
35  
ára



ÍS FUGL

frá íslenskum  
bændum



# Nýtt útlit

hjá gamalgrónu fyrirtæki

**NÝJAR  
UMBÚÐIR**



[isfugl.is](http://isfugl.is)



# ÜBER HYPER SUPER MEGA ULTRA TURBO TILBOÐ Í DEKKVERK.

“SVARTIR GÚMMÍHRINGIR SEM SNÚAST UNDIR BÍLNUM,  
FYRIR VETRAR EÐA HEILSÁRS AKSTUR” ÓSKA EFTIR SAMBANDI  
VIÐ BÍL Á ÓÞEKKTUM ALDRI. VIÐ HEITUM THREE A ECOSNOW,  
ERUM FRÁ KÍNA OG ERUM Á REDONKULOUSLY LÁGU VERÐI.

## THREE-A ECOSNOW VERÐ FYRIR 4 DEKK ÁN VINNU

175/65R14

Fullt verð 50.000.-

185/65R15

Fullt verð 58.000.-

195/65R15

Fullt verð 62.000.-

205/55R16

Fullt verð 70.000.-



**ÜBER Verð 29.900.-**

**ÜBER Verð 38.900.-**

**ÜBER Verð 39.900.-**

**ÜBER verð 45.000.-**

### FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR ÞAÐ ;)

Eigum líka dekkjavini frá mörgum öðrum löndum af öllum stærðum sem óska eftir sambandi við bíla á öllum aldri eða eftir góðu heimili þar sem þeim er klappað mikið. Sjáðu alla vini okkar og myndir á verðlistanum okkar á [www.dekkverk.is](http://www.dekkverk.is).

### NOKKUR GÓÐ VERÐ FYRIR 4 DEKK ÁN VINNU

175/65R14 WestLake SmáKornadekk

Fullt verð 66.000.- Tilboðsverð 45.000.-

175/65R14 Bridgestone Blizzak

Fullt Verð 85.000.- Tilboðsverð 57.000.-

175/65R14 Michelin Alpin A4

Fullt Verð 80.000.- Tilboðsverð 61.000.-

185/65R14 WestLake SmáKornadekk

Fullt Verð 69.000.- Tilboðsverð 48.000.-

185/65R15 WestLake SmáKornadekk

Fullt verð 48.000.- Tilboðsverð 51.000.-

185/65R15 Bridgestone Blizzak

Fullt verð 100.000.- Tilboðsverð 64.000.-

195/65R15 WestLake SmáKornadekk

Fullt verð 78.000.- Tilboðsverð 54.000.-

195/65R15 Michelin Alpin A5

Fullt verð 99.000.- Tilboðsverð 70.000.-

205/55R16 WestLake SmáKornadekk

Fullt verð 100.000.- Tilboðsverð 66.000.-

205/55R16 Bridgestone Blizzak

Fullt verð 145.000.- Tilboðsverð 92.000.-

205/55R16 Michelin Alpin A5

Fullt verð 147.000.- Tilboðsverð 102.000.-

**SJÁ ALLAN VERÐLISTANN  
Á [WWW.DEKKVERK.IS](http://WWW.DEKKVERK.IS)**

# DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ

Sími: 578 7474 [www.dekkverk.is](http://www.dekkverk.is)

Opnunartímar: Nýbýlavegur 8:30-19:00 mán - fös - 10:00 - 19:00 lau - sun

Lyngás 10:00 - 19:00 mán - fös. Lokað í Lyngási um helgar



# DJÖFLAR OG VILLIDÝR OG GUÐSORÐ Á EYÐIEYJU

## FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** las ungunur söguna um Robinson Crusoe en komst löngu seinna að því að til var enn merkilegri saga um fólk á eyðieyju, og sú var meira að segja sönn.



Ég kynntist Robinson Crusoe í teiknimyndasögu barnblaðsins Æskunnar er ég var smástrákur. Crusoe var úfinn og svarthvítur og ég man að ég hugsaði mikið um af hverju hann væri sífellt að reyna að puða við að sauma sér þykk og skjólgóð skinnföt þarna á suðurhafseyjunni; átti ekki að vera eilíf sól og hiti á slíkum eyjum? Seinna hef ég endurnýjað kynnin við Crusoe í ýmsum útgáfum og nú síðast einkum bíómyndum. Árið 2000 var hann orðinn bandarískur kerfisfræðingur í kvikmyndinni Cast Away, leikinn af Tom Hanks, og á

næsta ári mun hann reyna að lifa af í vægast sagt hrjóstrugu umhverfi plánetunnar Mars. Þá verður frumsýnd stórmynd Ridley Scotts, Marsbúinn, það er víst ekki ennþá ljóst hver leikur Crusoe. Reyndar hefur leið skipbrotsmannsins knáa áður legið til rauðu plánetunnar, það var í bíómyndinni Robinson Crusoe on Mars frá 1964.

Sagan um Crusoe er upphaflega byggð á ævintýrum skoska sjómannsins Alexander Selkirks sem bjó einn á óbyggðri eyju í Suðurlöndum 1704-1709. En reyndar eru til sögur um konu eina, ja, eiginlega bara stúlku, sem lifði á eyðieyju við jafnvel enn harðneskjulegri aðstæðu en Selkirk og það einni og hálfri öld á undan honum. En hún hefur næstum gleymst nú á seinni árum, að minnsta kosti eru ekki gerðar um hana stórmýndir í Hollywood.

### Refsað með vist á Djöflaeyju

Út af Nýfundnalandi var á fyrri tíð sögð vera eyja sem breskir sjómenn kölluðu Djöflaeyju en þeir komu þangað fyrstir manna til fiskveiða um svipað leyti og Kólumbus „fann“ eyjarnar í Karíbahafi. Líklega voru bresku sjómennirnir á undan Kólumbusi að finna lönd í vestri, en þeir sögðu engum frá því vegna þess að þeir vildu sitja einir að sérlega fengsælum fiskimiðunum þar vestra. Skriflegar heimildir um ferðir þeirra eru því fáar til og frá Djöflaeyju var fyrst sagt í ítalskri bók um miðjan 16. öld. Og þar bjó heil hjörd af argandi illyrmislegum púkum í dimmri kynjaböku og keppti við grimmi óargadýr um að rífa í sig þá vesalings menn sem þangað rákust.

Sögurnar um Djöflaeyju virðast allar með mestu ólíkindum en raunin er þó sú að þessi eyja var til, og er náttúrulega enn, þótt



VILLIDÝRIN VORU HROÐALEG ÁSÝNDUM Djöflar og villidýr sækja eilíflega að hinum sannkristnu, hérna að heilögum Antoníusi.

hún kallist nú öðru nafni. Og það sem meira er, þar hélt einmitt til sú stúlka sem átti sér jafnvel enn merkilegri sögu en Alexander Selkirk.

Árið 1542 gerði Frakkakóngur út leiðangur til að kanna strendur Norður-Ameríku og setja þar upp nýlendu. Leiðangrinum stýrði aðalsmaður að nafni Roberval og hann kom að landi þar sem nú heitir St. Johns á Nýfundnalandi. Ekki fannst Frökkum ýkja vistlegt þar svo minna varð úr nýlendustofnun en til stóð, en Roberval lenti líka í óvæntum vanda. Ung frænka hans, bróðurdóttir að nafni Margaríta de la Rocque, hafði fylgt honum í þetta ferðalag og á siglingunni yfir Atlantshafið var ekki laust við að ástir hefðu tekist með henni og einum af hinum ungu sjóliðsforingjum Robervals.

Roberval var strangtrúaður og taldi hann samdrátt frænku sinnar og liðsforingjans hina verstu synd, og refsing hans var mjög hörð. Þegar leið skipa hans lá framhjá Djöflaeyju, þá lét hann þegar í stað skjóta út báti og flytja Margarítu þar í land, vistolitla, en hins vegar með fjórar byssur sér til verndar og eina gamla þjónustustúlku sem hét Damiene.

Það var ekki miskunnsemi sem réð því að Roberval lét Damiene fylgja frænku hans á Djöflaeyju, heldur einskær hefndarþorsti, því hún hafði vitað af ástarævintýri Margarítu og unga sjóliðsforingjans en látið sér vel líka og ekki klagad.

### Varist djöflum og villidýrum

Unga sjóliðsforingjans biðu áreiðanlega ekki betri örlög, því um leið og báti var skotið út við Djöflaeyju með Margarítu og gömlu þjónustustúlkuna innanborðs, þá skipaði Roberval svo fyrir að hann skyldi settur í járn og ugglaut hefði hann síðar verið tekinn af lífi. En sjómanningnum unga var ekki fisjað saman, honum tókst að losa sig úr höndum fangavarda sinna og steypa sér í sjóinn rétt í sama mund og skipsbáturinn kom til baka frá því að setja konurnar í land á Djöflaey. Og annaðhvort taldi Roberval hann drukknadán eða hirtu alla vega ekki um að elta hann uppi, því honum tókst að skreiðast á land á eyjunni og var að sjálfsgöðu vel fagnað af Margarítu og þjónustustúlkun hans.

En Roberval sigldi brott. Þeir eru til sem halda því fram að það hafi ekki einungis verið hlýðni við guðs boðorð sem olli því að hann skildi frænku sína þarna eftir, heldur hafi grimmd hans átt sér nærtækari skýringu. Hann á að hafa vonast til þess að þegar hún væri úr sögunni myndi hann sjálfur krækja í stærri part af ættarauðnum.

En horfur þeirra þremminganna á eyjunni voru ekki glæsilegar. Rómantik á eyðieyju var að minnsta kosti víðsfjarri, þegar jafnt villidýr sem djöflar tóku að sækja að þeim. Svo segir að minnsta kosti í þeim heimildum sem til eru um þessa vöðaatburði en þar er hvergi dregin fjöður yfir þá herskara sem sóttu að Margarítu og félögum.

Dag og nótt varð fólkíð að hafa vara á

sér, enda þurftu djöflarnir aldrei að sofa og sóttu að þeim hvenær sólarhringsins sem var. Svo fór að lokum að þeim tókst að mestu að halda djöflunum í skefjum með linnulausum Biblíulestri, auk þess sem María guðsmóðir sté fæti sínum á eyjuna þegar verulega virtist syrta í álinn og sópaði heilum herskara djöfla út í sjó. En María virðist annars hafa verið önnur kafin, því hún stoppaði ekki lengi, og þegar hún hafði á braut komu djöflarnir á ný og hófu ásókn sína.

En þó Nýjateamentið dygði allvel til að stugga við djöflum og púkum, þá létu þó villidýrin sér aldrei segjast – sama hversu duglega var lesin Biblían; en villidýr þessi voru næsta hroðaleg ásýndum, ósegjanlega grimmilegar skepnur, komnar líkt og beina leið út helvíti, og góluðu á víðurstyggilegan hátt að elskendunum hrjáðu og Damiene. Elskendurnir iðruðust að vísu synda sinna, eins og guðræknur Frökkum sáemir, en þrátt fyrir það varð ástin enn á ný yfirsterkari guðsótta og þar kom að Margaríta varð barnshafandi og fæddi síðan barn við þessar ómurlegu aðstæður.

Villidýrin sem sífellt réuðust að óhrjáleghum bústað þeirra fylltust að sjálfsgöðu miklum eldmóði þegar þessi ávöxtur syndarinnar kom í heiminn og urðu árástir þeirra nú hálfu grimmilegri en áður. Svo fór að elskhugi Margarítu, sjóliðsforinginn ungi, þótti ekki lengur þetta ástand, veslaðist upp og dó.

Brátt andaðist barnið þeirra Margarítu líka, enda aðstæður á Djöflaeyju ekki beinlínis heppilegar fyrir ungbarn, og loks dó hin gamla og tryggja Damiene.

Margaríta var nú orðin ein eftir og djöflarnir og villidýrin sóttu að henni sem aldrei fyrr. Djöflarnir voru ónæmir fyrir byssukúlum, en villidýrin létu sér ekki segjast, sama hvað var þulið af guðs góða orði.

En dýrin mátti hins vegar skjóta og Margaríta gerðist nú skytta góð. Hún drap meðal annars þrjá risastóra birni sem voru hvítir sem nýorpin hæneegg. Og hún hélt lífi á eyjunni í hvorki meira né minna en tvö ár og fimm mánuði.

Þá bar að ströndum Djöflaeyjar fiskibát, sennilega frá Bretlandi, og var henni bjargad þar um borð. Og hún komst að lokum aftur heim til Frakklands, þar sem hún hafði að sjálfsgöðu löngu verið talin af.

Þótt saga þessa fyrirrennara Robinson Crusoe þyki afar þjóðsagnakennd, þá er hún raunar ágætlega skjalfest. Menn eru ekki sammála um nákvæmlega hvaða eyja hafi verið sú Djöflaeyja þar sem Margaríta varðist ásókn ára og dýra en kunnugur á þessum slóðum segja að það sé ekkert skrytið þótt hjátrúarfullum Evrópubúum á 16. öld hafi dottið í hug djöflar og blóðþyrst villidýr þegar framandleg óp súlnnar bárust gegnum næturmyrkrið, þegar rostungar fnæstu og otuðu tröllauknum vígtönnum að skelfingu lostnu fólkinu og þegar hofmóðugir geirfluglar voru á vappi í þokunni.

**Dag og nótt varð fólkíð að hafa vara á sér, enda þurftu djöflarnir aldrei að sofa og sóttu að þeim hvenær sólarhringsins sem var. Svo fór að lokum að þeim tókst að mestu að halda djöflunum í skefjum með linnulausum Biblíulestri, auk þess sem María guðsmóðir sté fæti sínum á eyjuna þegar verulega virtist syrta í álinn.**



ROBERVAL



TOM HANKS Í CAST AWAY



**Create Now – Reykjavík**

Grand Hótel, 15.-16. október

Námsstefnan Adobe Create Now verður haldin á Grand Hótel Reykjavík með fjölda frábærra fyrirlestra um notkun Adobe hugbúnaðar fyrir **ljósmyndara, prenthönnuði, vefhönnuði og kvikmyndagerðarfólk.**

**2 dagar, 27 fyrirlestrar frá 6 sérfræðingum verð aðeins 15.000 kr.**

Ókeypis kynningarforlestur um Creative Cloud báða dagana. - Allir velkomnir

Nánari upplýsingar og skráning er á heimasíðu Hugbúnaðarsetursins:

[www.hugbunadarsetrid.is](http://www.hugbunadarsetrid.is)





# Kvöldstund með HELGA BJÖRNS



30 ÁRA SÖNGAFMÆLI

Í TÍLEFNI ÞESS  
ÆTLAR HELGI AÐ  
FARA HRINGFERÐ  
UM LANDIÐ,  
SPIALLA SYNGJA  
OG SEGJA SÖGUR  
OG GLEÐJAST  
MEÐ FÓLKI UM  
LAND ALLT.

LOKATÓNLEIKAR Á 30 ÁRA AFMÆLISFERÐ UM LANDIÐ  
**AUSTURBÆR - LAUGARDAGUR 25 OKT**

MIÐASALA Á TIX.IS

Hertz

Síminn

tix.is




## Konráð og félagar á ferð og flugi 117

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Fjórtn kettir gegn einni mús?“ sagði Róbert hugsi. „Við refirnir erum nú yfirleitt bara einn refur á hverja mús. Finnst ykkur þetta sanngjarnt?“ Kata horfði stíft á myndina. „Heyrðu mig nú Róbert, þetta er bara gáta.“ sagði hún byrst og bætti við. „ekki fara að blanda við þetta samanburði á köttum og refum.“ „Róleg.“ sagði Lísaloppa. „Getið þið fundið einhverja leið fyrir þessa litlu mús til að komast framhá öllum þessum köttum út úr völunderhúsinu?“ Hún bætti við brosandí, „kannski er hún bara klókari en fjórtn kettir?“

Getur þú fundið leið framhá öllum þessum köttum út úr völunderhúsinu. Músin má aldrei koma nálægt þeim, þá geta þeir náð henni. Það þarf alltaf að vera veggur á milli þeirra.



## Brandarar

**Amman:** Hvernig gekk honum Gísla litla á söguþrófínu?

**Pabbi:** Oh, hálf illa en það var ekki honum að kenna, strákgreyinu, kennarinn var að spyrja hann um það sem gerðist löngu áður en hann fæddist.

**Jói litli:** Ég orgaði ekkert þegar ég fór til tannlæknisins.

**Pabbi:** Duglegur varstu. Þú

mátt eiga þennan fimm hundruð kall fyrst þú stóðst þig svona vel. Var þetta ekki sárt?

**Jói litli:** Nei, nei, tannlæknirinn var ekki við.

Tveir strákar voru í áflogum þegar gamlan mann bar að. „Látiði nú ekki svona, drengir mínir. Vitið þið ekki að maður á að elska óvini sína?“ „Jú,“ svaraði annar. „Við erum ekki óvinir, við erum bræður.“

## KOLAPORTIÐ

Kolaportíð er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík  
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

## Myndin



**Eik 9 ára** sendi Fréttablaðinu þessa mynd af blómum í túni, steini og læk og sólar gægjast framhá fjalli.

## Leiðinlegasta sem ég geri er að hanga inni

Anna Bíbí Wíum Axelsdóttir, tíu ára, leikur stelpu í brennó í nýju forvarnarmyndinni Stattu með þér, sem sýnd er í tíu og tólf ára bekkjum í skólum landsins.

**Veistu af hverju þú heitir Anna Bíbí Wíum?** „Já, langamma mín hét Anna og amma mín var kölluð Bíbí og ég er skírð í höfuðið á þeim. Ég er fædd í Kína og þess vegna á ég líka kínverskt nafn sem er Fu Qing Man.“

**Í hvaða skóla ertu og hvaða námsgrein er í uppáhaldi þar?**

„Ég er í Foldaskóla og mér finnst skemmtilegast í íþróttum, dansi og myndmennt.“

**Hver eru helstu áhugamálin þín og hvernig gengur að sinna þeim?**

„Ég er í Sönglist og mér finnst gaman þar, bæði að leika og syngja. Ég er líka að æfa á píanó og svo er ég nýbyrjuð í Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju. Ég var að æfa fótbolta en er hætt því núna. Kannski ætla ég að prófa að æfa körfubolta.“

**Var gaman að taka þátt í myndinni Stattu með þér?** „Já, það var var mjög fínt. Það voru skemmtilegir krakkar sem tóku þátt og ég þekkti suma.“

**Hvert er þitt hlutverk?** „Í myndinni lék ég aðallega stelpu í brennó í íþróttatíma og í lokaatriðinu þar sem allir voru.“

**Hvernig fannst þér að sjá þig á hvíta tjaldinu?**

„Það var gaman að sjá sjálfa sig í bíó en líka svolítið skrítíð út af því að ég vissi ekki hvernig þetta yrði. Mér fannst bara allir standa sig vel í hlutverkunum sínum.“

**Hvað horfir þú helst á í sjónvarpinu og af hverju?**

„Ég horfi helst á Skúla skelfi og Malcolm in the Middle í sjónvarpinu og svo horfi ég oft á veðrið líka til að fylgjast með hvernig það á að vera.“

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú gerir?** „Það leiðinlegasta sem ég geri er að hanga inni, fara út með ruslið og fara að versla.“

**En skemmtilegasta?** „Skemmtilegasta sem ég geri er að leika við vini mína, vera í Sönglist og kórnum. Mér finnst gaman að leika og syngja.“

**Finnst þér starf leikarans áhugavert?** „Já, svolítið. Það er ekki auðvelt að vera leikari því það þarf að halda einbeitingu og ruglast ekki og vanda sig við það sem maður á að gera. Ég væri alveg til í að leika í einhverju fleiru. Kannski verð ég leikari þegar ég verð stór.“

ANNA BÍBÍ „Mér finnst gaman að leika og syngja.“  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**50%**  
AFSLÁTTUR

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 geta fengið 50% af snjóbrettapakka hjá Íslensku Ölpunum.



**50%**  
AFSLÁTTUR  
af matseðli hjá Wilsons Pizza

Fríðindakerfi 365

# Til allrar hamingju!

Í tilefni af 28 ára afmæli Stöðvar 2 verða þessi frábæru afsláttartilboð í boði fyrir áskrifendur Vildar fram á mánudag.

Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is. Einnig drögum við út glæsilega vinninga í hverjum mánuði og hvert skráð kort gildir sem happdrættismiði.



# Vild



**40%**  
AFSLÁTTUR

af skyrtuhreinsun hjá Efnalauginni Björg í Mjódd.



**2 FYRIR 1**  
í Baðstofu Lauga Spa



**40%**  
AFSLÁTTUR

af mánaðarkortum í World Class og í Baðstofuna.



**2 FYRIR 1**  
á klukkustundarkortum í Smáratívoli





# KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

## ALLT Í JÓLA- BAKSTURINN



15%  
afsláttur

359 kr. pk.

Verð áður 425 kr. pk  
Nesbú 10 meðalstór egg



Síríus Konsum  
Suðusúkkulaði, 200 g 345 kr.  
Suðusúkkulaði, 100 g 165 kr.  
Hvítt súkkulaði, 100 g 279 kr.



Nóa karamellukurl,  
150 g

219 kr. pk.



199 kr. stk.

Allra smjörliki, 500 g

Fæst í Krónunni Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og á Selfossi



Dr. Oetker

Blár eða grænn matarlitur, 30 ml

Rauður matarlitur, 30 ml

Möndlu, romm og vanillu essens, 33 ml

75 í pk.

569 kr. pk.

Cupcake mini muffins-  
form, 75 stk.



Dr. Oetker kökuskraut

Stjerne og Confetti, 40 g 399 kr.

Minipearls og princess, 34 g 689 kr.

Love og Jungle, 34 g 699 kr.



Vog og  
mælikanna  
í einu tæki!

5998 kr. stk.

Salter digital vog og mælikanna





# HOLLARI BAKSTUR



**1298** kr. stk.

Via Health stevia dropar, margar bragðtegundir, 50 ml



**997** kr. pk.

Funksjonell sukrimelis flórsykur, 400 g



**1197** kr. pk.

Funksjonell sukrin, 500 g



**1195** kr. pk.

Funksjonell kókosshveiti, 500 g



**145** kr. pk.

First Price kókosmjöl, 200 g



**1198** kr. stk.

Himnesk hollusta kókosolía, lyktarlaus, 500 ml



**427** kr. stk.

Vínsteinslyftiduft, 100 g



## Kókos- toppar

- 60 g mjúkt smjör
- 1 dl sukrimelis flórsykur
- 6-8 dropar stevia original
- 2-4 dropar kókos stevia
- 1 egg
- 150 g kókosmjöl

Egg, sukrimelis og steviudropar þeytt vel saman í skál. Smjóri bætt við og þeytt vel saman. Kókosmjöl bætt við og varlega blandað með sleif.

Búa til litla toppa og gott að kreista smá af vökvanum úr. Setja á bökunarpappír og í 175°C heitan ofn í ca 15 mín.

Látið toppana kólna á eldhúspappír. Mjög gott að bræða súkkulaði og setja á botninn eða toppinn.





# KROSSGÁTA

## LÁRÉTT

1. Viljug verka bögbósa (7)
7. Forkur orsakaði hrösun (7)
11. Sá er gírnist gengna á líklega bólfélagi (8)
12. Festi staðsetningar og skilaboðin eru skýr (7)
13. Þvílík orka, og álagið eftir því – gott að þetta er búið (7)
14. Greini frá mistökum og þeim er þau gera (8)
15. Sjóðandi utan við dauðan (7)
16. Fosfór og gull rígbundið þeim er drollar (7)
17. Er ekki með en heilla þó grófa (8)
19. Í sambandi við Örn, bara enn nánar (8)
21. Forfeður þekkja forna, jafnvel firnaforna (9)
24. Tak nú bál af brimsköflum (6)
27. Nafarlöng er fullkomlega vitlaus lausn þótt hún rími að einhverju leyti (6)
30. Ef bilaður leggst hjá brjálaðri endar það með einni kolvittlausri (8)
31. Hittum víðfrægan tungumálamann (8)
32. Hornittlingur er nú meira ljúfmetið (6)
33. Það stefnir í at, farðu og stoppaðu það rugl (7)
34. Verðlaunatak um verðmikinn hlut (8)
35. Hleypa engum öðrum að til að kúga (6)
36. Nuddum lúin bein eftir að við snerum heyi (8)
40. Vestmenn kennd er við þótt vísi nafnið annað/Skotar þeirra fjölda flíka/Færeyingar eiga líka (7)
42. Þuð, raus og reyfi – þetta er það sem er á bakvið öll margfeldin (10)
43. Sé undir fótinn, enda ekki há í loftinu (5)
44. Sný upp á varmenni, eins og Bjarni frá Vogu forðum tíð (7)
45. Ananas fyrir rugludallana (6)
49. Steiktu þau sem ruku burt (7)
50. Gera lítið úr hlutum fyrir lítilræði (7)
51. Fæ stöðugt að borða og legg það alltaf undir mæliker (5)
52. Sæki vatn fyrir náunga í verjandahlutverki (7)

## LÓÐRÉTT

1. Afturför sem þarf að linna, annars náum við ekki máli (9)
2. Forðast í lengstu lög að spyrja hví þeir eru alltaf stífir (9)
3. Pennan tel ég nokkuð marktækan þótt þybinn megi telja (9)
4. Ilmur ímyndana og ungabarna (8)
5. Landi E við bryggju í Flandri vestra (6)
6. Mætum kröfum til karla (8)
7. Glamúrdúó geislar (7)
8. Hyl nú Hámundarbur í skjóli hins innra hjóls (9)
9. Bæta við hliðarframleiðslu frá Skriðu (9)
10. Sveitarniðingur heimtar heri sér til hjálpar (9)
18. Sterkt til orða tekið og það á norðlensku (8)
20. Fara frá með það sem eftir er (7)
22. Aga fló við dauðans dyr (6)
23. Spýtan hans Eyrnalangs minnir á kjánann (10)
24. Hvítar kynjaverur gefa kúf í keikar (11)
25. Lappabarnið hygg ég ráða við ganginn (11)
26. Afvana uppspretta orku (11)
28. Lágvaxinn skógurinn prýðir sigurvegarann og kryddar kjötið (11)
29. Mjaðar hleypta mjólkinn soja fæst á næstu krá (7)
37. Fel þá kúst er ég kys að fylgja (7)
38. Það er afar umdeilt að hlýja föntum (7)
39. Algengir túrtappar finnast við bæli og blessuð brauð birtast (7)
41. Flytjum frá illum (6)
46. Dugleg dalaði (4)
47. Áreiti ruglaðan Kana (4)
48. Tóm nauð er rugl (4)



Lausnarorð síðustu viku var **GJALDEYRISHÖFT**



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN


Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **LITRÓF DÝRANNA** eftir Halldór Á. Elvarsson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Elísa Björg Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**



\_\_\_\_\_

### LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikilvægt regluverk sem vel má bæta og framfylgja af festu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. október næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „11. október“.



# Stiga+húsa+teppi

Mikið úrval og litaval!

Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

Mælum og gerum tilboð án skuldbindinga og kostnaðar



Ármúli 32, 108 Reykjavík  
Sími 568 1888  
[www.parketoggolf.is](http://www.parketoggolf.is)

Sérverslun með teppi og parket

Komdu með auglýsinguna og fáðu viðbótarslátt!



# BARNADAGAR Í HEILSUHÚSINU

Lífrænt og náttúrulegt fyrir barnið þitt!

TILBOÐIN GILDA

8.-12. OKT.



### Mamma Chia

Chia skvísur, stútfullar af næringu, sem millimál og í nestisboxið. Chia fræ + ávextir + grænmeti. Án viðbættis sykurs.

Tilboðsverð: 259 kr.



### Weleda húðvörur síðan 1921

Algjörlega náttúrulegar - alveg eins og barnið þitt. Fullkomin leið til að stuðla að heilbrigðri húð.



20%

### Ný vörulína - Baby Derma!

Húðvörur fyrir ofurviðkvæma húð. Ilmefnalausar vörur.



### Green People - Organic Babies

Lífrænar hreinlætis- og húðvörur fyrir börn frá fæðingu.



### Babynat

Barnamat frá 4 mánaða. Lífrænn og ljúffengur.

Verð: Lítil 275 kr. - Stór 366 kr.

30%



### Villimey

Sérvaldar, lífrænar jurtir sem hafa róandi, mýkjandi og styrkjandi áhrif á viðkvæma húð barna.

**Ungagaldur:** Rík af fjölmætuduðum fitusýrum.

Án allra rotvarnar-, ilm- og litarefna

**Bossagaldur:** Hefur reynst vel á útbrot og bleyjubruna.

Einnig gott smyrsl á sviða og sár.

**Bumbugaldur:** Ríkt af Omega 3 og E-vítamíni.

3 FYRIR 2

25%

### Animal Parade

Hágæða náttúruleg bætiefnalína fyrir börn! Tuggutöflur.

3 fyrir 2!



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



Heilsuhúsið

1979

LAUGAVEGI

LÁGMÚLA

KRINGLUNNI

SMÁRATORGI

SELFOSSI

AKUREYRI

REYKJANESBÆ



## MERKISATBURÐIR

**1977** Opinberir starfsmenn í BSRB fara í sitt fyrsta verkfall.  
**1987** Spænsk þota verður eldsneytislaus í grennd við Ísland og nauðlendir á hafinu um 50 sjómílur vestur af Reykjanesi. Sex mönnum er bjargað úr gúmmíbjörgunarbát um borð í Porlák ÁR.  
**1988** Fyrsta konan er kosin forseti sameinaðs Alþingis, það er Guðrún Helgadóttir.  
**1991** Íslendingar vinna heimsmeistararitil í brídds, þar sem tákn sigursins er hin fræga Bermúðaskál.  
**2007** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn Reykjavíkur springur.



# Verð með fjölskyldunni

Kristjana Samper myndlistarkona er jafngömul íslenska lýðveldinu og fagnar því með ýmsu móti. Er nýkomin úr ævintýraferð og ver afmælisdeginum með sínum nánustu.

„Ég er búin að halda upp á afmælið að mestu leyti með ferð um Pýreneafjöllin og ætla bara að eiga daginn með fjölskyldunni,“ segir Kristjana Samper sem verður sjötug á morgun. Hún segir soninn Baltasar meðal annars kominn til landsins til að fagna með henni.

Í umræddri ferð kveðst hún hafa upplifað frábæra hluti, skoðað lítið þekktar hellaristur frá 10.000 til 6.500 fyrir okkar tímatal og heimsótt Taüll, rómanska kirkju í 1.500 metra hæð. „Taüll hefur verið dálítið í uppáhaldi hjá okkur því lokaritgerð Baltasars, eiginmanns míns, í listasögu tengdist henni.“ Hún segir hann hafa alist upp í Barselóna. „En hann var mikil fjallaheit og upplifði frelsi í Pýreneafjöllum,“ bætir hún við.

Sjálf ólst Kristjana upp austur við Sog hjá foreldrum og sex systkinum. „Pabbi var stöðvarstjóri við Sogið, lengst af sínum starfsferli. Hann hét Guðni Guðbjartsson og mamma Ragnheiður Guðmundsdóttir. Ég fékk að sýna í Ljósafossstöð fyrir nokkrum árum og svo var mér boðið að taka þátt í sýningu á Englandi síðasta vor. Þá gafst mér tækifæri til að sýna vídeóverk sem ég hafði gert í tilefni af sýningunni minni í Ljósafossstöð. Ég kallaði það Þar sem fossar bernsku minnar fegurst sungu, sem er tilvitnun í ljóð eftir Tómas Guðmundsson sem ólst líka upp við þessa fossa.“

Kristjana lætur ekki deigan síga því fram undan er undirbúningur fyrir sýningu á Grikklandi að ári. „Mér hefur verið boðið að sýna í Naxos á Grikklandi. Það er mjög spennandi,“ segir hún.

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson, annar þjálfara íslenska landsliðsins, var ánægður eftir sigurrinum í Lettlandi í gær, ekki bara með þrjú stig og þrjú mörk. „Þeir spiluðu í rauninni fastar en við bjuggumst við og við teljum okkur bara vera nokkuð heppna að koma út úr þessum leik meira eða minna óskaddaðir þótt einn eða tveir leikmenn séu eitthvað lemstraðir,“ sagði Heimir eftir leikinn. „Við erum í fyrsta lagi ákaflega ánægðir með að hafa skorað þrjú mörk á móti þeim en auðvitað var það smá heppni því þeir misstu mann út af og þá er ég mjög ánægður með að við séum búnir að halda hreinu í tveimur leikjum,“ sagði Heimir. Staðan var 0-0 í hálfleik. „Við vorum ekki ánægðir með fyrri hálfleikinn því þeir voru ekki að gera það sem við báðum þá um að gera í fyrri hálfleiknum. Við vorum mikið að spila stutt og þá gerist lítið sóknarlega þegar allir eru að spila stutt fyrir framan varnarmúr. Það var mikill munur á sóknarleiknum okkar í seinni hálfleiknum.“ Íslenska liðið er á toppi riðilsins með 6 stig og markatöluna 6-0. „Þetta eru bara fyrstu tveir leikirnir af tíu og við fáum Hollendingana næst. Það er virkilega þægilegt að vera komnir með sex stig og mæta Hollandi á heimavelli í leik sem við þurfum ekki að vinna. Við getum farið í þann leik afskaplega rólegir. Við erum með 0-0 stöðu í upphafi og reynum að halda henni sem lengst. Þá er alltaf möguleiki á að við getum stolið sigri,“ sagði Heimir að lokum.

- esá, óó



ÁSTÆDA TIL AÐ BROSA Heimir Hallgrímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HELDUR ENN HREINU Hannes Þór Halldórsson makvörður í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Draumabyrjun

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið hefur haldið hreinu í fyrstu tveimur leikjum sínum í keppninni. Ragnar Sigurðsson er annar miðvarðar íslenska liðsins.

„Lettarnir voru það skipulagðir að það var ekki möguleiki að spila í gegnum miðjuna á móti þeim. Við þurfum á endanum að senda langa bolta og koma inn fyrirgjöfum,“ sagði Ragnar.

„Þeir dattu alveg niður í víta-teig þegar þeir urðu manni færri og við sóttum og sóttum sem endar alltaf með marki,“ sagði hann en Ísland er í fínnum málum.

„Þetta er draumabyrjun á keppninni fyrir okkur og það er alltaf gaman fyrir okkur varnarmennina að halda hreinu. Þetta þýðir ekki neitt ef að við ætlum að spila eins og aular á mánudaginn. Við ætlum að gera allt sem við getum til að koma okkur í stand fyrir þann leik,“ sagði Ragnar.

- esá, óó



MARKIÐ SEM BRAUT ÍSINN Aron Einar Gunnarsson og Kári Arnason fagna hér Gylfa Þór Sigurðssyni sem kom Íslandi í 1-0. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Sögulegt hjá strákunum

Ísland hefur aldrei byrjað betur í undankeppni stórmóts. Það varð ljóst eftir glæstan 3-0 sigur á Lettlandi á Skonto-leikvanginum í Ríga í gær. Gylfi Þór Sigurðsson, Aron Einar Gunnarsson og Rúrik Gíslason skoruðu.

## UNDANKEPPNI EM

**LETTLAND - ÍSLAND** 0-3

0-1 Gylfi Þór Sigurðsson (66.), 0-2 Aron Einar Gunnarsson (76.), 0-3 Rúrik Gíslason (90.)

**HOLLAND - KASAKSTAN** 3-1

0-1 Renat Abdulin (17.), 1-1 Klaas-Jan Huntelaar (62.), 2-1 Ibrahim Afellay (82.), 3-1 Robin van Persie (89.)

**TYRKLAND - TÉKKLAND** 1-2

**STADAN Í A-RÍÐLI:**

Ísland	2	2	0	0	6-0	6
Tékkland	2	2	0	0	4-2	6
Holland	2	1	0	1	4-3	3
Kasakstan	2	0	1	1	1-3	1
Lettland	2	0	1	1	0-3	1
Tyrkland	2	0	0	2	1-5	0

**BELGÍA - ANDORRA** 6-0

**WALES - BOSNÍA** 0-0

**ÍTALÍA - ASERBAÍDSJAN** 2-1

1-0 Giorgio Chiellini (44.), 1-1 Sjálfsmark Giorgio Chiellini (76.), 3-1 Giorgio Chiellini (82.)

**MALTA - NOREGUR** 0-3

0-1 Mats Møller Dæhli (22.), 0-2 Joshua King (25.), 0-3 Joshua King (49.)

**KÝPAUR - ÍSRAEL** 1-2

**BÚLGARÍA - KRÓATÍA** 0-1

Eiríkur Stefán Ásgeirsson  
eirikur@frettabladid.is

Valgarður Gíslason  
valli@365.is

Frá Ríga í Lettlandi



**FÓTBOLTI** Ísland er í fyrsta sinn frá upphafi með fullt hús stiga eftir tvær umferðir í undankeppni stórmóts og tekur á móti stórliði Hollands á Laugardalsvelli á mánudagskvöld sem topplið riðilsins.

Ekki nóg með það heldur hefur Ísland ekki enn fengið á sig mark en strákarnir unnu í gær afar sannfærandi 3-0 sigur á Lettlandi á Skonto-leikvanginum í Ríga.

Aron Einar Gunnarsson skoraði sitt fyrsta landsliðsmark á ferlinum en hann hafði þá þegar lagt upp mark fyrir Gylfa Þór Sigurðs-

son. Varamaðurinn Rúrik Gíslason bætti því þriðja við undir lok leiksins. Öll mörkin komu eftir að Lettland hafði misst mann af velli með rautt spjald en Ísland sótti engu að síður nánast án afláts allan leikinn.

## Þéttur varnarmúr Letta

Strákarnir gáfu tóninn strax á fjórðu mínútu þegar snörp sókn upp vinstri kantinn skilaði góðri sendingu á Jón Daða sem skallaði yfir af stuttu færi.

Það reyndist þó nánast eina ógnunin frá Íslandi í teignum í fyrri hálfleik enda var fimm manna varnarliða heimamanna afar þétt. Þar fyrir framan voru þrjú miðjumenn sem héttu sér varla af eigin vallahelmingi.

Stuðningsmenn íslenska landsliðsins hafa ekki vanist því síðustu ár og áratugi að vera nánast í stöðugri sókn á sterkum útivelli í aust-

urhluta Evrópu. Það var þó engu að síður raunin í Ríga. Heimamenn voru sáttir við að liggja til baka og beita skyndisóknnum. Það gekk þó ekki betur en svo að heimamenn áttu eina marktilraun í fyrri hálfleik – Ísland átta.

Undir lok fyrri hálfleiksins átti Emil Hallfredsson tvö skot að marki en annars náðu strákarnir lítið að koma hinum 39 ára Aleksanders Kolinko úr jafnvægi í markinu.

## Sóknarpunginn jókst

Það átti þó eftir að breytast í síðari hálfleik, ekki síst eftir að heimamenn misstu Artjoms Rudnevs af velli með rautt spjald. Rudnevs, sem braut á Ara Frey í fyrri hálfleik, lét skapið hlaupa með sig í gönur þegar hann sló til Arons Einarssonar.

Sóknarpungi Íslands varð meiri með hverri mínútnni. Lettarnir

fóru með varnarliðunum enn nær markinu sínu og Ísland spilaði sóknarleik líkt og um handbolta-leik væri að ræða. Jón Daði komst í færi, Gylfi og Emil sömuleiðis. Það var svo á 66. mínútu að siendurtekinn högg íslensku sóknarinnar náði loksins að brjóta gat á letneska múrinn. Það gerði Gylfi Þór með glæsilegri afgreiðslu í teignum eftir góða sendingu Arons Einarssonar.

Eftir stutta tóf á leiknum vegna meiðsla dómarans náði landsliðsfyrirliðinn sjálfur að koma sér á blað og skora þar með sitt fyrsta landsliðsmark á ferlinum. Aron Einar skallaði fyrirgjöf Emils úr aukaspyrnu laglega í fjærhornið og kom Íslandi í afar þægilega stöðu.

Einbeitingarleysi á lokamínútnum kom þó strákunum í koll og þeir voru næstum búnir að fá mark á sig þegar Ari Freyr Skúlason hreinsaði á línu á 84. mínútu. En nær komust heimamenn ekki og Rúrik rak síðasta naglann í kistu heimamanna er hann skoraði eftir laglegan sprett þegar lítið var eftir.

## Polinmæðin borgaði sig

Niðurstaðan frábær sigur okkar manna sem afgreiddu þennan leik frábærlega. Polinmæðin skilaði sér og það var einkar gaman að sjá leikmönnum farast svo vel úr hendi að stjórna leiknum frá fyrstu mínútu og vera einfaldlega miklu sterkari aðillinn.

Síðast þegar þessi tvö lið mættust í undankeppni stórmóts skoruðu Lettar átta mörk gegn Íslandi í tveimur leikjum. Þó svo að aðeins átta ár séu síðan er breytingin á íslenska landsliðinu slík að það er, sem betur fer, ekkert annað en óljós minning.



## FRAMMISTADA ÍSLENSKA LIÐSINS Á MÓTI LETTLAND Í GÆRKVÖLDI

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON** 7

Reyndi lítið sem ekkert á hann í fyrri hálfleik. Ari Freyr bjargaði á línu í þeim síðari og sá til þess að Hannes hélt hreinu.

**THEODÓR ELMAR BJARNASON** 8

Duglegur að sækja fram og átti nokkra flotta spretti. Sinnti sínu vel í vörninni.

**KÁRI ARNASON** 8

Skilaði sínu verki mjög vel. Öflugur í loftinu að venju.

**RAGNAR SIGURÐSSON** 7

Lettarnir sóttu lítið en Ragnar stóð vaktina þegar á þurfti að halda.

**ARI FREYR SKÚLASON** 7

Átti þátt í að búa til fyrsta færi leiksins þegar Jón Daði skallaði yfir. Fínar sendingar og barátta í Ara. Betri í fyrri hálfleik en þeim síðari.

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON** 9

Arkitektinn í spili Íslands. Frábærar sendingar og síðgandi eins og alltaf. Lettarnir gerðu allt sem þeir

gátu til að stöðva hann og spörkuðu hann ítrekað niður. Braut ísinn með markinu sínu í seinni hálfleik sem var einkar laglegt.

**BIRKIR BJARNASON** 6

Því miður kom ekki mikið út úr Birki. Afar duglegur og reyndi mikið en vantaði upp á sendingarnar. Lagði upp færi fyrir Gylfa í fyrri hálfleik.

**ARON EINAR GUNNARSSON** 9

Sá allra duglegasti og fer lítið framhjá honum. Stöðvaði skyndisókn þegar einn Lettanna var um það bil að sleppa í gegn. Skoraði frábært mark og lagði upp annað.

**EMIL HALLFREDSSON** 8

Átti skalla og tvö skot í fyrri hálfleik sem ógnuðu marki Letta. Hélt áfram að ógna á síðari hálfleik og lagði upp mark Arons Einarssonar.

**JÓN DAÐI BÖÐVARSSON** 5

Fékk lítið að koma við boltann en gerði margt ágætlega þegar hann fékk færi til.

**KOLBEINN SIGPÓRSSON** 5

Það var erfitt að koma boltanum á Kolbein gegn þéttu vörn Lettlands. Hjalpaði til í vörninni þegar hann gat.

## VARAMENN

**ALFRED FINNBOGASON FYRIR JÓN DAÐI Á 77. MÍN** 9

Náði ekki að koma sér í alvöru færi en var nokkrum sinnum nálægt því. Alfred spilaði of lítið til þess að fá einkunn.

**ÓLAFUR INGI SKÚLASON FYRIR GYLFA Á 80. MÍN** 8

Gylfi bað um skipting strax eftir annað markið. Ólafur Ingi spilaði skynsamlega en lék of lítið til að fá einkunn.

**RÚRIK GÍSLASON FYRIR EMIL Á 87. MÍN** 5

Gerði mikið á litlum tíma. Fékk reyndar átta mínútna uppbótartíma en var búinn að skora markið sitt fyrir það. Fiskaði spjöld á tvo Letta.



**NÝTT!**

Prófaðu strax  
í dag



Pönnukökurnar frá  
Myllunni fást líka óupprúllaðar.  
Prófaðu báðar gerðir.

# Fáðu þér ekta upprúllaðar pönnsur með sykri frá Myllunni

Gríptu öskju með upprúlluðum pönnukökum með sykri frá Myllunni í næstu verslun. Þær eru alltaf nýbakaðar, ferskar og bragðgóðar. Njóttu ilmsins, áferðarinnar og auðvitað bragðsins. Pönnukökurnar frá Myllunni eru bakaðar á hverjum degi eftir uppskrift sem byggir á gamalli íslenskrri hefð. Reiddu fram kaffiboð án fyrirhafnar. Komdu fjölskyldunni, vinum eða vinnufélögum á óvart með ekta pönnsum. Prófaðu! Náðu þér í öskju í næstu matvöruverslun strax í dag.



Beint á borðið án fyrirhafnar.  
Frábærar með kaffinu.



**Ný vara.  
Prófaðu!**



Skoðaðu [myllan.is](http://myllan.is)

Taktu þær með í útivistina eða bíltúrinn



Viltu pönnukökuna þína upprúllaða með sykri, með sultu og rjóma eða einhverveginn öðruvísi? Fylgstu með okkur á [facebook.com/Myllubraud](https://facebook.com/Myllubraud) og segðu okkur hvemig þér finnst best að bera fram og borða pönnukökur.





# Mætum ekki til að reykja vindla og spila á spil

Pavel Ermolinskij lék ekki með KR gegn Njarðvík í fyrsta deildarleik liðsins á tímabilinu vegna meiðsla.

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Pavel Ermolinskij gat ekki leikið með KR gegn Njarðvík í fyrstu umferð Domino's-deildar karla í körfubolta á fimmtudagskvöldið. Það kom þó ekki að sök því Íslandsmeistararnir unnu öruggan sigur, 92-78, þar sem Michael Craion fór á kostum og skoraði 29 stig og tók 18 fráköst.

„Ég sneri mig á æfingu á þriðjudaginn og það var sársaukafullt,“ sagði Pavel þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. „Ég verð eflaust frá í einhvern smá tíma. Ég

er enn á hækjum og get ekki stigið í löppina, en það er ekkert skaddað, held ég. Þetta er bara slæm tognun og um leið og sársaukinn fer verð ég kominn aftur á ferð.“

Eins og áður sagði virtust KR-ingar ekki sakna leikstjórnandans mikið á fimmtudaginn. „Þeir vilja eflaust ekkert fá mig aftur,“ sagði Pavel í léttum dúr og bætti við: „Til þess erum við með breiðan hóp; að þegar einn dettur út kemur annar í hans stað.“

KR er af flestum talið besta lið landsins og það kom lítið á óvart

að Vesturbæjarliðinu skyldi vera spád sigri í árlegri könnun fyrirliða, þjálfara og forráðamanna liðanna í Domino's-deildinni. En þrátt fyrir sterkan mannskap segir Pavel að KR þurfi að vinna fyrir hlutunum.

„Þetta er ekkert auðvelt. Það er einhver misskilningur að við þurfum ekki að hafa fyrir þessu. Við mætum ekki á æfingar til að reykja vindla og spila spil. Við mætum til að hlaupa og sláumst alveg jafn mikið, ef ekki meira, en önnur lið. Þrátt fyrir alla hæfi-

leikana sem eru í okkar liði leggjum við mikið á okkur,“ sagði Pavel sem segir áður nefndan Craion vera hvalreka á fjörur KR, en hann kom til liðsins frá Keflavík.

„Hann skorar rosalega auðveldlega og við munum að sjálfsgöðu nýta okkur það eins vel og við getum. Ef hann er heitur þá reynum við að koma boltanum á hann, en við viljum samt ekki fara of mikið úr okkar leik þar sem við hreyfum boltanum vel og erum óeigingjarnir,“ sagði Pavel að lokum.

- ips



**MEIDDUR** Pavel Ermolinskij sneri sig á æfingu með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

SUNNUDAG  
20:40

Snýr aftur



**HOMELAND**

Tvöfaldur 1. þáttur

365.IS



**GÁFU EKKERT EFTIR** Guðmundur Þórarinnsson pressar hér dönsku leikmennina alveg upp að endalínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Ráðalausir Danir

Hið sóknðjarfa U-21 árs lið Dana hafði nánast skorað að vild í undankeppni EM en átti engin svör við sterkum varnarleik Íslands í Álaborg í gær. Rimma liðanna um laust sæti á EM er galopin eftir markalaust jafntefli.

**Henry Birgir Gunnarsson**  
henry@frettabladid.is

**Daníel Rúnarsson**  
myndir@365.is  
Frá Álaborg



**FÓTBOLTI** „Þvílíkt vinnuframlag hjá liðinu og ég ber enga smá virðingu fyrir því sem strákarnir gerðu í þessum leik,“ segir Sverrir Ingi Ingason, fyrirliði Íslands, en hann var ansi lemstraður eftir leikinn gegn Dönnum í gær.

Sverrir var með bómull í nefinu eftir að hafa fengið blóðnasir og klaka við fót. Ástandið á honum sagði ansi mikið um það sem strákarnir lögðu í leikinn í Álaborg. Þar fórnðu menn öllu og enginn leikmaður svindlaði allan leikinn. Ótrúlegt vinnuframlag, skipulag og vinnsla hjá liðinu.

„Það er ekkert auðvelt að mæta hingað en menn nenntu að hlaupa og leggja mikið á sig í 90 mínútur. Við bárum virðingu fyrir þessu danska liði og vitum að þeir eru góðir með boltann. Þeir skora mikið, sérstaklega á heimavelli, og við vissum að með því að ná góðum úrslitum hér úti sé hægt að gera ýmislegt á heimavelli,“ segir fyrirliðinn en hann var magnaður fyrir miðri vörninni ásamt Brynjarri Gauta Guðjónssyni.

**Átti ekki að vera augnakonfekt**

Leikur íslenska liðsins var vissulega ekkert augnakonfekt. Sterkur varnarleikur og enginn sóknarleikur. Hann átti heldur ekkert að vera augnakonfekt. Menn komu til Álaborgar með það markmið að verja markið og það gerði liðið með stæl. Þeir komu svo úr skotgröfunum í síðari leiknum og varð það afar áhugaverð rimma.

„Mér fannst þeir nánast aldrei

opna okkur í leiknum. Þeir voru með ákveðnar yfirlýsingar um að klára einvígið á heimavelli en við gáfum þeim hörkuleik og vonandi að þeir beri virðingu fyrir okkur er þeir mæta til Íslands. Við sýndum í undankeppninni að við kunnum vel að sækja líka enda skoruðum við í öllum leikjum. Þetta er fyrsti leikurinn þar sem við skorum ekki. Við skoruðum þrjú mörk gegn Frökkum á heimavelli og fyrst við gátum það þá getum við vel skorað gegn Dönnum.“

**Margir áhorfendur fóru snemma**

Það hefur mikið verið látið með þetta ungmennalið Dana og áhorfendur áttu von á markaveislu. Þeir fóru margir snemma heim af vellinum enda hafði danska liðið gefist upp 20 mínútum fyrir leikslök. Þeir voru ráðalausir, vissu ekki hvert þeir áttu að snúa sér og vonandi ná íslensku strákarnir að snúa þá niður eftir helgi.

## Vildi hasar og ég fékk hasar

Brynjar Gauti Guðjónsson var gríðarlega sáttur við leikinn gegn Dönnum í gær.

**FÓTBOLTI** „Ég þurfti aðeins að vinna fyrir kaupinu í dag enda var þetta þvílíkur iðnaðarleikur,“ segir Brynjar Gauti Guðjónsson en hann átti frábæran leik í vörn Íslands gegn Dönnum í Álaborg í gær.

Hann og Sverrir Ingi Ingason stönguðu óteljandi bolta frá íslenska markinu í gær og blaðamaður væri ekki hissa ef þeir hefðu verið með hausverk eftir leikinn.

„Fyrir mig sem varnarmann þá eru þetta skemmtilegustu leikirnir. Maður vill að sjálfsgöðu hafa hasar í þessu og ég fékk þann hasar í dag. Við vorum að spila

við gríðarlega sterkt danskt lið og náðum að halda vel aftur af því. Við erum heldur betur inni í þessu einvígi og það getur allt gerst.“

Það var smá hroki í Dönnum fyrir leikinn og þeir ætluðu sér að klára einvígið í þessum leik.

„Það pumpaði okkur upp að sjá að þeir héldu að það þyrfti ekkert að hafa fyrir hlutunum. Við fórum með það að markmiði í leikinn að berjja aðeins á þeim og ná þeim niður á jörðina. Þetta eru gríðarlega góð úrslit. Við gætum mætt þeim í 20 metrum á sekúndu og snjókomu á heimavelli og þá getur allt gerst.“

- hbg



**ÁNÆGDUR** Brynjar Gauti kom inn í liðið og stóð sig vel. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL





# Sjáðu meira af Ísland-Holland með N1 og KSI

Gerðu „**LANDSLEIKURINN**”  
að vini þínum á Snapchat og  
þú getur kíkt bak við tjöldin í  
undirbúningi landsleiksins  
á móti Hollandi



Hluti af sterkari liðsheild





## SUNNUDAGUR

### Stöð 2 kl. 19.35 Sjálfstætt fólk

Vandaður íslenskur þáttur í umsjá Jóns Ársæls en hann heldur áfram að heimsækja áhugaverða Íslendinga sem hafa sögur að segja.



## Í KVÖLD



### Neyðarlínan

**STÖÐ 2 KL. 20.10** Önnur þáttaröðin með dagskrárgerðarkonunni Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur sem fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínum á ögurstundu. Raunveruleg símtöl viðmælanda þar sem kallað er eftir hjálpi eru spiluð.



### Ástríður

**STÖÐ 2 KL. 19.10** Heilbrigðið innbyrðis samkeppni ríkir á öllum vinnustöðum. Sveini Torfa finnst þó eins og einhver sé í samkeppni við hann um hylli Ástríðar. Er það misskilningur?



### Homeland

**STÖÐ 2 KL. 20.40** Fjórða syrpa þessara mögnuðu spennuþátta þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson, starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar. Líf hennar er alltaf jafn stormasamt og flókið, fæðurlands- svikarar halda áfram að ógna öryggi bandarískra þegna.

### Bylgjan kl. 10.00 Sprengisandur

Þátturinn Sprengisandur verður á sínum stað á dagskrá Bylgjunnar klukkan tíu. Að venju tekur Sigurjón á móti góðum gestum.



# HÆGINDASTÓLAR MIKID ÚRVAL



JAZZ  
hægindastóll



Jazz - hægindastóll. Fæst í koníaksbrúnu, svörtu, dökk brúnu og kremuðu leðri.



EASY  
hægindastóll  
með skemli



Easy - hægindastóll. Fæst í svörtu, dökk brúnu og kremuðu leðri og einnig í svörtu áklæði.



TUCSON hægindastóll  
Ekta leður á slitflötum.  
4 litir.



# DORMA

- býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100

Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 11.20 iCarly
- 11.45 Töfrahetjurnar
- 12.00 Nágrannar
- 13.20 Nágrannar
- 13.45 Stelpurnar
- 14.15 Meistaramánuður
- 14.40 Heilsugengið
- 15.05 Veep
- 15.35 Louis Theroux. Extreme Love
- 16.40 60 mínútur
- 17.30 Eyjan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Sportpakinn
- 19.10 Ástríður
- 19.35 Sjálfstætt fólk
- 20.10 Neyðarlínan
- 20.40 Homeland (1/12)
- 21.30 Homeland (2/12)
- 22.20 The Knick Glæný þáttaröð með Clive Owen í aðalhlutverki. Hún fjallar um lækna og hjúkrunarkonur á Knickerbocker-sjúkrahúsinu í New York í upphafi tuttugustu aldar. Á þeim tíma voru læknavísindin ekki langt á veg komin og dánartíðnin í aðgerðum var há. Skurðlæknirinn John W. Thackery er bráðsnjall og metnaðarfullur en hann er háður eiturfjum og fíknin getur haft áhrif á hæfni hans.
- 23.05 The Killing
- 23.50 60 mínútur
- 00.40 Eyjan
- 01.30 Daily Show. Global Edition
- 01.55 Suits
- 02.40 Legends
- 03.25 Boardwalk Empire
- 04.15 Killing Them Softly
- 05.50 Fréttir

## SPORT

- 06.25 Lettland - Ísland
- 08.10 Fuchse Berlin - Kiel
- 09.30 Moto GP - Japan
- 10.30 Formúla 1 - Rússland BEINT
- 13.30 NBA. David Stern. 30 Years
- 14.10 Pólland - Þýskaland
- 15.50 Austurríki - Svartfjallaland BEINT
- 17.50 Evrópuvæðingarmörkin
- 18.40 Lúxemborg - Spánn BEINT
- 20.45 Rússland - Moldóva
- 22.25 Austurríki - Svartfjallaland
- 00.05 Lúxemborg - Spánn

## SPORT 2

- 10.15 Sunderland - Stoke
- 12.00 Skotland - Georgía
- 13.40 Norður-Írland - Færeyjar
- 15.20 Football League Show
- 15.50 Eistland - England BEINT
- 17.55 Wales - Bosnía-Hersegóvina
- 19.35 Chelsea - Arsenal
- 21.15 Eistland - England
- 22.55 Swansea - Newcastle

## INN

- 14.00 Frumkvöðlar
- 14.30 Panorama
- 15.00 Fyrirtækaheimsókir
- 15.30 Stormað
- 16.00 Hrafnáping
- 17.00 433
- 17.30 Gönguferðir
- 18.00 Björn Bjarnason
- 18.30 Tölvur og tækni
- 19.00 ABC barnahjálpi
- 19.30 Frá Haga í maga
- 20.00 Hrafnáping á Vestfjörðum
- 21.00 Auðlindakistan
- 21.30 Suðurnesjamagasin
- 22.00 Hrafnáping
- 23.00 Kling Klang
- 23.30 Eldhús meistaranna

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

## STÖÐ 3

- 06.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó
- 15.40 The Carrie Diaries
- 16.20 World Strictest Parents
- 17.20 Friends With Benefits
- 17.45 Silicon Valley
- 18.10 Guys With Kids
- 18.35 Last Man Standing
- 19.00 Man vs. Wild
- 19.45 Bob's Burgers
- 20.10 American Dad
- 20.35 The Cleveland Show
- 21.00 Eastbound and Down 4
- 21.30 The League
- 21.55 Almost Human
- 22.40 Graceland
- 23.20 The Vampire Diaries
- 00.00 Man vs. Wild
- 00.45 Bob's Burgers
- 01.10 American Dad
- 01.35 The Cleveland Show
- 02.00 Eastbound and Down 4
- 02.25 The League
- 02.50 Almost Human
- 03.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

- 07.00 Ævintýri Tinna
- 07.25 Latibær
- 07.47 Hvellur keppnisbill
- 08.00 Dóra könnuður
- 08.24 Mörgæsinar
- 08.45 Dóddi litli og Eyrnastór
- 08.55 Rasmus Klumpur
- 09.00 Áfram Diego, áfram!
- 09.24 Svampur Sveinsson
- 09.45 Elías
- 09.55 UKI
- 10.00 Ofurhundurinn Krypto
- 10.22 Skógardýrið Húgó
- 10.44 Hello Kitty
- 10.56 Tommi og Jenni
- 11.00 Ævintýri Tinna
- 11.25 Latibær
- 11.47 Hvellur keppnisbill
- 12.00 Dóra könnuður
- 12.24 Mörgæsinar
- 12.45 Dóddi litli
- 12.55 Rasmus Klumpur
- 13.00 Áfram Diego, áfram!
- 13.24 Svampur Sveinsson
- 13.45 Elías
- 13.55 UKI
- 14.00 Ofurhundurinn Krypto
- 14.22 Skógardýrið Húgó
- 14.44 Hello Kitty
- 14.56 Tommi og Jenni
- 15.00 Ævintýri Tinna
- 15.25 Latibær
- 15.47 Hvellur keppnisbill
- 16.00 Dóra könnuður
- 16.24 Mörgæsinar
- 16.45 Dóddi
- 16.55 Rasmus Klumpur
- 17.00 Áfram Diego, áfram!
- 17.24 Svampur Sveinsson
- 17.45 Elías
- 17.55 UKI
- 18.00 Ofurhundurinn Krypto
- 18.22 Skógardýrið Húgó
- 18.44 Hello Kitty
- 18.56 Tommi og Jenni
- 19.00 Gnómeó og Júlía
- 20.25 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

- 17.25 Strákarnir
- 17.50 Frasier
- 18.10 Friends
- 18.35 Modern Family
- 19.00 Two and a Half Men
- 19.25 Viltu vinna milljón?
- 20.15 Suits
- 21.00 The Mentalist
- 21.40 Crossing Lines
- 22.30 Shameless
- 23.25 Sisters
- 00.15 Hunted
- 01.15 Viltu vinna milljón?
- 02.05 Suits
- 02.50 The Mentalist
- 03.30 Crossing Lines
- 04.15 Shameless
- 05.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

- 08.00 Jane Eyre
- 10.00 Rumor Has It
- 11.35 Everything Must Go
- 13.15 Tower Heist
- 15.00 Jane Eyre
- 17.00 Rumor Has It
- 18.35 Everything Must Go
- 20.15 Tower Heist
- 22.00 Green Hornet
- 00.00 Five Star Day
- 01.35 Red Dawn
- 03.10 Green Hornet

## RÚV

- 07.00 Morgunstundin okkar
- 10.06 Undraveröld Gúnda
- 10.20 Ari Eldjárn
- 10.45 Hraðfréttir
- 11.05 Nautnir norðursins
- 11.35 Djöflaeyjan
- 12.05 Villta Arabía
- 12.55 Martin Clunes. Hestöflin tamin
- 13.40 Vísindahorn Ævars
- 13.50 Fisk í dag
- 14.00 Jiro dreymir um sushi
- 15.20 Góðmenni fara til heljar.
- 16.45 Attenborough. Furðudýr í náttúrunni - Giraffar og eðlur
- 17.10 Tákn málsfréttir
- 17.20 Stella og Steinn
- 17.32 Sebbi
- 17.44 Ævintýri Berta og Árna
- 17.49 Hróðurinn Hreinn
- 17.56 Skrípin
- 18.00 Stundin okkar
- 18.25 Bókaspjall. Tom Rob Smith
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.40 Landinn
- 20.10 Vesturfarar
- 20.55 Hraunið Æsispennandi íslensk sjónvarpsseríu og sjálfstætt framhald þáttaraðarinnar Hamarsins. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 21.45 Ást Hjartnæm og áhrifamikil frönsk Óskarsverðlaunamynd frá 2012 um djúpa vináttu fullorðinna hjóna og breytingarnar sem verða á lífi þeirra beggja þegar eiginkonan fær heilablæðingu.
- 23.55 Afturgöngurnar
- 00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 11.25 The Talk
- 12.05 The Talk
- 12.45 Dr.Phil
- 13.25 Dr.Phil
- 14.05 Survivor
- 14.50 Kitchen Nightmares
- 15.35 Growing Up Fisher
- 16.00 The Royal Family
- 16.25 Welcome to Sweden
- 16.50 Parenthood
- 17.35 Remedy
- 18.20 Reckless
- 19.05 Minute To Win It
- 20.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course
- 20.30 Red Band Society - NÝTT Allir ungu sjúklingarnir í Red Band Society hafa sögu að segja og persónuleg vanda- máll að yfirstíga. Vandaðir og hugljúfir þættir fyrir alla fjölskylduna.
- 21.15 Law & Order. SVU
- 22.00 Fargo
- 22.50 Hannibal
- 23.35 Ray Donovan
- 00.25 Scandal
- 01.10 The Tonight Show
- 01.55 Fargo
- 02.45 Hannibal
- 03.30 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014
- 11.00 Golfing World 2014
- 11.50 European Tour 2014
- 16.50 Golfing World 2014
- 17.40 LPGA Tour 2014
- 20.35 Inside The PGA Tour 2014
- 21.00 PGA Tour 2014

- FM 95,7 FM957
- FM 97,7 X-ið
- FM 97,9 Bylgjan
- FM 100,5 K100
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 102,9 Lindin
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga



FRÆLGAMAN

# KEMST ÉG Á LOFTBELG Í ENGJASELIÐ?



## NÚ KOSTAR MINNA AÐ VITA MEIRA

1819 er ný upplýsingaveita sem veitir svör á hagkvæmari hátt en áður hefur þekkst. Hringdu núna – 1819 veitir alltaf svar.



S: 1819 | 1819.IS



## LAUGARDAGUR

### Ashton Kutcher

Ég trúi ekki á gömlu klisjuna um að góðir hlutir gerist hægt. Ég trúi því hins vegar að góðu hlutirnir gerist hjá þeim sem þrá þá svo heitt að þeir geta ekki setið kyrrir.

Leikarinn Ashton Kutcher fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni *Jobs*, sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld kl. 20.30.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

### VALDIMAR VÍÐISSON, SKÓLASTJÓRI ÖLDUTÚNSSKÓLA

**Hefur séð allar Survivor-seríurnar** Ég horfi mikið á sjónvarp. Finnst fátt betra en að fylgjast með góðri sjónvarpsseríu, vandaðri heimildarmynd, áhugaverðum fréttaskýringum og sökkva mér ofan í góða eða slæma bíómynd. Ég reyndar var einn af þeim fáu sem kláruðu allar seríurnar í *Lost* og ég hef séð allar 28 seríurnar af *Survivor*.



**1 Modern Family.** Algjörlega æðislegur þættir. Þessir þættir og *Klovn* komast næst *Friends*. Get horft á þessa þætti aftur og aftur. Auðvelt að tengja við persónurnar í þessum þáttum. Svona venjulegt fólk.



**2 The X Factor UK.** Frábærir raunveruleikaþættir. Spannandi og skemmtilegir. Æðislegir dómamar en konan mín segir að ég horfi bara á þá út af því að Mel B og Cheryl Cole eru dómamar en það er ekki bara út af því.



**3 Walking Dead.** Sjötta serían er að fara að byrja. Þættir sem hafa haldið dampi allan tímann. Virkilega spennandi og hrollvekjandi þættir.

## FM 957 kl. 16.00 Íslenski listinn

Ósk Gunnarsdóttir færir þér Íslenska listann. Þar færðu að heyrna 20 vinsælustu lög landsins, lög líkleg til vinsælda, lög sem voru á toppnum fyrir tíu árum og fleira skemmtilegt.



# Lýfið

STÓRSKEMMTILEGT drullumall FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA SÝNT Í TJARNARBÍÓ

Frumsýning!

Lau. 18. okt kl. 14.00  
 Sun. 19. okt. kl. 14.00  
 Sun. 26. okt. kl. 13.00  
 Sun. 2. nóv kl. 13.00  
 Lau. 8. nóv. kl. 14.00  
 Sun. 9. nóv kl. 13.00

Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITID SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN  
 LEIKARAR SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR OG SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON  
 LISTRÆNIR STJÓRNENDUR CHARLOTTE BØVING OG HELGA ARNALDS

MIÐSALA Á MIDT.IS OG Í TJARNARBÍÓ

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnaefni Stöðvar 2
- 07.01 Strumparnir
- 07.25 Waybuloo
- 07.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 08.00 Algjör Sveppi
- 08.15 Skógardýrið Húgó
- 08.40 Kai Lan
- 09.05 Svampur Sveinsson
- 09.30 Lína langsokkur
- 10.20 Tommi og Jenni
- 10.40 Kalli kanína og félagar
- 11.10 Batman.
- 11.35 Big Time Rush
- 12.00 Bold and the Beautiful
- 13.40 Neyðarlínan
- 14.05 Logi
- 14.55 Sjálfstætt fólk
- 15.35 Heimsókn
- 16.00 Gulli byggir
- 16.35 ET Weekend
- 17.25 Íslenski listinn
- 17.55 Sjáðu
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Sportpakkinn
- 19.10 Mið-Ísland
- 19.35 Lottó
- 19.40 The Big Bang Theory
- 20.05 Stelpurnar
- 20.30 Jobs Hér er sögð saga Steve Jobs stofnanda Apple tölvu- og hugbúnaðarrisans.
- 22.35 We're the Millers
- 00.25 The Campaign
- 01.50 Arbitrage
- 03.35 The Mechanic
- 05.05 Safe House

## SPORT

- 07.00 Leiðin til Frakklands
- 07.55 Formula 1 - Æfing 3 BEINT
- 09.00 Lettland - Ísland
- 10.50 Formula 1 - Tímataka BEINT
- 12.30 Leiðin til Frakklands
- 13.35 Þýsku mörkin
- 14.05 Fuchse Berlin - Kiel BEINT
- 15.50 Írland - Gíbraltar BEINT
- 18.05 Meistaradeild Evrópu
- 18.35 Pólland - Þýskaland BEINT
- 20.45 UFC Now 2014
- 21.30 Armenía - Serbía
- 23.10 Albanía - Danmörk
- 00.50 Holland - Kasakstan
- 05.00 Moto GP - Japan BEINT

## SPORT 2

- 07.25 Wales - Bosnía-Hersegóvína
- 09.05 West Ham - QPR
- 10.45 Aston Villa - Man. City
- 12.25 Liverpool - WBA
- 14.10 Wales - Bosnía-Hersegóvína
- 15.50 Skotland - Georgía BEINT
- 18.05 Premier League World 2014
- 18.35 Norður-Írland - Færeyjar BEINT
- 20.40 Skotland - Georgía
- 22.20 Norður-Írland - Færeyjar
- 00.00 Man. Utd. - Everton

## INN

- 17.00 Kling Klang 17.30 Eldhús meistaranna
- 18.00 Hrafnabing 19.00 Kling Klang 19.30 Eldhús meistaranna
- 20.00 Hrafnabing 21.00 433
- 21.30 Góngerferðir 22.00 Björn Bjarnason 22.30 Tölvur og tækni
- 23.00 ABC barnahjálpi 23.30 Frá Haga í maga
- 00.00 Hrafnabing á Vestfjörðum

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

## STÖÐ 3

- 15.30 How to Live With Your Parents for the Rest of Your Life
- 15.50 Baby Daddy
- 16.15 Total Wipeout UK
- 17.20 One Born Every Minute
- 18.10 American Dad
- 18.35 The Cleveland Show
- 19.00 X-factor UK
- 21.20 Raising Hope
- 21.45 Ground Floor
- 22.55 Revolution
- 23.40 Strike back
- 00.30 Eastbound and Down 4
- 01.00 The League
- 01.20 Almost Human
- 02.05 X-factor UK
- 04.25 Raising Hope
- 04.50 Ground Floor
- 06.00 Revolution

## Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveinsson
- 07.45 Elías 07.55 UKI 08.00 Ofurhundurinn Krypto
- 08.22 Skógardýrið Húgó 08.44 Hello Kitty 08.56 Tommi og Jenni
- 09.00 Ævintýri Tinna 09.25 Latibær
- 09.47 Hvellur keppnisbíll 10.00 Dóra könnuður
- 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 10.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson
- 11.45 Elías 11.55 UKI 12.00 Ofurhundurinn Krypto
- 12.22 Skógardýrið Húgó 12.44 Hello Kitty 12.56 Tommi og Jenni
- 13.00 Ævintýri Tinna 13.25 Latibær 13.47 Hvellur keppnisbíll
- 14.00 Dóra könnuður 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 14.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 14.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson
- 15.45 Elías 15.55 UKI 16.00 Ofurhundurinn Krypto
- 16.22 Skógardýrið Húgó 16.44 Hello Kitty 16.56 Tommi og Jenni
- 17.00 Ævintýri Tinna 17.25 Latibær
- Frábær þáttur um Íþróttálfinn, Sölu stíru, Nenna níska Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ. 17.47 Hvellur keppnisbíll
- 18.00 Dóra könnuður 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 18.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 18.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 19.00 Surf's Up 20.25 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

- 19.25 Strákarnir
- 19.50 Frasier
- 20.10 Friends
- 20.35 Modern Family
- 21.00 The Mentalist
- 21.40 Two and a Half Men
- 22.05 Without a Trace
- 22.50 Life's Too Short
- 23.20 Fringe
- 00.05 Shameless
- 00.55 Without a Trace
- 01.40 The Mentalist
- 02.20 Suits
- 03.05 Life's Too Short
- 03.35 Crossing Lines
- 04.25 Fringe
- 05.10 Shameless
- 05.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

## BÍÓSTÖÐIN

- 07.55 Pay It Forward
- 09.55 I Am
- 11.15 Pitch Perfect
- 13.10 Darling Companion
- 14.55 Pay It Forward
- 17.00 I Am
- 18.20 Pitch Perfec
- 20.15 Darling Companion
- 22.00 Captain Phillips
- 00.15 Rampart
- 02.00 Captain Phillips

## RÚV

- 07.00 Morgunstundin okkar
- 07.01 Smælki
- 07.04 Kalli og Lóla
- 07.15 Tilly og vinir
- 07.26 Kioka
- 07.33 Pósturinn Páll
- 07.48 Ólívía
- 07.59 Snillingarnir
- 08.21 Hvolpasveitinn
- 08.44 Úmsúmi
- 09.08 Kosmó
- 09.21 Loppulúði, hvar ertu?
- 09.34 Kaftinn Karl
- 09.49 Hróturinn Hreinn
- 09.56 Skrekkur íkorni
- 10.20 Attenborough. Furðudýr í náttúrunni - Hrukkudýr og æskuljómí.
- 10.45 Útvarp
- 11.50 Landinn
- 12.20 Vesturfarar
- 13.00 Viðtalið
- 13.20 Kiljan
- 14.05 Fórnin til dýrðar tónlistinni
- 15.10 Alheimurinn
- 15.55 Fjársjóður framfíðar II
- 16.25 Ástin grípur unglinginn
- 17.10 Táknafréttir
- 17.20 Violetta
- 18.05 Vasaljós
- 18.30 Hraðfréttir
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.40 Ari Eldjárn
- 20.10 Vegir ástarinnar Rómantísk gamanmynd um þar sem hittist eftir margra ára aðskilnað. Aðalhlutverk. John Cusack, Kate Beckinsale og Jeremy Piven.
- 21.40 Vaktarlök
- 23.25 Svallveislan
- 00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 11.35 The Talk
- 12.15 The Talk
- 12.55 The Talk
- 13.35 Dr. Phil
- 14.15 Dr. Phil
- 14.55 Dr. Phil
- 15.35 Top Gear Special. James May's Cars of the People
- 16.25 The Voice
- 17.55 Extant
- 18.40 The Biggest Loser
- 19.25 The Biggest Loser
- 20.10 Eureka
- 20.55 NYC 22
- 21.40 A Gifted Man
- 22.25 Vegas
- 23.10 Dexter
- 00.00 Unforgettable
- 00.45 Flashpoint
- 01.30 The Tonight Show
- 02.10 The Tonight Show
- 02.50 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014 11.00 Inside the PGA Tour 2014
- 11.25 Golfing World 2014
- 12.15 European Tour 2014 15.15 PGA Tour 2014
- 18.55 2014 Players Championship Official
- 19.45 Inside the PGA Tour 2014 20.10 Golfing World 2014 21.00 PGA Tour 2014

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan

- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin



## NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM



MILANO leðursófasett  
3ja sæta - Verð: 199.900,-  
Stóll - Verð: 99.900,-



MODESTO leðurhornsófi  
tærð: 300X210cm  
Verð: 398.000,-



PISA tungusófi  
Stærð: 249x157cm  
Verð: 177.000,-



AVALON tungusófi  
Stærð: 318X165cm  
Verð: 255.000,-



DAKOTA leðurtungusófi  
Stærð: 277X168cm  
Verð: 338.000,-



FOREX tungusófi  
Stærð: 270X165cm  
Verð: 209.000,-



ADRIANA -  
stækkanlegt hnotuborð  
Stærð: 180(240)x100  
Verð: 158.000,-



MORRIS stóll  
Verð: 19.900,-



CHESTER stóll  
Verð: 19.900,-




ARLO stóll  
Tilboðsverð: 13.520,-

-20%  
Verð áður: 16.900,-



## TRÓÐU UPP Í LA

Hljómsveitin GusGus tróð upp í Roxy Theatre í Los Angeles á fimmtudagskvöld. Fjöldi Íslendinga var á tónleikunum, en meðal gesta voru Sigurjón Sighvatsson kvikmyndagerðarmaður, Elli Egilsson í Steed Lord og eiginkona hans Svala Björgvinsdóttir söngkona.



Svala birti mynd frá tónleikunum á Instagram-síðu sinni, en þar sást hún ásamt aðal-söngvaranum Daníel Agústi. Skemmtu tónleikagestir sér konunglega og var dansað fram á rauðanótt.

- asi

„Ég vil byggja upp mitt eigið veldi, á mínu svæði. Ég hef alltaf séð karlmenn gera það, allt frá P. Diddy til Dr. Dre. En nú er röðin komin að konunum.“

NICKY MINAJ UM STÖÐU SÍNA INNAN TÓNLISTARHEIMSINS Í VIÐTALI VIÐ ÍTALSKA VOGUE.



## TALAÐI UM ÖMMU

Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, flutti erindi á afmælisráðstefnu Verkakvanna-félagsins Framsóknar í gær, föstudag. Þar talaði hún um ömmu sína, Jóhönnu Egilsdóttur. „Ég er þakklát að fá tækifæri til að flytja erindi um ömmu mína, Jóhönnu Egilsdóttur, sem var í stjórn Verkakvanna-félagsins Framsóknar í 39 ár. Þar af 27 ár sem formaður,“ skrifaði Jóhanna á Facebook-síðu sína fyrir ráðstefnuna. Amma Jóhönnu var mikil baráttukona og frumkvöðull í verkalyðsbaráttunni á miðri síðustu öld.



## EMMSJÉ GAUTI FALDI PLÖTUR

Tónlistarmaðurinn Gauti Peyr Másson, sem er betur þekktur sem rapparinn Emmsjé Gauti, stóð fyrir nýstárlegum gjörningi í gær í tilefni af góðum viðtökum á laginu 24 sem kom út sem smáskífa á dögnum. Ákvað hann að gefa 50 eintök af plötu sinni Peyr en plöturnar faldi hann víðs vegar um borgina. Sendi hann síðan skilaboð til aðdáenda sinna um hvar þær mætti finna í gegnum snjallsímaforritið Snapchat. - hó



# Gerir myndbönd fyrir New York-ballettinn

Rebekka Bryndís Björnsdóttir hefur haft nóg á sinni könnu undanfarið.

„Ég er rosalega ánægð með þetta, það er eiginlega algjör draumur að vera komin hingað,“ segir Rebekka Bryndís Björnsdóttir, framleiðandi og tónlistarkona, en hún vinnur nú í New York-ballettinum við að framleiða myndbönd. „Ég framleiði öll myndbönd fyrir ballettinn, svo sem heimildarmyndir, kynningarmyndbönd, stiklur, auglýsingar og lítil vídeó sem þau setja á síðuna,“ segir Rebekka sem flutti til New York fyrir einu og hálfu ári. Þegar þetta er ritað hefur hún starfað í tvær vikur fyrir ballettinn og tekið upp myndbönd af dönsurum fyrir fjölmiðla og heimasíðu ballettsins. „Maður er bara að komast inn í ferlið og kynnast öllum,“ segir hún.

Rebekka segist hestánægð með að vinna á hinu fræga Lincolntorgi, þar sem ballettinn, óperan og símfóníuhljómsveit borgarinnar starfa. „Það er rosalega gaman að fara þangað á hverjum degi og vera í þessu umhverfi. Ég hef alltaf haft áhuga á dansi þannig að það er rosalega skemmtilegt að vera í kringum ballett á hverjum degi og geta horft á heimsklassadansara. Þetta er mjög inspirerandi umhverfi.“

Rebekka hefur haft nóg á sinni könnu undanfarið en hún hefur einnig verið að framleiða tónlistarmyndbönd fyrir ýmsa heimsfræga tónlistarmenn, svo sem M83, Washed Out og Liars en myndbandið fyrir lagið Amor Fati með Washed Out var tekið upp hér á



HRESS Á LINCOLN-TORGINU Rebekka Bryndís Björnsdóttir flutti til New York fyrir einu og hálfu ári.

Íslandi. Rebekka hefur unnið þessi myndbönd með kærasta sínum, Yoonha Park, sem er leikstjóri. Þá hefur hún unnið meirihluta þessa árs við kvikmyndina The Nest sem framleidd er af grínistunum Tinu Fey og Amy Poehler. Hún fjallar um tvær systur sem halda hús-kveðjupartí á heimili sínu, sem foreldrarinn ætla að selja. Myndin er nú í eftirvinnslu og kemur út seint á næsta ári.

Rebekka hefur verið í pásu frá hljómsveitinni Hjaltalín þar sem hún spilaði á fagott. „Það er búið að vera svo ótrúlega mikið að gera að maður er ekkert mikið að vinna í tónlist, fyrir utan nokkur djammessjón með fólki sem ég hef kynnst hérna.“

Annars er ég hestánægð með að vera flutt hingað og að hafa látið reyna á þetta.“

- þij

## Búllan sterk í London

Er einn heitasti hamborgarastaðurinn og keppir nú um besta borgarann í bænum.

Búllan í Lundúnum eða Tommi's Burger Joint er einn heitasti hamborgarastaður borgarinnar. Nú standa yfir kosningar á síðunni [www.thecityawards.com](http://www.thecityawards.com) til að velja besta hamborgarann í Lundúnum. Þegar þetta er ritað er Búllan í öðru sæti og fylgir fast á hæla veitingahússins Patty & Bun. Fyrsta Búllan var opnuð í Lundúnum sumarið 2012 í litlu húsi sem stóð til að rífa í Marylebone-hverfi. „Það var ágætis staðsetning til að prófa þessa hugmynd og sjá hvort Búllan ætti erindi við Lundúnabúa,“ segir Sigurður Gunnlaugsson, yfirkokkur á Búllunni.

„Þegar við opnuðum gekk mikið hamborgarafár yfir London og svo virtist á tímabili að annar hver maður væri hamborgarabloggari. Það hjálpaði okkur helling því við fengum fullt af ókeypis umfjöllun fyrir vikið. Í framhaldi af því og nokkrum mjög jákvæðum umfjöllunum í nokkrum stærstu fríblöðunum, sem dreift er á öllum lestarstöðvum, varð fljótt mjög mikið að gera hjá okkur.“

Í mars á þessu ári var síðan opnuð önnur Búlla á King's Road í Chelsea-hverfi. „Við erum jafnt og þétt að stimpla okkur inn í það



GÓMSÆTT Siggí gæðir sér á eigin sköpunarverki.

hverfi með stöðugri aukningu og fleiri fastakúnnum, ekki síst eftir að dagblaðið The Independent valdi okkur sem bestu borgarana í Lundúnum í lok sumars.“

Þegar blaðamann Vísis bar að garði í Lundúnum í síðasta mánuði var Búllan með bás á Meatopia, stórrí matarhátíð í borginni. Búllubásinn var sá vinsælasti á hátíðinni en röðin virtist ekki ætla enda að taka. Þá fuku út 600 hamborgarar á met tíma.

Að sögn Siggá og nokkurra hamborgarasveina Búllunnar

hafa ýmsir gestir heiðrað staðinn með nærveru sinni. „Við sjáum stundum fréttir af því að heimilann að David Beckham sé reglulegur gestur á Búllunni. Ég veit ekki hversu mikið áhrif það hefur haft á gestafjöldann okkar en hins vegar birtist grein í Evening Standard, einu stærsta fríblaði í London, um að Brooklyn Beckham sonur hans væri fastagestur hjá okkur. Hver veit nema það fyllist allt af átján ára stelpum hjá okkur í framhaldi af því.“

thorduringi@frettabladid.is

haust-  
línan

Hose Doctor

Loftljós  
kr. 24.900

SMILE - 3ja sæta 217 cm | kr. 187.200

nú púðasending

Vintage Velvet  
púðar kr. 8.600GINA  
Stóll  
kr. 19.900

FINN - Skenkur 160 cm | kr. 153.700

Flinga  
Hilla  
kr. 16.900Dione  
Armstóll  
kr. 99.900

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



**20%**

**AFMÆLISAFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM VÖRUM  
FRÁ HABITAT**

**FRÍIR  
KAFFIDRYKKIR  
OG KRUÐERÍ  
Í BØÐI  
POP-UP KAFFIHÚSS  
FRÁ KAFFITÁRI**

**30%**

**AF ÖLLUM SÓFUM  
FRÁ HABITAT  
AÐEINS  
ÞESSA HELGI!**

**BLÖÐRUFÓLKID  
MÆTIR Á  
STAÐINN!**

**KYNNING Á  
SÆLKERAVÖRUM  
FRÁ  
NICHOLAS VAHÉ**

**NÝI  
HABITAT  
VÖRULISTINN  
ER KOMINN Á  
HABITAT.IS**



**habitat**



HABITAT | Kaupþúni | Sími 564 4400  
Opð mánudaga til laugardaga kl. 11-18  
og sunnudaga kl. 13-18

FRAMÚRSKARANDI  
Í FIMMTIU ÁR





## NÆRMYND



### Guðfinna Jónhanna Guðmundsdóttir

**borgarfulltrúi Framsóknar-  
flokksins**

**ALDUR:** 45 ára


**MAKI:** Svanur Guðmundsson

**BÖRN:** Theódór Gaukur Kristjánsson

Guðfinna Jónhanna er annar tveggja fulltrúa Framsóknarflokksins og flugvallarvina sem tóku sæti í borgarstjórn eftir kosningar í vor. Hún fékk héraðsdómslögmannsréttindi 2001 og hefur verið eigandi Fasteignamála lögmansstofu frá 2002.

Guðfinna er skemmtileg og klár. Ég hef engan séð eins fljótan að læra og hana, nema kannski barnabarnið okkar. Hún er fljót að finna lausnir og leysa hvers kyns vanda. Við kynntumst 2005 og síðan hefur hún verið besti vinur minn. Við búum saman og vinnum saman því

við erum með skrifstofur á sama stað. Einu skiptin sem við erum ekki saman er þegar hún er að störfum í borgarstjórn og ég fer í veiðitúra.



**Svanur Guðmundsson, eiginmaður**

Hún er æðisleg amma og yndisleg manneskja, rosalega ákveðin og dugleg við allt sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún fylgir hlutunum líka mjög vel eftir. Hún á það til að vera fljótfer, sérstaklega þegar hún reiðist, og láta þá orð falla sem betur hefðu verið ósögð. Kosturinn er sá að hún á mjög auðvelt með að biðjast afsökunar. Annars er hún alltaf afskaplega ljúf í viðmóti og vingjarnleg. Þannig kom hún mér líka fyrir sjónir þegar ég kynntist henni aðeins 18 ára gömul.

**Edda Garðarsdóttir, tengdadóttir**



Guðfinna er með hjarta úr gulli, hún er eldklár, aðsópsmikil og þjarkur til vinnu. Það er alltaf auðvelt að hlæja með henni og hún sér björtu hliðarnar á tilverunni. Gallar hennar endurspeglast í mann-kostum hennar.



**Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, vinkona og samstarfskona í borgarstjórn**

## SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN  
AÐGANG AÐ  
TÓNLISTINNI  
Í ÖLLUM  
HERBERGJUM



**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTEKJAVERSLUN • SIJUNULA 2 • Sími 568 9090 • WWW.SM.IS



# VIÐ EIGUM AFMÆLI

Komdu við um helgina og taktu þátt í afmælisleik. iPhone 6 frá epli.is og fjöldi annarra skemmtilegra vinninga.

 **SMÁRALIND**  
Góða skemmtun